
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reynsla og viðhorf flóttamanna á Íslandi

Unnið fyrir Flóttamannaráð Íslands

2005

Kristín Esla Harðardóttir

Heiður Hrunn Jónsdóttir

Friðrik H. Jónsson

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	3
I. PUNKTAR ÚR RANNSÓKN	5
II. INNGANGUR	6
1. Markmið rannsóknar	7
2. Uppbygging skýrslunnar	8
III. ÞÆTTIR ÚR NIÐURSTÖÐUM ÚR SKÝRSLU 1	9
1. Forsaga flóttamanna	9
2. Búseta flóttamanna	9
3. Flóttamenn og fjölskyldur þeirra.....	9
4. Skólaganga 13 til 18 ára flóttamanna.....	9
5. Tungumálakunnátta flóttamanna.....	9
6. Þátttaka flóttamanna í félagsstarfi	10
7. Nýting flóttamanna á ýmiskonar þjónustu	10
8. Atvinna flóttamanna	10
9. Traust sem flóttamenn bera til fólks og stofnana	11
10. Lífsgæði flóttamanna.....	11
IV. ÞÆTTIR ÚR NIÐURSTÖÐUM ÚR SKÝRSLU 2	12
1. Þátttakendur frá Kosovo.....	12
1.1 Líf flóttamanna fyrir komu hingað.....	12
1.2. Reynsla flóttamanna við að koma hingað til lands	12
1.3. Tengslanet flóttamanna	12
1.4. Íslenskukennsla	12
1.5. Aðstaða flóttamanna í dag.....	12
2. Þátttakendur frá Króatíu	13
2.1 Líf flóttamanna fyrir komu hingað.....	13
2.2. Reynsla flóttamanna við að koma hingað til lands	13
2.3. Tengslanet flóttamanna	13
2.4. Íslenskukennsla og nám	13
2.5 Aðstaða flóttamanna í dag.....	13
3. Þátttakendur frá Víetnam	14
3.1 Líf flóttamanna fyrir komu hingað.....	14
3.2 Reynsla flóttamanna við að koma hingað til lands	14
3.3 Tengslanet flóttamanna	14
3.4 Íslenskukennsla	14
3.5. Aðstaða flóttamanna í dag.....	14
SKÝRSLA 1	15
SKÝRSLA 2	75
VIÐAUKI 1	111
VIÐAUKI 2	133

I. Punktar úr rannsókn

Hér verða dregnir fram mikilvægir punktar úr niðurstöðum rannsóknar. Um er að ræða punkta sem snerta það sem hefur tekist vel í móttöku flóttamanna hér á landi og þau atriði sem er ábótavant, en slíkir punktar gætu hjálpað til við aðlögun þessa hópa að íslensku samfélagi.

Þó að þátttakendur í rannsókn þessari eigi sér ólíka forsögu, þar sem þau koma frá ólíkum löndum og yfir nokkurra ára tímabil, þá er stór hluti af þessu fólki sem lítur á Ísland sem sitt heimaland eða um 60% svarenda. Meirihluti þátttakenda fannst gott að búa á Íslandi þegar á heildina er litið eða um 83%, þó að margir af þeim flóttamönnum sem komu hafi flust frá móttökusveitafélagi til höfuðborgar. Allir þátttakendur voru mjög sáttir við það húsnæði sem þau fengu í upphafi og við þá aðstoð sem þeim stóð til boða. Þó ber að taka það fram að innan þeirrar aðstoðar voru ákveðnir þættir sem betur máttu fara. Mikið var rætt um íslenskukennslu þessara hópa, en allir voru sammála um að undirstaða þess að þau myndu ná tókum á íslensku væru að kennarar sem kæmu að kennslu hefðu undirstöðuþekkingu í þeirra eigin tungumáli.

Töluverður munur virðist vera á þeim störfum sem flóttamenn unnu áður en þeir komu hingað til lands og því sem þeir starfa við í dag. Einnig kom fram að margir eru í störfum þar sem menntun þeirra er ekki metin og að oft væru þeir smeykir við að reyna að fá menntun sína metna. Þetta er þáttur sem vert er að staldra við og skoða. Spurning er hvort ekki væri hægt að nýta þá aðstoð sem flóttamenn fá á fyrsta ári sínu hér á landi til meta hvaða starfsreynslu og menntun fólkið hefur og í tengslum við slíkt mat reyna að veita þeim starfsþjálfun í samræmi við það. Slíkt gæti veitt þeim aukin lífsgæði þegar til lengri tíma er litið. En í dag er stór hluti þessa flóttafólks að vinna við ófaglærð störf.

II. Inngangur

Hér á eftir er að finna niðurstöður könnunar Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands á reynslu og viðhorfum fólks sem komið hefur hingað til lands í skipulögðum hópum sem flóttamenn. Könnunin var gerð að beiðni og í samvinnu við Flóttamannaráð Íslands. Þegar könnun var framkvæmd hafði Ríkisstjórn Íslands veitt 420 einstaklingum landvistarleyfi sem flóttamenn hér á landi. Þeir flóttamenn sem valdir hafa verið til að koma hingað til lands hafa komið í 15 hópum frá 6 löndum á 47 ára tímabili (sjá töflu I.1.)¹.

Tafla I.1. Fjöldi flóttamanna²

<i>Flóttaland</i>	<i>Ár</i>	<i>Fjöldi flóttamann sem komu</i>	<i>Fjöldi flóttamanna í dag</i>	<i>Fjöldi Hópa</i>
Ungverjaland	1956	52	14	1
Fyrrum Júgóslavía	1959	32	4	1
Vietnam (S)	1979	34	21	1
Pólland	1982	26	3	1
Vietnam (N)	1990	30	29	1
Vietnam (N)	1991	30	23	1
Serbía/Króatía	1996	30	21	1
Serbía/Króatía	1997	17	15	1
Serbía/Króatía	1998	23	23	1
Kosovo/Albanía	1999	75	36	3
Serbía/Króatía	2000	24	24	1
Serbía/Króatía	2001	23	23	1
Serbía/Króatía	2003	24	24	1
Alls		420	260	15

Hér á landi féll málaflokkur flóttamenn undir ríkistjórn í gegnum 5 ráðuneyti (dómsmála-, heilbrigðismála-, utanríkis-, menntamála- og félagsmálaráðuneyti). Umsjón með málaflokki þessum hafði svo Flóttamannaráð Íslands³ sem skipað var fulltrúum fimm ráðuneyta, auk þess sem Rauði kross Íslands (RKÍ) og Samband íslenskra sveitafélag átta áheyrnarfulltrúa í ráðinu. Hér ber að taka fram að skýrsla þessi var tilbúin í júní 2005 og var þá send til

¹ Á þessu ári eða síðan könnun var framkvæmd hefur hópur flóttamanna hér á landi vaxið, þar sem best hafa við 31 einstaklingur frá Kosovo (7 einstaklingar) og Kólumbíu (24 einstaklingar). Heildarhópur flóttafólks sem Ísland hefur tekið á móti er orðin 451 einstaklingur. Þannig að flóttamenn hafa komið hingað til lands í 17 hópum frá 7 löndum á 49 ára tímabili.

² (Félagsmálaráðuneyti, 2005)

³ Á þeim tíma sem skýrsla er unnin.

Flóttamannaráðs Íslands. En á sama tíma áttu sér stað skipulagsbreytingar um málaflokkinn *málefni útlendinga* innan ráðuneytanna. Sú breyting hafði í för með sér að Flóttamannaráð í þeirri mynd sem það hafði verið í er ekki lengur til og málaflokkurinn *málefni útlendinga* er allur komin undir Félagsmálaráðuneytið. Í dag falla málefni flóttamanna undir Félagsmálaráðuneytið og þessar breytingar hafa orðið þess valdandi að tafir hafa orðið á að hægt hafi væri að kynna niðurstöður þessara könnunar.

Þeir hópar flóttamanna sem valdir hafa verið til að koma hingað hafa auk þess fengið aðstoð frá móttökusveitafélögum og RKÍ til að verða virkir þátttakendur í íslensku samfélagi með ýmiskonar aðstoð í allt að eitt ár eftir komu hingað. Sú aðstoð sem stendur flóttamönnum til boða eru: fjárhagsaðstoð; húsnæði, innbú og sími; menntun á formi íslenskukennslu og greiðan aðgang fyrir börn þeirra að mennta og leikskólaumhverfi; heilbrigðisþjónustu; þjónustu túlks; auk þess að aðstoða þau við að fá atvinnu.

Af þeim hópi sem hingað hafa komið sem flóttamenn eru enn búsettir hér á landi 260 manns eða um 62% af upprunalega hópnum⁴. Þeir sem hafa flutt frá Íslandi hafa sum hver snúið til upprunalands, en aðrir hafa flutt til annarra landa eins og Bretlands, Svíþjóðar og Bandaríkjanna svo dæmi séu tekin. Auk þess hefur á þessum 49 árum eitthvað af fólkinu fallið frá.

1. Markmið rannsóknar

Markmið með rannsókn var að skoða hvernig flóttamönnum hafði gengið að aðlagast lífinu á Íslandi og að fá fram viðhorf þeirra til íslensks samfélags. Mat þeirra á líðan hér á landi, mat á ánægju með þá þjónustu sem þeim hefur verið veitt og að leggja mat á þá þörf sem er til staðar fyrir þjónustubætti við þennan hóp. Auk þess voru skoðuð lífsgæði þessara mismunandi hópa og lífsgæði þeirra í heimalandi áður en þeir urðu flóttamenn.

Til að ná fram settum markmiðum með rannsókn var ákveðið að beita tvennskonar nálgun, annars vegar meginlegri nálgun með spurningalistum og hins vegar eigindlegri nálgun með viðtölum eða rýnihópum við útvaldar fjölskyldur úr stærstu hópnum. Þessi aðferðafræði var valin til að fá fjölbreyttari upplýsingar og betri skilning á hópnum. Með því að senda út spurningalista og fylgja svo eftir með viðtölum/rýnihópum fæst betri yfirsýn á viðhorf og reynslu flóttamanna af íslensku samfélagi.

⁴ Auk þeirra sem komu á þessu ári (2005) eða 31 einstaklingur.

2. Uppbygging skýrslunnar

Spurningalistar voru sendir heim til allra sem komið höfðu hingað til lands sem flóttamenn og voru 13 ára og eldri og hins vegar viðtöl við 15 fjölskyldur sem komið höfðu hingað til lands eftir 1979. Í þessum viðtölum var farið í heimsókn til þátttakenda og rætt við fjölskyldumeðlimi um reynslu þeirra. Fyrri hluti rannsóknar var gerður í lok árs 2004 og seinni hluti rannsóknar var fylgt á eftir á fyrri hluta ársins 2005.

Niðurstöður þessarar rannsóknar eru kynntar í skýrslunni. Þessi skýrsla er tvíþætt eða tvær skýrslur. Annars vegar skýrsla um niðurstöður úr spurningakönnun sem er nefnd er *Skýrsla 1* og hins vegar skýrsla um helstu atriði sem komu fram í viðtölum við flóttafólk sem nefnd er *Skýrsla 2*. Hér í heildarinnngangi eru kaflar með umræðu um þætti úr niðurstöðum, þar sem áhugaverðustu niðurstöðurnar eru dregnir fram. Spurningarlistana í heild má finna á íslensku í viðauka. Um er að ræða tvo spurningarlista. Annars vegar spurningarlista sem lagður var fyrir unga flóttamenn á aldrinum 13 til 18 ára, sem er að finna í viðauka 1, hins vegar spurningarlista sem lagður var fyrir 18 ára og eldri, sem er að finna í viðauka 2.

III. Þættir úr niðurstöðum: Skýrsla 1.

1. Forsaga flóttamanna

- 62 einstaklingar svöruðu könnun. Þar af 9 sem svöruðu unglingslista (sjá, bls. 26).
- 27,2% svaraði fullorðinslistum og 21,4% svöruðu unglingslistum.
- 59% svarenda voru konur og 41% karlar. Hjá unglingsunum voru 67% stúlkur og 33% piltar (sjá, bls. 27).
- Meðalaldur fullorðinna svarenda var 44 ára. Aldursbil þeirra var frá 23 til 71 árs, en unglingsarnir voru á aldrinum 15 til 18 ára.
- Um 88% svarenda voru með íslenskan ríkisborgararétt. Einhverjir höfðu tvöfaldan ríkisborgararétt, hér á landi og í upprunalandi (sjá, bls. 29).

2. Búseta flóttamanna

- 420 flóttamenn hafa fengið landvistarleyfi hér á landi á 47 ára tímabili. Af þeim eru um 62% enn búsett hér⁵ (sjá heildarinnangang, bls. 7).
- Um 60% af þátttakendum lítur á Ísland sem sitt heimaland (sjá, bls. 30).
- Mikill meirihluti svarenda eða 83% finnst frekar eða mjög gott að búa á Íslandi (sjá, bls. 31).
- Rúmur helmingur svarenda býr í eigin húsnæði hér á landi (sjá, bls. 32-33).

3. Flóttamenn og fjölskyldur þeirra

- Um 80% svarenda eru í hjónabandi eða sambúð þegar könnun var gerð (sjá, bls. 34).
- 93% svarenda eiga börn (sjá, bls. 34).
- Rúmur helmingur svarenda eiga barn/börn á grunnskólastigi, tæpur þriðjungur á barn/börn á framhaldsskólastigi og tveir svarenda eiga barn/börn í háskóla (sjá, bls. 35-36).

4. Skólaganga 13 til 18 ára flóttamanna

- Samkvæmt svarendum á aldrinum 13 til 18 ára, lögðu foreldrar þeirra ýmist áherslu á að þau færu í eitthvað nám eða að þau væru í námi (sjá, bls. 37).
- Nokkuð var um námserfiðleika í greinum eins og lestri, stærðfræði og íslensku (sjá, bls. 38).

5. Tungumálakunnátta flóttamanna

- Um 96% svarenda talar alltaf eða oftast móðurmál sitt við börn sín (sjá, bls. 40).
- Um 40% svarenda geta ekki tjáð sig á öðru tungumáli en móðurmáli sínu (sjá, bls. 40).

⁵ Auk þeirra sem komu á þessu ári eða 31 einstaklingur.

- Um 60% svarenda telja að skilningur sinn á íslensku sé frekar eða mjög góður (sjá, bls. 40-41).
- Um helmingur svarenda telja sig geta tjáð sig frekar eða mjög vel á íslensku (sjá, bls. 41).
- Um helmingur svarenda finnst frekar eða mjög erfitt að læra íslensku (sjá, bls. 41-42).
- Meirihluti svarenda eða 85% hefur áhuga á að læra íslensku betur (sjá, bls. 42)

6. Þátttaka flóttamanna í félagsstarfi

- Tæp 20% svarenda tekur þátt í almennu félagslífi af einhverju tagi (sjá, bls. 44).
- Innan við þriðjungur svarenda er skráður í trúarfélög á Ísland (sjá, bls. 45).
- Flestir svarenda, eða rúm 90%, telja að þeir myndu frekar eða mjög líklega kjósa í næstu sveitarstjórnarkosningum, árið 2006 (sjá, bls. 47).

7. Nýting flóttamanna á ýmiskonar þjónustu

- Helmingur svarenda hefði kosið að hafa stuðning lengur en fyrsta árið sem aðstoð stóð þeim til boða. Sú aðstoð sem þau nefna er fjárhagsleg aðstoð og stuðningur við að læra íslensku (sjá, bls. 49).
- Um 60% svarenda höfðu kynnt sér þjónustu stéttarfélags/verkalýðsfélags og um þriðjungur svarenda hafði leitað til stéttarfélags á Íslandi (sjá, bls. 51).

8. Atvinna flóttamanna

- Um 20% svarenda höfðu ekki verið í vinnu áður en þeir komu til Íslands (sjá, bls. 54).
- Um 72% svarenda voru í launuðu starfi hér á landi þegar könnun var gerð (sjá, bls. 54).
- Töluverður munur reyndist á atvinnu svarenda hér á landi sambanborið við í heimaland/upprunaland. Mestur munur var á þeim er sinna ósérhæfðum störfum, en í þeim flokki eru um 47% svarenda hér á landi á móti 19% í heimalandi/upprunalandi (sjá, bls. 54).
- Tæpur helmingur svarenda hafði skrifað undir ráðningarsamning í núverandi starfi (sjá, bls. 56).
- Um 80% svarenda skildu allt sem stóð í ráðningarsamningi (sjá, bls. 56).
- Tveir af hverjum þremur svarendum reyndust frekar eða mjög ánægðir með starf sitt í dag (sjá, bls. 57).
- Um 75% svarenda töldu að menntun þeirra nýttist ekki að fullu í núverandi starfi (sjá, bls. 62).
- Um 84% svarenda höfðu ekki reynt að fá menntun sína metna hér á landi (sjá, bls. 62).

- Rúmur helmingur svarenda hafði áhuga á frekara námi (sjá, bls. 62-63).
- Um 40% svarenda hafði áhuga á því að hefja eigin rekstur á fyrirtæki í verslun eða þjónustu (sjá, bls. 63).

9. Traust sem flóttamenn bera til fólks og stofnana

- Um 73% svarenda treystu Íslendingum fullkomlega eða frekar vel (sjá, bls. 65).
- Þær stofnanir sem flestir svarendur báru traust til voru Rauði krossinn, lögreglan, dómstólar og heilbrigðisstofnanir. Sú stofnun sem svarendur báru ekkert traust til var Atlandshafsbandalagið (sjá, bls. 66-67).

10. Lífsgæði flóttamanna

- Þeir þættir sem svarendum þóttu mikilvægastir í lífi sínu voru fjölskyldan og vinnan (sjá, bls. 68).
- Rúmur helmingur svarenda lýsti heilsufari sínu sem mjög góðu eða frekar góðu, um 11% svarenda lýsir heilsufari sínu sem frekar slæmu (sjá, bls. 72).

IV. Þættir úr niðurstöðum: Skýrsla 2.

1. Þátttakendur frá Kosovo.

Þátttakendur í þessum hluta voru allir Kosovo-Albanir sem komu hingað sem flóttamenn árið 1999. Fjöldi viðmælenda var 13 einstaklingar.

1.1 Líf flóttamanna fyrir komu hingað.

- Landsvæðið Kosovo hefur verið átakasvæði milli etnískra hópa í gegnum aldirnar, þær deilur hafa verið milli hópa Serba og Albana (sjá, bls. 84).
- Fyrir stríð höfðu viðmælendur búið í eigin húsnæði eða í húsnæði fjölskyldna sinna (sjá, bls. 84).

1.2. Reynsla flóttamanna við að koma hingað til lands

- Þeir Kosovo-Albanir sem rætt var við töldu að það sem skipti mestu máli þegar þau ákváðu að koma hingað að um væri að ræða land þar sem allir fjölskyldumeðlimir gætu farið saman til og ekki svo margir flóttamenn fyrir í landinu (sjá, bls. 85).
- Viðmælendur voru öll sammála um að aðstoð í upphafi hafi verið góð. Öll eru þau þakklát fyrir að hafa komið hingað (sjá, bls. 85).

1.3. Tengslanet flóttamanna

- Stuðningsnet þeirra er að mestu byggt upp af fjölskyldum þeirra og sterkasta sambandið er innan fjölskyldunnar (sjá, bls. 86).

1.4. Íslenskukennsla

- Hluti af kennslu var um íslenskt samfélag og lög. Skiptar skoðanir voru meðal viðmælenda hvort slík kennsla hafi skilað sér sem skyldi, það er að of mikið af upplýsingum hafi verið gefið á of skömmum tíma (sjá, bls. 86).
- Viðmælendur ræddu um að það væri erfitt að læra íslensku þegar kennari talar ekki þeirra mál og þá verða allar útskýringar erfiðari (sjá, bls. 86).

1.5. Aðstaða flóttamanna í dag

- Viðmælendur ræddu um að koman hingað hafi verið andlega erfið, ekki bara vegna þess að hér var gróður- og veðurfar allt öðruvísi, heldur einnig vegna þess að hluti af fjölskyldunum hafi orðið eftir í stríði. Það fylgdi því ákveðin vanlíðan að vera komin hingað og vera örugg á meðan aðrir í fjölskyldunni hafi ekki verið svo heppnir.
- Þau störf sem fólk úr hópunum sinnir í dag eru oftast önnur en þau sem þau höfðu sinnt áður en þau fóru á flóttu (sjá, bls. 87).

2. Þátttakendur frá Króatíu

Þátttakendur í þessum hluta voru allir Serbó-Króatar sem komu hingað í sex hópum sem flóttamenn á tímabilinu 1996 til 2003. Fjöldi viðmælenda var 12 einstaklingar.

2.1 Líf flóttamanna fyrir komu hingað

- Í Króatíu voru átök milli etnískra hópa Króata og Serba sem leiddu til þjóðar hreinsana. Ástandið var mjög slæmt fyrir stóran hluta fólks en sérstaklega erfitt fyrir fólk í blönduðum hjónaböndum (sjá, bls. 92).
- Flestir af viðmælendum höfðu átt mjög gott líf fyrir stríð og búið í eign húsnæði eða í húsi foreldra sinna (sjá, bls. 92).
- Fólk var búið að vera á hrakningum frá tíu mánuðum upp í níu ár áður en þau komu hingað til lands (sjá, bls. 93)

2.2. Reynsla flóttamanna við að koma hingað til lands

- Viðmælendur voru sammála um að margir þættir í aðstoð við þau í upphafi hafi verið mjög góð. Húsnæði hafi verið gott, fin húsgögn og heimilislegt (sjá, bls. 93).
- Sumum fannst mikill þrýstingur á að kaupa íbúð, sem hluta af því að koma undir sig fótunum (sjá, bls. 94-95)

2.3. Tengslanet flóttamanna

- Tengslanet viðmælenda var mjög mismunandi, allt frá því að vera mjög vítt með fólki af innlendum og erlendum uppruna, í að vera eingöngu fjölskyldur viðmælenda (sjá, bls. 95).

2.4. Íslenskukennsla og nám

- Val á kennurum til að kenna íslensku skiptir miklu máli og málakunnátta kennara í tungumáli flóttafólks er lykilatriðið til að hjálpa fólki að ná grunni í íslensku hratt og örugglega (sjá, bls. 96).
- Það er mikið kappsmál hjá foreldrum barna/unglinga að þau mennti sig til að auka möguleika þeirra og bæta lífskjör þeirra í framtíðinni (sjá, bls. 96-97).

2.5 Aðstaða flóttamanna í dag

- Flestir viðmælenda voru ánægðir með lífskjör sín hér og hugðust vera hér áfram (sjá, bls. 97).
- Nokkuð var rætt um möguleika á starfsmenntun samhliða íslenskunámi á fyrsta ári, til að auka möguleika á lífsgæðum (sjá, bls. 97-99).

- Vöntun á upplýsingum á þeirra tungumáli um þætti sem viðkoma rétti þeirra og þjónustubáttum (sjá bls. 99).

3. Þátttakendur frá Vietnam

Þátttakendur frá Vietnam komu bæði frá Suður- og Norður Vietnam á þremur hópum árið 1979, 1990 og 1991. Fjöldi viðmælenda var 6 einstaklingar.

3.1 Líf flóttamanna fyrir komu hingað

- Fólkið sem kom hingað var á mismunandi aldri. Þau höfðu þurft að flytjast mikið á milli svæða í Vietnam vegna stríðsins. Margir muna aðeins eftir stríðsástandi í sínu heimalandi (sjá, bls. 102-103).

3.2 Reynsla flóttamanna við að koma hingað til lands

- Fyrir fólkið sem kom skipti það ekki máli hvert þau færu svo lengi sem þau hefðu frelsi. Ísland bauð upp á frelsi og þar af leiðandi voru þau mjög þakklát fyrir að fá að koma hingað (sjá, bls. 103).
- Flestir voru ákveðnir í að vinna mikið til að eignast fjármagn til að kaupa eigið húsnæði og annað sem þau höfðu lengi verið án (sjá, bls. 103-104).

3.3 Tengslanet flóttamanna

- Tengslanet þeirra er vítt enda hafa þau verið hér í þó nokkurn tíma. Svo virðist sem í dag leggðu þau meiri áherslu á að vera í tengslum við aðra Víetnama hér á landi en í fyrstu árin hér á landi (sjá, bls. 104).

3.4 Íslenskukennsla

- Viðmælendur ræddu um að það hafi ekki verið nógu skýrar kröfur um að fólk skyldi læra íslensku strax í upphafi (sjá, bls. 105).

3.5. Aðstaða flóttamanna í dag

- Flestir viðmælenda sjá sig í dag sem Íslendinga þar sem þau séu samofin öllu hér (sjá, bls. 105).
- Betri fræðsla um íslenskt samfélag áður og eftir komu er þáttur sem gæti komið í veg fyrir misskilning, þar sem lífið hér er mjög frábrugðið því sem þau voru vön (sjá, bls. 106).
- Vöntun á upplýsingum á þeirra eigin tungumáli um réttindi þeirra (bls. 106).

Skýrsla 1

FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN



HÁSKÓLI ÍSLANDS

SKÝRSLA 1:
Reynsla og viðhorf flóttamanna á Íslandi

Unnið fyrir Flóttamannaráð Íslands

Kristín Erla Harðardóttir

Heiður Hrund Jónsdóttir

Friðrik H. Jónsson

Efnisyfirlit

MYNDASKRÁ	21
TÖFLUSKRÁ	22
I. INNGANGUR	23
1. INNIHALD SKÝRSLUNNAR	23
2. UPPBYGGING SKÝRSLUNNAR.....	24
II. FRAMKVÆMD OG HEIMTUR	25
1. MARKMIÐ RANNSÓKNAR.....	25
2. FRAMKVÆMD	25
3. HEIMTUR.....	26
4. HVERNIG VORU SAMANBURÐARGÖGNIN MEÐHÖNDLUD?	27
5. MARKTEKT	28
III. FORSAGA FLÓTTAMANNANNA	29
IV. BÚSETA FLÓTTAMANNA Á ÍSLANDI	30
1. BÚSETA Á ÍSLANDI	30
1.1 SAMANBURÐUR.....	32
1.2 FLÓTTAMENN 13 TIL 18 ÁRA	32
2. HÚSNÆÐISMÁL FLÓTTAMANNA.....	32
2.1 SAMANBURÐUR.....	33
V. FLÓTTAMENN OG FJÓLSKYLDUR ÞEIRRA	34
1. ALDUR OG HJÚSKAPARSTAÐA FLÓTTAMANNA	34
2. BÖRN FLÓTTAMANNA.....	34
2.1 SAMANBURÐUR.....	36
VI. SKÓLAGANGA 13 TIL 18 ÁRA FLÓTTAMANNA	37
1. STUÐNINGUR FORELDRA	37
2. NÁM OG ÁSTUNDUN	38
3. AFSTAÐA TIL NÁMS ALMENNT OG LÍÐAN Í SKÓLANUM	38
VII. TUNGUMÁLAKUNNAÐA FLÓTTAMANNA	40
1. MÓÐURMÁL FLÓTTAMANNA	40
1.1 SAMANBURÐUR.....	40
1.2 FLÓTTAMENN 13 TIL 18 ÁRA	40
2. ÍSLENSKUKUNNAÐA FLÓTTAMANNA.....	40
2.1 SAMANBURÐUR.....	43
2.2 FLÓTTAMENN 13 TIL 18 ÁRA	43
VIII. ÞÁTTTAKA FLÓTTAMANNA Í FÉLAGSSTARFI	44
1. FÉLAGSLÍF FLÓTTAMANNA.....	44
1.1 SAMANBURÐUR.....	44
1.2 FLÓTTAMENN 13 TIL 18 ÁRA	45
2. TRÚARBRÖGÐ FLÓTTAMANNA.....	45
2.1 SAMANBURÐUR.....	46
3. PÓLÍTIÐSK ÞÁTTTAKA FLÓTTAMANNA.....	46
3.1 SAMANBURÐUR.....	48
IX. NÝTING FLÓTTAMANNA Á ÝMIS KONAR ÞJÓNUSTU	49
1. STUÐNINGUR VIÐ KOMU TIL LANDSINS OG TÚLKAÞJÓNUSTA.....	49
1.1 SAMANBURÐUR.....	51
1.2 FLÓTTAMENN 13 TIL 18 ÁRA	51
2. ÞJÓNUSTA STÉTTARFÉLAGA/VERKALÝÐSFÉLAGA OG UPPLÝSINGAR	51

2.1 SAMANBURÐUR.....	52
2.2 FLÓTTAMENN 13 TIL 18 ÁRA	53
X. ATVINNA FLÓTTAMANNA	54
1. ATVINNA FLÓTTAMANNA Í HEIMALANDI OG Á ÍSLANDI.....	54
1.1 SAMANBURÐUR.....	55
2. VINNUTÍMI OG RÁÐNINGARSAMNINGAR FLÓTTAMANNA.....	55
2.1 SAMANBURÐUR.....	56
2.2 FLÓTTAMENN 13 TIL 18 ÁRA	57
3. STARFSÁNÆGJA.....	57
3.1 SAMANBURÐUR.....	59
4. ERFIDLEIKAR Á VINNUSTAÐ	60
4.1 SAMANBURÐUR.....	61
5. NÝTING MENNTUNAR Í STARFI OG ÁHUGI Á AÐ HEFJA REKSTUR Á EIGIN FYRIRTÆKI	62
5.1 SAMANBURÐUR.....	63
XI. TRAUST SEM FLÓTTAMENN BERA TIL FÓLKS OG STOFNANA.....	65
1. TRAUST TIL FÓLKS	65
1.1 SAMANBURÐUR.....	66
1.2 FLÓTTAMENN 13 TIL 18 ÁRA	66
2. TRAUST TIL STOFNANA.....	66
XII. LÍFSGÆÐI FLÓTTAMANNA.....	68
1. MIKILVÆG ATRÍÐI Í LÍFI FLÓTTAMANN	68
1.1 SAMANBURÐUR.....	69
1.2 FLÓTTAMENN 13 TIL 18 ÁRA	69
2. HAMINGJA OG LÍFSGÆÐI FLÓTTAMANNA.....	70
2.1 SAMANBURÐUR.....	71
2.2 FLÓTTAMENN 13 TIL 18 ÁRA	72
3. HEILSUFAR OG LÍÐAN FLÓTTAMANNA	72
3.1 SAMANBURÐUR.....	73
3.2 FLÓTTAMENN 13 TIL 18 ÁRA	73
HEIMILDASKRÁ	74

Myndaskrá

MYND IV.1. HVAÐA ÁR FLUTTIR ÞÚ TIL ÍSLANDS?	30
MYND IV.2. Í HVAÐA LANDSHLUTA BJÓST ÞÚ FYRST EFTIR AÐ ÞÚ FLUTTIR TIL ÍSLANDS OG Í HVAÐA LANDSHLUTA BÝRÐ ÞÚ NÚNA?	31
MYND IV.3. ÞEGAR Á HEILDINA ER LITIÐ, HVERSU GOTT EÐA SLÆMT FINNST ÞÉR AÐ BÚA Á ÍSLANDI?	31
MYND IV.4. Í HVERNIG HÚSNÆÐI BÝRÐ ÞÚ?	33
MYND V.1. ALDUR SVARENDA	34
MYND V.2. ERT ÞÚ ÁNÆGÐ(UR) EÐA ÓÁNÆGÐ(UR) MEÐ GRUNNSKÓLANN SEM BARNIÐ ÞITT/BÖRN ÞÍN ERU Í?	35
MYND V.3. ERT ÞÚ ÁNÆGÐ(UR) EÐA ÓÁNÆGÐ(UR) MEÐ FRAMHALDSSKÓLANN SEM BARNIÐ ÞITT /BÖRNIN ÞÍN ERU Í?	36
MYND VII.1. HVERSU GÓÐAN EÐA SLÆMAN SKILNING TELUR ÞÚ ÞIG HAFNA Á ÍSLENSKU?	41
MYND VII.2. HVERSU VEL EÐA ILLA TELUR ÞÚ ÞIG GETA TJÁÐ ÞIG Á ÍSLENSKU?	41
MYND VII.3. HVERSU AUÐVELT EÐA ERFITT FANNST ÞÉR AÐ LÆRA ÞÁ ÍSLENSKU SEM ÞÚ KANNT?	42
MYND VIII.1. ÞÁTTTAKA Í FÉLAGSSTARFI OG ÖÐRU FÉLAGSLÍFI, HLUTFALL ÞEIRRA SEM SVARA JÁTANDI	44
MYND VIII.2. ERT ÞÚ SKRÁÐ(UR) Í TRÚFÉLAG Á ÍSLANDI OG EF SVO ER, HVAÐA TRÚFÉLAG?	45
MYND VIII.3. PÓLÍTIÐSK ÞÁTTTAKA FLÓTTAMANNA, HLUTFALL ÞEIRRA SEM SVARA JÁTANDI	46
MYND VIII.4. HVERSU LÍKLEGT EÐA ÓLÍKLEGT TELURÐU AÐ ÞÚ KJÓSIR Í NÆSU SVEITARSTJÓRNARKOSNINGUM, ÁRIÐ 2006?	47
MYND VIII.5. HVERSU VEL EÐA ILLA FINNST ÞÉR ALMENNT SÉÐ ÍSLENSKIR STJÓRN MÁLAFLOKKAR EÐA FRAMBODI STANDI SIG Í AÐ KYNNA SIG OG SÍN MÁLEFNI FYRIR FÓLKI SEM SKILUR LITLA ÍSLENSKU?	48
MYND IX.1. HEFUR ÞÚ KYNNT ÞÉR Í HVAÐA TILVIKUM ÞÚ ÁTT RÉTT Á AÐSTOÐ TÚLKS HÉR Á ÍSLANDI, ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU?	49
MYND IX.2. HVERSU VEL EÐA ILLA TREYSTIR ÞÚ ÞVÍ AÐ TÚLKUR HALDI TRÚNAÐI YFIR ÞEIM UPPLÝSINGUM SEM KOMA FRAM Í SAMTÖLUM SEM ERU TÚLKUÐ FYRIR ÞIG?	50
MYND X.1. HVERT VAR ÞITT AÐALSTARF AÐUR EN ÞÚ KOMST TIL ÍSLANDS OG HVERT ER ÞITT AÐALSTARF Á ÍSLANDI Í DAG?	54
MYND X.2. HVERSU LENGI HEFUR ÞÚ UNNIÐ Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ?	56
MYND X.3. HVERSU ÁNÆGÐ(UR) EÐA ÓÁNÆGÐ(UR) ERTU Í ÞVÍ STARFI SEM ÞÚ ERT Í UM ÞESSAR MUNDIR?	57
MYND X.4. TELUR ÞÚ ÞIG BÚA VIÐ BETRI, SVIPUÐ EÐA VERRI LAUNAKJÖRUM EN AÐRIR STARFSEMNN Í FYRIRTÆKINU SEM ERU Í SAMBÆRILEGUM STÖRFUM?	58
MYND X.5. HEFUR ÞÚ VERIÐ ÞÁTTTAKANDI Í DEILUM Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ, Á SÍÐUSTU 6 MÁNUÐUM?	60
MYND X.6. HEFUR ÞÚ ORÐIÐ FYRIR ÓÞÆGILEGA MIKILLI STRÍÐNI EÐA HÆÐNI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ, Á SÍÐUSTU 6 MÁNUÐUM?	61
MYND X.7. HEFUR ÞÚ VERIÐ Í STARFI Á ÍSLANDI ÞAR SEM MENNTUN ÞÍN NÝTIST? EF EKKI, HVERS VEGNA?	62
MYND X.8. HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á FREKARA NÁMI, OG EF SVO ER HVAÐ MYNDI SLÍKT NÁM ÞÁ FELA Í SÉR?	63
MYND XI.1. HVE MIKIÐ TREYSTIR ÞÚ ÍSLENDINGUM ALMENNT SÉÐ?	65
MYND XII.1. HVERSU MIKILVÆG ERU EFTIRFARANDI ATRÍÐI Í LÍFI ÞÍNU? VINNAN, FJÖLSKYLDAN, VINIR OG KUNNINGJAR, FRÍSTUNDIR	68
MYND XII.2. HVERSU MIKILVÆG ERU EFTIRFARANDI ATRÍÐI Í LÍFI ÞÍNU? STJÓRN MÁL, TRÚ, SJÁLBOÐASTARF	69
MYND XII.3. EF Á ALLT ER LITIÐ, TELUR ÞÚ AÐ ÞÚ SÉRT HAMINGJUSAMUR(SÖM) EÐA ÓHAMINGJUSAMUR(SÖM)?	70
MYND XII.4. ÞEGAR Á HEILDINA ER LITIÐ, HVERNIG MYNDIR ÞÚ LÝSA HEILSUFARI ÞÍNU ÞESSA DAGANA?	72

Töfluskrá

TAFLA II.1. HEIMTUR Í KÖNNUN	27
TAFLA III.1. Í HVADA LANDI ERT ÞÚ MEÐ RÍKISBORGARARÉTT?	29
TAFLA V.1. BARNAFJÖLDI	35
TAFLA VI.1. AFSTAÐA TIL NÁMS OG SKÓLA	39
TAFLA VII.1. HVERS VEGNA VAR ERFITT FYRIR ÞIG AÐ LÆRA ÍSLENSKU?	42
TAFLA VIII.1. HVERS VEGNA KAUST ÞÚ EKKI Í SÍÐUSTU ALÞINGISKOSNINGUM, Í MAÍ 2003?	47
TAFLA VIII.2. HVERS VEGNA KAUST ÞÚ EKKI Í SÍÐUSTU SVEITARSTJÓRNARKOSNINGUM, Í MAÍ 2002?	47
TAFLA IX.1. HVER ANNAR EN TÚLKUR HEFUR TÚLKAÐ FYRIR ÞIG HJÁ LÆKNI?	50
TAFLA IX.2. HVADAN FÆRÐ ÞÚ UPPLÝSINGAR UM HVAD ER AÐ GERAST Á ÍSLANDI?	52
TAFLA IX.3. HVADAN FÆRÐ ÞÚ UPPLÝSINGAR UM HVAD ER AÐ GERAST Í HEIMALANDI ÞÍNU?	52
TAFLA IX.4. HVADAN FÆRÐ ÞÚ UPPLÝSINGAR UM HVAD ER AÐ GERAST Á ÍSLANDI? SVÖR 13 TIL 18 ÁRA.	53
TAFLA IX.5. HVADAN FÆRÐ ÞÚ UPPLÝSINGAR UM HVAD ER AÐ GERAST Í FYRRUM HEIMALANDI ÞÍNU? SVÖR 13 TIL 18 ÁRA.	53
TAFLA X.1. Í HVADA ATVINNUGREIN ER FYRIRTÆKIÐ/STOFNUNIN SEM ÞÚ STARFAÐIR HJÁ SÍÐUSTU ÞRJÁ MÁNUÐINA ÁÐUR EN ÞÚ KOMST TIL ÍSLANDS OG Í HVADA ATVINNUGREIN ER FYRIRTÆKIÐ SEM ÞÚ STARFAR HJÁ Á ÍSLANDI?	55
TAFLA X.2. HVERSU MIKLAR VORU HEILDARTEKJUR HEIMILISINS ALLS Í SÍÐASTA MÁNUÐI, SVONA UM ÞAÐ BIL, FYRIR SKATT?	58
TAFLA X.3. FRELSI TIL AÐ TAKA SJÁLFSTÆÐAR ÁKVARÐANIR Í STARFI, STARFSÖRYGGI OG ATVINNUTÆKIFÆRI MÆLISTIKA FRÁ 1 TIL 10.	59
TAFLA X.4. HVERT LEITAÐIR ÞÚ EFTIR AÐSTOÐ ÞEGAR ÞÚ HAFÐIR LENT Í ERFIÐLEIKUM Á VINNUSTAÐ?	61
TAFLA X.5. HVADA NÁMI/PRÓFUM HEFUR ÞÚ LOKIÐ?	62
TAFLA XI.1. HVE MIKIÐ TRAUST BERÐ ÞÚ TIL EFTIRFARANDI STOFNANA; ER ÞAÐ MJÖG MIKIÐ, NOKKUÐ MIKIÐ, EKKI MIKIÐ, EÐA ALLS EKKERT?	67
TAFLA XII.1. MAT Á LÍFSGÆÐUM, MÆLT Á MÆLISTIKU FRÁ 1-10 ÞAR SEM 1 ÞÝÐIR MJÖG ÓÁNÆGÐ(UR) OG 10 MJÖG ÁNÆGÐ(UR).	71

I. Inngangur

1. Innihald skýrslunnar

Í **kafla II** er fjallað um framkvæmd og heimtur könnunarinnar, meðal annars var skoðað hvernig könnunin endurspeglar þá hópa flóttamanna sem komið hafa hingað til lands.

Í **kafla III** er fjallað um hvenær flóttamennirnir yfirgáfu heimili sín, hvort þeir voru í flóttamannabúðum og hvar þeir hafa ríkisborgararétt.

Í **kafla IV** er fjallað um þætti er viðkoma búsetu svarenda, bæði í tengslum við upprunaland/heimaland og búsetu þeirra hér á landi. Meðal annar er fjallað um flutning milli landshluta, húsnæðismál og búsetu barna.

Í **kafla V** er fjallað um nokkur atriði er snúa að fjölskyldu svarenda, meðal annars skoðaður aldur, hjúskaparstaða, barnafjöldi og afstaða til skólakerfisins.

Í **kafla VI** er ítarlegri umfjöllun um flóttamenn á aldrinum 13 til 18 ára, um viðhorf þeirra til náms almennt, um þann stuðning sem þau hafa og ástundun náms og fleira sem tengist námi þeirra.

Í **kafla VII** er fjallað um móðurmál svarenda, kunnáttu í öðrum tungumálum og íslenskukunnáttu.

Í **kafla VIII** er fjallað um þátttöku í félagsstarfi, en þar er skoðuð þátttaka í félagi samlanda, félagslífi, trúfélögum og pólitísk þátttaka.

Í **kafla IX** er fjallað um ýmiskonar þjónustu sem stendur flóttamönnum til boða, meðal annars þjónustu túlka og þjónustu verkalýðsfélaga auk þess sem fjallað verður um hvaða stuðning svarendur fengu við komuna til Íslands. Í þessum kafla er einnig rætt um hvaðan þeir fá helst upplýsingar um það sem efst er á baugi.

Í **kafla X** er fjallað um atvinnu svarenda, bæði í upprunalandi/heimalandi og hér á Íslandi. Auk þess er fjallað um viðhorf þeirra til vinnunnar, vinnutíma, þætti sem mæla starfsánægju og laun. Í kaflanum er einnig skoðað viðhorf til erfiðleika á vinnustað og nýting menntunar í starfi.

Í **kafla XI** er fjallað um traust sem svarendur bera til fólks og stofnana.

Í **kafla XII** er fjallað um lífsgæði og líðan flóttamanna. Fjallað verður um hvaða atriði svarendum þótti mikilvæg í lífi sínu, um heilsu þeirra og hve ánægðir þeir voru með ýmsa þætti í daglegu lífi.

2. Uppbygging skýrslunnar

Þessi hluti skýrslunnar skiptist upp í tólf meginkafla. Undir flestum köflum eru undirkaflar sem eru númeraðir sérstaklega. Spurningarlistana í heild má finna á íslensku í viðauka. Um er að ræða tvo spurningarlista. Annars vegar spurningarlista sem lagður var fyrir unga flóttamenn á aldrinum 13 til 18 ára, sem er að finna í viðauka 1, hins vegar spurningarlista sem lagður var fyrir 18 ára og eldri, sem er að finna í viðauka 2.

Umfjöllun í skýrslu þessari er þannig byggð upp að ávallt kemur umfjöllun og vísun í mynd/töflu á undan myndinni/töflunni sjálfri. Svör eru greind eftir bakgrunnsþáttum þar sem fjöldi svarenda reyndist nægilegur. Í þeim tilvikum þar sem ekki var unnt að greina svör eftir bakgrunnsþáttum eru svör sett fram sem hlutfall og tíðni. Greining á svörum ungra flóttamanna eru svo sett fram í sér númeruðum undirköflum þar sem það á við, merkt *Flóttamenn 13 til 18 ára*. Auk þess kemur í sér númeruðum undirköflum umfjöllun um samanburð niðurstaðna könnunar við niðurstöður annarra rannsókna þar sem hún á við, merkt *Samanburður*.

II. Framkvæmd og heimtur

1. Markmið rannsóknar

Helstu markmið með rannsókninni voru að skoða hvernig flóttamönnum hefði gengið að aðlagast lífinu á Íslandi og að fá fram viðhorf þeirra til íslensks samfélags. Mat þeirra á líðan sinni hér á landi, mat á ánægju með þá þjónustu þeim hafði verið veitt og mat á vöntun á þjónustu.

2. Framkvæmd

Í árslok 2004 kannaði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands reynslu og viðhorf fólks sem komið hefur hingað til lands í skipulögðum hópum sem flóttamenn. Könnunin var gerð að beiðni og í samvinnu við Flóttamannaráð Íslands.

Spurningarkönnuninni var skipt upp í tvo spurningalista, annars vegar lista fyrir fullorðna (18 ára og eldri) og hins vegar unga flóttamenn (13 til 18 ára). Unglingalistar voru sendir heim til foreldra þar sem beðið var um heimild þeirra eða umsjónaraðila fyrir því að unglिंगarnir svöruðu listunum. Í báðum spurningalistunum var reynsla og viðhorf flóttamanna til ýmissa þátta á Íslandi skoðuð. Sem dæmi má nefna búsetu, atvinnu, þjónustu, viðhorf til lífsins á Íslandi og ýmsa þætti sem tengjast almennri líðan flóttafólks og lífsgæðum. Í unglingalista voru til viðbótar skoðuð viðhorf til menntunar. Könnunin náði til flóttamannahópa sem komu hingað til lands 1956 frá Ungverjalandi, 1959 frá fyrrum Júgóslavíu, 1979, 1990 og 1991 frá Víetnam¹, 1982 frá Póllandi, 1996, 1997, 1998, 2000, 2001 og 2003 frá Serbíu-Króatíu og þrír hópar af Kosovo-Albönum sem komu hingað til lands 1999.

Samkvæmt upplýsingum frá Félagsmálaráðuneyti hafa 420 flóttamenn komið hingað til lands á vegum Ríkistjórnar Íslands þegar könnun var framkvæmd². Samkvæmt upplýsingum frá Rauða krossi Íslands hefur nokkuð stór hluti þessa hóps flutt frá Íslandi. Nafnalistar frá Félagsmálaráðuneyti voru bornir saman við skrár frá Hagstofu Íslands og með því staðfest hvort fólk byggi hér á landi þegar könnunin var framkvæmd og hverjir væru látnir. Með þessum hætti kom í ljós að hér á landi voru búsettir 260 flóttamenn. Þó ber að benda á að skráning á hópunum sem komu hingað til lands á árunum 1956 og 1959 eru ekki nægilega ítarlegar. Við komuna til landsins var fólkið látið taka upp íslensk nöfn en í skráum yfir flóttamenn er einungis að finna upplýsingar um upprunalegu nöfnin og fæðingardag. Við leit í

¹ Fyrsti hópurinn sem kom 1979 var frá Suður-Víetnam, en tveir seinni hóparnir voru frá Norður-Víetnam.

² Frá því að könnun var framkvæmd hefur orðið aukning í hópi flóttamanna um 31 einstakling. Heildarfjöldi flóttamanna sem komið hafa hingað er því orðinn 451 einstaklingur.

Þjóðskrá reyndist oft erfitt að greina á milli flóttamannahópsins og ættingja eða aðstandenda þeirra sem komu síðar.

Úrtak þessarar könnunar náði til 236 flóttamanna 13 ára og eldri sem búsettir voru á Íslandi þegar könnunin var framkvæmd og eru það 90,8% af heildarþýði hópsins. Þau 9,2% sem eftir standa eru flóttamenn sem voru yngri en 13 ára. Úrtakið skiptist í 42 unglunga og 195 fullorðna flóttamenn.

Könnunin var þýdd á þrjú tungumál, serbnesku, albönsku og suður-víetnamísku auk þess sem notaðir voru íslenskir listar³. Kynningarbréf og leyfisbréf fyrir unglungalistum voru auk þess þýdd á þessi þrjú tungumál. Listar voru sendir heim til fólks í pósti. Listar til Víetnama voru sendir á bæði víetnamísku og íslensku þar sem um er að ræða hóp fólks sem hefur ekki viðhaldið lesskilningi sínum á víetnamísku⁴. Hóparnir sem komu 1956, 1959 og 1982 fengu lista á íslensku enda um fáa einstaklinga að ræða sem hafa búið hér í langan tíma. Að lokum var með aðstoð túlka hringt í þátttakendur og mikilvægi þess að senda inn útfylltan spurningalista brýnt. Á þennan hátt náðist í 85% af þeim heimilum sem höfðu skráðan síma.

3. Heimtur

Í töflu II.1 má sjá yfirlit yfir heimtur í könnuninni. Alls bárust svör frá 62 þátttakendum⁵ og var það 26,2% af þeim sem lentu í úrtakinu⁶. Svarhlutfall innan hvers tungumálahóps var frá 66,7% af sendum listum niður í 0% af sendum listum. Hæsta svarhlutfallið var hjá Kosovo-Albönum (66,7%) en það lægsta hjá þeim sem komu frá Júgóslavíu árið 1959 (0%)⁷.

Vegna þess hve lágt svarhlutfallið er skal fara varlega í að yfirfæra niðurstöðurnar yfir á alla flóttamenn á Íslandi. Niðurstöðurnar eiga fyrst og fremst við um þann hóp sem svarar könnuninni en gefa vissulega hugmynd um flóttamenn á Íslandi í heild.

³ Þar sem töluvert er síðan Víetnamarnir komu til landsins var reiknað með að unglingarnir töluðu íslensku og því var aðeins listinn fyrir fullorðna þýddur á víetnamísku. Ýmis álitamál komu upp við ákvarðanir um þýðingar, sérstaklega í þeim tilvikum sem flóttamenn koma af landsvæðum sem hafa ólíkar málískur eða tungumál. Reynsla af þessari könnun bendir til að þýða þurfti listana á fleiri málískur eða tungumál.

⁴ Ungir Víetnamar sem komu hingað til lands sem flóttamenn höfðu margir hverjir ekki gengið í skóla í heimalandi sínu og lesa því hvorki né skrifa víetnamísku þrátt fyrir að þeir tali hana. Aðrir hafa ekki viðhaldið kunnáttu sinni. Þessi hópur fékk val um að svara spurningalistanum á íslensku eða víetnamísku.

⁵ 53 fullorðnir og 9 unglingar.

⁶ Svarhlutfallið hjá fullorðnum var 27,2% en hjá unglungum var það 21,4%.

⁷ Af hópnunum sem kom 1959 fundust aðeins nöfn fjögurra einstaklinga með hjálp Hagstofu Íslands. Fólk úr þessum hópi hafði samband við Félagsvísindastofnun og lét vita að það liti ekki á sig sem flóttamenn í dag og vildi þar af leiðandi ekki svara könnuninni.

Tafla II.1. Heimtur í könnun			Hlutfall	
	Fjöldi útsendra	Fjöldi innkominna	svara innan	Hlutfall
Land flóttamanna	lista	Listi	hvers tungumáls	sem svarar
Ungverjaland	14	3	21,4	1,3
Fyrrum Júgóslavía	4	--	--	--
Pólverjar	3	1	33,3	0,4
Víetnam	73	5	6,8	2,1
Serbia-Króatía	113	33	29,2	13,9
Kosovo-Albanir	30	20	66,7	8,4
Alls	237	62	--	26,2%

Sumir hópar flóttamanna voru mjög tregir til að svara könnuninni og kom þar ýmislegt til. Meginástæðurnar voru tvær, önnur var sú að flóttamennirnir töldu að umbeðnar upplýsingar yrðu á einhvern hátt notaðar gegn þeim í framtíðinni. Þessi afstaða er skiljanleg í ljósi reynslu þessa fólks. Hin ástæðan var að viðkomandi hópur hafði fyrr á árum tekið þátt í ýmsum könnunum og eftir þá reynslu hafði hópurinn sem heild ákveðið að taka ekki þátt í fleiri rannsóknum. Auk þess verður að taka tillit til þess að hópar sem hafa verið hér á landi síðan 1956 og 1959 líta ekki allir á sig sem flóttamenn. Í einstaka tilvikum var ekki hægt að hafa uppi á flóttamönnum, annað hvort vegna þess að þeir höfðu ekki uppfært heimilisfang í þjóðskrá eða að þeir höfðu skipt um nafn. Loks voru tíu manns óhæfir til að svara innsendum lista vegna veikinda eða ólæsi.

Svarendur skiptust þannig að 59% voru konur og 41% karlar, tveir svarendur sögðu ekki til um kyn sitt. Hjá unglíngunum voru 67% stúlkur og 33% piltar.

4. Hvernig voru samanburðargögnin meðhöndluð?

Niðurstöður könnunarinnar voru bornar saman við niðurstöður úr nokkrum öðrum rannsóknum. Má þar einna helst nefna könnun sem gerð var meðal innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi haustið 2004 (Heiður Hrund Jónsdóttir, Hildur Svavarsdóttir, Kristín Erla Harðardóttir og Friðrik H. Jónsson, 2004) og könnun á gildismati og mannlegum viðhorfum Íslendinga frá árinu 1999 sem hér gengur undir nafninu *lifsgildakönnun*.

Samanburðurinn við innflytjendur á Vestfjörðum og Austurlandi byggist ekki á þeim niðurstöðum sem birtar voru í skýrslu heldur er hér um sérstaka útreikninga að ræða. Innflytjendurnir voru á aldrinum 18 til 63 en þegar svör þeirra voru borin saman við svör flóttamanna var aðeins notast við þá sem voru 23 ára og eldri. Þetta var gert til að samanburðurinn byggðist á svarendum á sama aldursbili en yngsti flóttamaðurinn, ef frá eru taldir unglíngarnir, var 23 ára. Aldursdreifingin hjá innflytjendum í landshlutunum tveimur

var frábrugðin aldursdreifingu flóttamanna en það kom ekki að sök þar sem aldursmunur var ekki til staðar í þeim spurningum sem hér voru notaðar. Sama er að segja um kynjaskiptinguna en hún er aðeins ójafnari hjá innflytjendum þar sem hlutfall kvenna er hærra þar en hjá flóttamönnum. Þessi munur í könnuninum tveimur er ekki vandamál þar sem kynjamunur er ekki til staðar í þeim spurningum sem unnið var með. Það ber að hafa í huga að stór hópur innflytjendanna á uppruna sinn í öðrum löndum en flóttamennirnir. Flestir innflytjendurnir komu frá Póllandi, Filippseyjum, Taílandi og fyrrum Júgóslavíu.

Í lífsgildakönnuninni voru svarendur á aldrinum 18 til 80 ára en hér var aðeins notast við svör þeirra sem voru 23 til 71 árs en það er sama aldursbil og flóttamennirnir voru á. Aldursdreifingin var lítillega frábrugðin aldursdreifingu flóttamanna en þó var meðalaldurinn nánast sá sami. Kynjaskiptingin var aðeins ójafnari hjá flóttamönnum heldur en hjá Íslendingum í lífsgildakönnuninni þar sem kynjaskipting var nokkuð jöfn. Þetta gerir þó ekki að sök þar sem kynjamunur var ekki til staðar á þeim spurningum sem hér voru notaðar.

5. Marktekt

Í könnuninni eru svör flóttamanna við ýmsum spurningum borin saman við svör þátttakenda úr öðrum könnunum eins og hér hefur komið fram. Til að meta hvort munur milli hópanna væri tölfræðilega marktækur voru notuð viðeigandi marktektarpróf, það er kí-kvaðratpróf og t-próf. Ávallt er miðað við 95% öryggismörk sem merkir að 95% líkur séu á því að munur sem kemur fram milli flóttamanna sem svara könnuninni og þess hóps sem borið er saman við sé einnig til staðar í þýði⁸.

⁸ Þá er átt við að munur sé milli allra flóttamanna á Íslandi og allra innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi. Þegar svör flóttamanna eru borin saman við svör úr lífsgildakönnun 1999 er því átt við að munur sé milli allra flóttamanna á Íslandi og allra Íslendinga á tilteknum aldri árið 1999.

III. Forsaga flóttamannanna

Tíu svarendur (18,9%) tilgreindu ekki hvar þeir hefðu verið í flóttamannabúðum en tveir þeirra sögðu til um hve lengi þeir hefðu verið í flóttamannabúðum svo búast má við að hið minnsta hafi 46 manns, eða 85% svarenda, verið í flóttamannabúðum. Svarendur voru allt frá einum sólarhring upp í átta ár í flóttamannabúðum eða á flótta.

Flestir svarenda voru með ríkisborgararétt á Íslandi (88%). Aðrir höfðu ríkisborgararétt í Kosovo, Króatíu og Víetnam. Í töflu III.1 má sjá hvernig skipting þátttakenda var en fjöldatölur eru hærri en heildarfjöldi þátttakenda vegna þess að nokkrir svarendur voru með ríkisborgararétt í tveimur löndum. Allir þeir 12 sem höfðu tvöfaldan ríkisborgararétt höfðu ríkisborgararétt á Íslandi annars vegar og í heimalandi/upprunalandi sínu hins vegar.

Tafla III.1. Í hvaða landi ert þú með ríkisborgararétt?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall af svörum</i>	<i>Hlutfall af svarendum*</i>
Íslandi	37	68,5	88,1
Kosovo	9	16,7	21,4
Króatíu	6	11,1	14,3
Víetnam	2	3,7	4,8
Alls	54	100,0%	128,6%

* Svarendur gátu merkt við fleiri en einn svarmöguleika því er hlutfall svarenda í heild yfir 100%.

13 til 18 ára: Þrír unglínganna voru piltar og sex voru stúlkur. Þeir komu frá Kína og fyrrum Júgóslavíu⁹. Allir yfirgáfu þeir upprunaland/heimaland sitt og fóru á flótta á tíunda áratugnum, þó var einn sem vissi ekki hvaða ár hann yfirgaf upprunaland/heimaland sitt. Allir voru þeir í flóttamannabúðum en mislengi þó, allt frá tíu dögum upp í átta ár. Sex voru með íslenskan ríkisborgararétt, þar af tveir með tvöfaldan ríkisborgararétt, en þrír svöruðu ekki spurningunni.

⁹ Kosovo og Serbíu-Króatíu.


IV. Búseta flóttamanna á Íslandi

Í þessum kafla er greint frá niðurstöðum spurninga um búsetu flóttamanna á Íslandi. Meðal annars var spurt um flutninga milli landshluta, húsnæðismál og búsetu barna.

1. Búseta á Íslandi

Rétt rúmur helmingur (58%) svarenda litu á Ísland sem sitt heimaland en 32% nefndu Kosovo, 28% fyrrum Júgóslavíu og 18% nefndu Króatíu. Víetnam, Serbía-Svartfjallaland, Ungverjaland og Bosníu-Herzegónía voru einnig nefnd. Svarendur máttu nefna fleira en eitt land og það skýrir hvers vegna samanlagt hlutfall svara er yfir 100%. Alls nefndu 23 svarendur tvö lönd sem heimaland sitt og af þeim voru 22 sem nefndu Ísland sem annað af þessum tveimur löndum.

Rúmur helmingur þátttakenda í könnuninni flutti til Íslands á fjögurra ára tímabili, frá 1999 til 2003 eins og sjá má á mynd IV.1. Átta manns, eða 15%, fluttist til Íslands fyrir meira en 15 árum síðan og þar af voru tveir svarendur sem fluttu hingað árið 1956.




Mynd IV.1. Hvaða ár fluttir þú til Íslands?

Talsverður hreyfanleiki er á hópnum sem kemur fram í því að stór hluti fólks hefur flust á milli landshluta. Þetta má sjá á mynd IV.2 sem sýnir til hvaða landshluta svarendur fluttu í upphafi og núverandi búsetu. Enginn svarandi bjó eða býr á Vesturlandi¹⁰ og eins og sjá má á myndinni. búa nú flestir á höfuðborgarsvæðinu (58%), þrátt fyrir að innan við þriðjungur hafi búið þar fyrst eftir komuna til Íslands.

¹⁰ Vesturland hefur ekki tekið á móti flóttamannahópnum og skýrir það hvers vegna enginn bjó þar fyrst eftir að þeir fluttu til Íslands.


■ Í hvaða landshluta bjóst þú fyrst eftir að þú fluttir til Íslands? □ Í hvaða landshluta býrð þú núna?



Mynd IV.2. Í hvaða landshluta bjóst þú fyrst eftir að þú fluttir til Íslands og í hvaða landshluta býrð þú núna?

Meirihluti svarenda vildi búa á sama stað á Íslandi og þeir gerðu en 17% vildu flytja af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið. Enginn vildi flytja af höfuðborgarsvæðinu út á land og enginn þeirra sem búsettir voru á landsbyggðinni vildi búa annars staðar á landsbyggðinni. Flestir vildu flytja annað í leit að betri atvinnumöguleikum (73%) og til að búa í námunda við vini og ættingja (73%). Einnig vildi rúmlega þriðjungur flytja til að búa nálægt sínum samlöndum eða til að búa í stærra samfélagi. Ástæða þess að samanlagðar hlutfallstölur eru hærri en 100% er að svarendur máttu merkja við fleiri en einn svarmöguleika.

Miklum meirihluta fannst frekar eða mjög gott að búa á Íslandi eins og sjá má á mynd IV.3 en einum svaranda (2%) þótti það mjög slæmt.



Mynd IV.3. Þegar á heildina er litið, hversu gott eða slæmt finnst þér að búa á Íslandi?

1.1 Samanburður

Innflytjendur á Vestfjörðum og Austurlandi voru líkt og flóttamenn spurði hversu gott eða slæmt þeim þætti að búa á Íslandi. Samkvæmt kí-kvaðratprófi¹¹ var ekki munur á hópunum tveimur¹². Langflestum þótti mjög eð frekar gott að búa á Íslandi.

1.2 Flóttamenn 13 til 18 ára

Meirihluti svarenda á aldrinum 13 til 18 ára (78%) leit á lönd fyrrum Júgóslavíu sem heimaland sitt og aðrir litu á Ísland (33,3%). Einn svarandi nefndi tvö lönd sem heimaland sitt og var Ísland annað þeirra.

Svarendur á aldrinum 13 til 18 ára komu hingað til lands á árunum 1997 til 2002 en tveir sögðu ekki til um hvaða ár þeir komu til Íslands sem flóttamenn. Tæplega helmingurinn bjó á höfuðborgarsvæðinu, aðrir á landsbyggðinni. Einhverjir höfðu flutt milli landshluta frá því þeir komu fyrst til Íslands en það voru tiltölulega fáir. Einn svarandi vildi flytja af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið til að búa í stærra samfélagi.


Öllum svarendum á aldrinum 13 til 18 ára þótti frekar eða mjög gott að búa á Íslandi.

2. Húsnæðismál flóttamanna

Aðspurðir um húsnæðismál reyndist helmingur svarenda búa í eigin húsnæði, fjórðungur í leiguhúsnæði á vegum sveitarfélagsins og fimmtungur í leiguhúsnæði á almennum leigumarkaði (mynd IV.4). Ekki var neinn munur á körlum og konum í þessum efnunum.

¹¹ ($\chi^2(2, N=223)=1,50, p>0,05$)

¹² Notast var við kí-kvaðratpróf sem reyndist ógilt sökum fámennra hópa en gilt marktæktpróf fékkst með því að sameina flokkana *Hvorki gott né slæm*, *Frekar slæmt* og *Mjög slæmt*. Þess er vert að geta að aðeins einum flóttamanni þótti slæmt að búa hér á landi og engum innflytjenda. Svörin skiptust því aðallega milli þeirra sem fannst gott að búa á Íslandi og þeirra sem þótti það hvorki gott né slæmt.



Mynd IV.4. Í hvernig húsnæði býrð þú?

Aðeins einn sarendanna átti börn sem bjuggu í upprunalandi viðkomandi. Börn annarra bjuggu á Íslandi fyrir utan einn svaranda sem átti barn sem hvorki var búsett á Íslandi né í upprunalandi svarandans.

Svarendur á aldrinum 13 til 18 ára bjuggu allir nema einn hjá báðum foreldrum sínum.

2.1 Samanburður

Munur var á húsnæðisháttum flóttamanna og innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi¹³ þar sem flóttamenn bjuggu frekar í leiguhúsnæði á vegum sveitarfélagsins eða 26% þeirra á móti 16% innflytjenda. Enginn flóttamaður bjó í húsnæði á vegum fyrirtækisins sem þeir unnu hjá en það gerðu 15% innflytjenda. Flóttamennirnir bjuggu frekar í eigin húsnæði en innflytjendurnir eða 52% þeirra á móti 40% innflytjenda.


¹³ ($\chi^2(5, N=217)=15,39, p<0,01$)

V. Flóttamenn og fjölskyldur þeirra

Í þessum kafla er greint frá nokkrum atriðum er snúa að aldri svarenda, hjúskaparstöðu, barnafjölda og ánægju með skólakerfið.

1. Aldur og hjúskaparstaða flóttamanna

Meðalaldur svarenda var 44 ár, sá yngsti var 23 ára og þeir elstu 71 árs. Eins og sjá má á mynd V.1 voru tæp 40% á aldrinum 36-45 ára og innan við 10% voru yngri en 25 ára.



Mynd V.1. Aldur svarenda

Meirihluti svarenda (80%) var í hjónabandi eða sambúð¹⁴. Af þeim tíu svarendum sem hvorki voru í hjónabandi né sambúð höfðu fjórir misst maka sinn og tveir voru fráskildir.

Þeir sem voru í hjónabandi eða sambúð voru spurðir hvaðan maki þeirra væri. Hjá flestum var Kosovo eða Króatía upprunaland maka en 37% áttu maka frá Kosovo og önnur 37% áttu maka frá Króatíu og er það í samræmi við uppruna svarenda. Einn svarendanna átti maka frá Íslandi og tíu áttu maka sem komu frá öðrum löndum.

2. Börn flóttamanna

Mikill meirihluti svarenda átti börn (93%)¹⁵. Í töflu V.1 má sjá hve mörg börn svarendur áttu. Um 27% svarenda áttu aðeins börn sem voru 18 ára eða eldri.


¹⁴ Hátt hlutfall fólks í hjónabandi eða sambúð má að hluta skýra með vali á flóttamannahópum til landsins. Hingað til hefur verið lögð áhersla á að taka á móti fjölskyldum. Hópurinn sem kom hingað til lands 1959 er þó undantekning.

¹⁵ Barnafjölskyldur voru valdar fram yfir aðra til að koma til landsins.

Tafla V.1. Barnafjöldi		
	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>
Eitt barn	28,9	11
Tvö börn	39,5	15
Þrjú börn	15,8	6
Fjögur börn eða fleiri	15,8	6
Alls	100%	38

Þeir þátttakendur sem áttu börn voru spurðir um álit á leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum eftir því sem átti við um aldur barna þeirra. Sjö svarendur áttu barn eða börn á leikskóla og voru fimm þeirra mjög ánægðir með leikskóla barna sinna og hinir tveir voru frekar ánægðir. Allir sem áttu barn eða börn í leikskóla sögðust alltaf mæta í foreldraviðtöl.


Rúmur helmingur (56%) svarenda átti barn eða börn í grunnskóla og á mynd V.2 má sjá viðhorf þeirra til grunnskólans sem börn þeirra voru í. Mikill meirihluti, tæp 90%, var frekar eða mjög ánægður með skóla barna sinna og enginn var óánægður.



Mynd V.2. Ert þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með grunnskólann sem barnið þitt/börnin þín eru í?

Rúm 70% þeirra sem áttu barn eða börn í grunnskóla mættu alltaf í foreldraviðtöl, fjórðungur mætti stundum og einn svarendanna mætti aldrei. Fimm manns tilgreindu ástæðu þess að þeir mættu stundum eða aldrei í foreldraviðtöl, þrír sögðu ástæðuna vera tungumálaerfiðleika, aðrir áttu erfitt með að fá frí frá vinnu til að mæta í foreldraviðtöl eða áttu maka sem mætti alltaf.

Tæpur þriðjungur (14 manns) átti barn eða börn á framhaldsskólastigi. Sem fyrr var meirihluti foreldra almennt mjög eða frekar ánægður með skólann. Sjá mynd V.3.



Mynd V.3. Ert þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með framhaldsskólann sem barnið þitt/börnin þín eru í?

Að lokum var spurt um háskóla en tveir svarenda áttu barn eða börn í háskóla. Annar þeirra var mjög ánægður með skólann en hinn svaraði ekki spurningunni.

2.1 Samanburður

Hlutfall innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi sem mættu alltaf í foreldraviðtöl í grunnskólanum sem barnið/börnin voru í var nánast jafnhátt og hjá flóttamönnum en ekki var hægt að bera saman mætingu í foreldraviðtöl í leikskólum hjá hópunum tveimur þar sem fáir flóttamenn áttu barn/börn í leikskóla.

VI. Skólaganga 13 til 18 ára flóttamanna

Níu manns svöruðu unglingslistanum og voru þeir 15 til 18 ára, en einn svarandi sagði ekki til um fæðingarár sitt.

Allir nema einn voru í námi og tveir þeirra unnu með námi (7 til 14 stundir á viku). Tveir svarendur voru í grunnskóla og voru þeir frekar eða mjög ánægðir með skólann sinn. Fimm voru í framhaldsskóla og voru þeir einnig frekar eða mjög ánægðir með skólann.

Móðir eins svaranda hafði lokið námi á háskólastigi. Mæður annarra höfðu ýmist lokið skyldunámi eða starfsnámi. Feður fimm svarenda höfðu lokið verklegu framhaldsnámi/iðnnámi, aðrir höfðu lokið skyldunámi eða starfsnámi.

1. Stuðningur foreldra

Settar voru fram nokkrar staðhæfingar, annars vegar um móður og hins vegar um föður svarenda, og voru unglingar beðnir að merkja við hvort þeir væru sammála eða ósammála staðhæfingunum.

Allir nema einn voru frekar eða mjög sammála því að móðir þeirra og faðir fylgdist vel með hvernig þeim gengi í skóla. Misjafnt var hvort móðir/faðir svarendanna skipti sér af því hvort þeir lærðu heima eða ekki. Svarendur voru allir frekar eða mjög sammála þeirri staðhæfingu að móðir/faðir þeirra fylgdust vel með því hvort þeir mættu í tíma auk þess sem foreldrunum þótti mikilvægt að þeir myndu ljúka einhverju námi. Svarendur voru frekar eða mjög sammála því að móðir/faðir þeirra spyrði þá oft hvað þeir gerðu í skólanum fyrir utan kennslustundir og einnig að þau hvettu þá til að standa sig vel í námi. Misjafnt var hvort svarendur vildu fá meiri stuðning frá foreldrum sínum við námið en flestir voru frekar eða mjög sammála því að móðir/faðir þeirra sýndi áhuga á hvað þeir voru að læra í skólanum. Fimm af átta voru frekar eða mjög sammála því að móðir/faðir þeirra aðstoðaði við heimanámið en þrír fengu litla aðstoð frá foreldrum.

Foreldrar alla höfðu lagt áherslu á að viðmælendur legðu stund á núverandi nám eða/og færu í frekara nám. Að mati unglinganna vissu foreldrar þeirra oft eða nær alltaf hvar þeir voru um helgar og með hverjum þeir voru. Foreldrar flestra svarendanna þekktu oftast vini/vinkonur þeirra. Flestir unglinganna töldu að foreldrar þeirra skildu þá mjög vel.

2. Nám og ástundun

Nokkrar spurningar sneru beint að náminu og voru svarið beðnið að miða við síðasta vetur eða síðast þegar þeir voru í skóla þegar þeir svöruðu hvort þeir væru sammála eða ósammála fullyrðingunum.

Unglingarnir sögðust sinna heimanáminu vel og að þeir mættu yfirleitt vel í kennslustundir. Þeir voru þó allir, nema einn, frekar eða mjög sammála um þeir vildu óska að þeir hefðu sinnt heimanáminu betur. Tveir svariðanna skiluðu verkefnum yfirleitt ekki á réttum tíma og hafði umsjónarkennari eða annar starfsmaður talað við einn þeirra út af slæmri mætingu. Allir, utan einn, voru frekar eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að þeim hafi líkað vel í skólanum síðasta vetur eða síðast þegar þeir voru í skóla.

Nokkuð var um að svarið ættu í erfðileikum í námi. Tveir áttu erfitt með lestur, tveir í stærðfræði og tveir áttu erfitt með íslenskunámið. Enginn átti frekar eða mjög erfitt með tvær námsgreinar.

3. Afstaða til náms almennt og líðan í skólanum

Svarið voru spurðir nokkurra spurninga um nám og skóla og í töflu VI.1 má sjá hvernig svörin við hverri spurningu fyrir sig dreifðust. Afstaða svarið var almennt jákvæð sem má meðal annars sjá á því að 88% þeirra leið yfirleitt vel í skólanum, 89% líkaði námið vel, 75% fannst mikilvægt að ljúka einhverju námi og allir töldu sig geta náð árangri ef þeir legðu sig fram. Þrátt fyrir fjölmörg jákvæð atriði frestaði helmingur svarið yfirleitt verkefnum fram á síðustu stundu, fjórðungi gekk oft illa í samskiptum við skólafélaga sína og 76% svarið töldu sig kvíða meira fyrir prófum en flestum öðrum.

Tafla VI.1. Afstaða til náms og skóla						
	<i>Mjög sammála</i>	<i>Frekar sammála</i>	<i>Frekar ósammála</i>	<i>Mjög ósammála</i>	<i>Alls</i>	<i>Fjöldi</i>
Mér líður yfirleitt vel þegar ég er í skólanum	75	13	13	0	100%	8
Ég fresta yfirleitt verkefnum fram á síðustu stundu	25	25	13	38	100%	8
Mér finnst mikilvægt að ljúka einhverju námi	75	0	25	0	100%	8
Mér finnst mjög líklegt að ég útskrifist frá þessum skóla	88	0	13	0	100%	8
Mér finnst líklegt að ég haldi áfram námi eftir framhaldsskóla	71	0	0	29	100%	7
Mér líkar vel námið sem ég er í nú	67	22	0	11	100%	9
Mér finnst yfirleitt gaman í kennslustundum	50	38	13	0	100%	8
Ég á auðvelt með að læra	44	33	22	0	100%	9
Bestu vinum mínum gengur vel í skóla	50	38	13	0	100%	8
Mér gengur oft illa í samskiptum við skólafélaga mína	13	13	25	50	100%	8
Mér hefur alltaf þótt mikilvægt að standa mig vel í skóla	75	25	0	0	100%	8
Mér líkar félagslífið í þessum skóla	50	25	25	0	100%	8
Ég hef trú á því að ég geti ráðið við námið sem ég er í	71	29	0	0	100%	7
Bestu vinum mínum finnst mikilvægt að standa sig vel í skóla	50	25	25	0	100%	8
Ég held ég geti náð árangri í flestum námsgreinum ef ég legg mig fram	88	13	0	0	100%	8
Mér finnst ég vera hluti af tilteknum hópi í skólanum	63	25	13	0	100%	8
Ég er ánægð(ur) með vinnubrögð mín í námi	38	63	0	0	100%	8
Ég kvíði yfirleitt meira fyrir prófum en flestir aðrir í kringum mig	38	38	13	13	100%	8
Ég veit nokkurn veginn hvað mig langar til að starfa við í framtíðinni	63	0	13	25	100%	8

Að lokum voru svaendur á aldrinum 13 til 18 ára spurðir hversu góðir eða slakir námsmenn þeim þótti þeir vera, á heildina litið. Til að svara spurningunni notuðu þeir mælistiku frá 1-10 þar sem 1 þýddi mjög slakur námsmaður og 10 þýddi mjög góður námsmaður. Meðaltalið var 8,3 og má því segja að svaendur hafi almennt litið á sig sem fremur góða námsmenn.

VII. Tungumálakunnátta flóttamanna

Hér verður fjallað um kunnáttu í móðurmáli svarenda, kunnáttu í öðrum tungumálum og íslenskukunnáttu.

1. Móðurmál flóttamanna

Serbneska-króatíska var móðurmál helmingis þátttakenda og er það í samræmi við hlutföll í úrtaki. Móðurmál tæplega þriðjungs var albanska en önnur tungumál sem voru nefnd voru pólska, ungverska og víetnamíska. Meirihluti svarenda, eða 80%, talaði alltaf móðurmál sitt við börn sín, 16% oftast og 4% sjaldan.

Tæp 40% gátu ekki tjáð sig á öðru tungumáli en móðurmáli sínu. Þeir sem sögðust tala önnur tungumál nefndu oftast íslensku og þar á eftir kom enska. Ekki reyndist munur á konum og körlum í þessu efni.

1.1 Samanburður

Rétt eins og hjá flóttamönnum talaði mikill meirihluti innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi alltaf eða oftast móðurmál sitt við börnin sín (91% samanborið við 96% flóttamanna).

Munur var á innflytjendum og flóttamönnum þegar litið var til þess hvort fólk gat tjáð sig á fleiri tungumálum en móðurmáli sínu¹⁶. Rúm 80% innflytjendanna gátu tjáð sig á öðru tungumáli en móðurmáli sínu á móti rúmum 60% flóttamanna.


1.2 Flóttamenn 13 til 18 ára

Meirihluti unglínganna (67%) gat tjáð sig á fleiri en einu tungumáli fyrir utan móðurmálið voru enska og íslenska þau tungumál sem svarendur gátu tjáð sig á.

2. Íslenskukunnátta flóttamanna


Eins og sjá má á mynd VII.1 hafði yfir helmingur svarenda frekar eða mjög góðan skilning á íslensku, rúmur fjórðungur taldi skilning sinn hvorki góðan né slæman og 15% hafði frekar slæman skilning á íslensku. Enginn hafði mjög slæman eða nánast engan skilning á íslensku.

¹⁶ ($\chi^2(1, N=221)=9,07, p<0,01$)




Mynd VII.1. Hversu góðan eða slæman skilning telur þú þig hafa á íslensku?

Rúmur helmingur gat tjáð sig frekar eða mjög vel á íslensku, 29% hvorki vel né illa og 17% frekar illa (sjá mynd VII.2). Ekki var munur á konum og körlum í þessu efni.



Mynd VII.2. Hversu vel eða illa telur þú þig geta tjáð þig á íslensku?

Minnihluti svarenda (15%) fannst frekar eða mjög auðvelt að læra íslensku, rúmunum þriðjungu þeirra þótti það hvorki auðvelt né erfitt og tæpum helmingi frekar eða mjög erfitt (sjá mynd VII.3).



Mynd VII.3. Hversu auðvelt eða erfitt fannst þér að læra þá íslensku sem þú kannst?

Þeir 22 svarendur sem þótti frekar eða mjög erfitt að læra íslensku voru beðnir að nefna nokkur atriði um ástæður þess að erfitt væri að læra íslensku. Þá kom í ljós að svarendum þótti íslenskan vera ólík þeirra móðurmáli, þeir áttu erfitt með að mæta á íslenskunámskeið, til dæmis vegna vinnu eða fjölskylduáðstæðna, eða að skortur var á framboði á íslenskunámskeiðum (tafla VII.1).

Tafla VII.1. Hvers vegna var erfitt fyrir þig að læra íslensku?

	Fjöldi	Hlutfall af svörum	Hlutfall af svarendum*
Íslenskan ólík mínu móðurmáli	20	32,8	74,1
Get sjaldan mætt á íslenskunámskeið	10	16,4	37,0
Skortur á íslenskunámskeiðum	7	11,5	25,9
Mig vantar orðabækur	6	9,8	22,2
Mig vantar kennslubækur	5	8,2	18,5
Íslenskunámskeiðin kosta of mikið	4	6,6	14,8
Umgengst lítið Íslendinga	2	3,3	7,4
Heyri íslensku sjaldan talaða	2	3,3	7,4
Annað	5	8,2	18,5
Alls	61	100,0%	225,8%

* Svarendur máttu merkja við allt sem við átti, því er hlutfall svarenda í heild yfir 100%.

Meirihluti (85%) hafði áhuga á að læra íslensku eða læra hana betur. Hinir (15%) sögðust kunna íslensku nógu vel og var því enginn sem hafði ekki áhuga á að læra íslensku eða læra hana betur. Ríflega helmingur svarenda (58%) langaði að læra eitthvað annað tungumál en íslensku og nefndu flestir þeirra ensku sem það tungumál sem þeir helst vildu læra. Kannað var hvort munur væri á konum og körlum þegar kom að því að vilja læra eitthvað annað tungumál en íslensku en enginn munur kom fram.

2.1 Samanburður

Flóttamenn höfðu betri skilning á íslensku en innflytjendur á Vestfjörðum og Austurlandi¹⁷ en tæp 60% flóttamanna höfðu frekar eða mjög góðan skilning á íslensku samanborið við þriðjung innflytjenda. Svipaða sögu er að segja um hversu vel svarendur gátu tjáð sig á íslensku en 54% flóttamanna gat tjáð sig frekar eða mjög vel á íslensku samanborið við 30% innflytjenda¹⁸. Auk þess þótti hlutfallslega fleiri innflytjendum frekar eða mjög erfitt að læra þá íslensku sem þeir kunnu heldur en flóttamönnum¹⁹.

Rétt eins og hjá flóttamönnum hafði mikill meirihluta innflytjenda á landshlutunum tveimur áhuga á að læra íslensku eða læra hana betur en ekki var hægt að reikna marktektarpróf sökum fámennra hópa. Þegar litið er til þess hvort svarendur langaði að læra eitthvað annað tungumál en íslensku reyndist ekki marktækur munur á flóttamönnum og innflytjendum²⁰.

2.2 Flóttamenn 13 til 18 ára

Fjórir svarendur höfðu mjög góðan skilning á íslensku, aðrir höfðu frekar góðan eða hvorki góðan né slæman skilning. Öll gátu þau tjáð sig frekar eða mjög vel á íslensku og fannst einum þeirra mjög auðvelt að læra íslenskuna, tveimur þótti það frekar auðvelt og þremur þótti það hvorki auðvelt né erfitt.

¹⁷ ($\chi^2(4, N=223)=15,59, p<0,01$)

¹⁸ ($\chi^2(4, N=220)=14,75, p<0,01$)

¹⁹ ($\chi^2(4, N=195)=16,44, p<0,01$)


²⁰ ($\chi^2(1, N=176)=3,33, p>0,05$)

VIII. Þátttaka flóttamanna í félagsstarfi

Hér verður fjallað um þátttöku í félagsstarfi, hvort sem um ræðir þátttöku í félagi samlanda, öðru félagslífi, trúfélögum eða pólitíska þátttöku.

1. Félagslíf flóttamanna

Eins og sjá má á mynd VIII.1 sagði tæpur helmingur svarenda að til væru samtök eða félag samlanda sinna hér á landi (sjá vinstri súlu). Þriðjungur svarenda vissi ekki hvort slík samtök eða félag væri til. Það voru svo 20% sem vissu það fyrir víst að samtök eða félag samlanda þeirra hér á landi væru ekki til. Ekki reyndist munur á konum og körlum í þessu efni. Á mynd VIII.1 má einnig sjá að af þeim 46% sem vissu til þess að samtök eða félag samlanda væru til hér á landi tóku 40% þátt í starfi þeirra (miðsúla). Tæp 20% svarenda tóku svo þátt í almennu félagslífi af einhverju tagi, einna helst íþróttum (hægri súla).



Mynd VIII.1. Þátttaka í félagsstarfi og öðru félagslífi, hlutfall þeirra sem svara játandi.

1.1 Samanburður

Innflytjendur á Vestfjörðum og Austurlandi voru líkt og flóttamennirnir spurðir um þátttöku í starfi samtaka eða félags samlanda sinna á Íslandi. Ekki var munur á innflytjendum og flóttamönnum þegar kom að þátttöku í þess konar starfsemi²¹. Aftur á móti var munur²² á hópnum tveimur þegar kom að þátttöku í félagslífi en innflytjendur tóku frekar þátt í félagslífi en flóttamenn (55% á móti 19%).

²¹ ($\chi^2(1, N=92)=3,52, p>0,05$)


²² ($\chi^2(1, N=212)=19,01, p<0,001$)

1.2 Flóttamenn 13 til 18 ára

Tveir svarendur sögðu að til væru samtök eða félag samlanda sinna hér á landi og tók annar þeirra þátt í starfi þeirra. Fjórir vissu ekki hvort slík samtök eða félag væri til og þrír sögðu þau ekki vera til. Fjórir af níu tóku þátt í almennu félagslífi af einhverju tagi. Helmingur svarenda tók þátt í félagslífi/félagslegum athöfnum hvorki sjaldnar né oftar en flestir jafnaldrar sínir. Fjórðungur tók þátt mun sjaldnar en jafnaldrar sínir á móti fjórðungi sem var virkari en aðrir í þeirra aldurshópi.

2. Trúarbrögð flóttamanna

Innan við þriðjungur var skráður í trúfélag á Íslandi og voru flestir skráðir í Serbnesku rétttrúnaðarkirkjunna. Þau trúfélög sem flokkast undir *önnur trúfélög* voru Kapólska kirkjan, Þjóðkirkjan og Búddistafélag Íslands (mynd VIII.2). Ekki var munur á konum og körlum þegar litið var til þess hlutfalls sem skráð var í trúfélag á Íslandi. Rétt um 42% svarenda gátu sótt trúarsamkomur í sínu trúfélagi þar sem þeir bjuggu. Enginn svarandi á aldrinum 13 til 18 ára var skráður í trúfélag á Íslandi.



Mynd VIII.2. Ert þú skráð(ur) í trúfélag á Íslandi og ef svo er, hvaða trúfélag?


2.1 Samanburður

Árið 2004 voru 67% innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi skráðir í trúfélag á Íslandi og flestir þeirra í Kaþólsku kirkjuna. Munur er á flóttamönnum á Íslandi og innflytjendum á Vestfjörðum og Austurlandi þar sem flóttamenn voru síður skráðir í trúfélag á Íslandi²³.

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands voru 85% Íslendinga skráðir í Þjóðkirkjuna árið 2004 (Hagstofa Íslands, 2005b).

3. Pólitísk þátttaka flóttamanna

Eins og sjá má á mynd VIII.3 kaus fimmtungur svarenda, eða 10 manns, í síðustu Alþingiskosningum í maí 2003 (sjá vinstri súlu) og aðeins færri (17%) í síðustu sveitarstjórnarkosningum í maí 2002 (miðsúla). Fimm manns (9%) höfðu einhvern tíma tekið þátt í starfi stjórnámálflokks eða annarra pólitískra samtaka í upprunalandi/heimalandi sínu (hægri súla) en enginn hér á landi.



Mynd VIII.3. Pólitísk þátttaka flóttamanna, hlutfall þeirra sem svara játandi.

Þeir sem ekki kusu voru spurðir hvers vegna. Þá kom í ljós að mikill meirihluti (84%) hafði ekki kosningarétt²⁴ þegar Alþingiskosningarnar fóru fram árið 2003 (sjá töflu VIII.1). Svipað var uppi á teningnum þegar spurt var um sveitarstjórnarkosningarnar en 72% svarenda hafði ekki kosningarétt²⁵ þegar þær fóru fram árið 2002 og 16% svarenda bjó ekki á Íslandi þegar kosið var (sjá töflu VIII.2).

²³ ($\chi^2(1, N=215)=19,01, p<0,001$)

²⁴ Innflytjendur þurfa að hafa íslenskan ríkisborgararétt hér á landi til að geta kosið í Alþingiskosningum

²⁵ Innflytjendur þurfa að hafa búið í fimm ár eða lengur hér á landi eða hafa fengið íslenskan ríkisborgararétt til að geta kosið í sveitarstjórnarkosningum

Tafla VIII.1. Hvers vegna kaust þú ekki í síðustu Alþingiskosningum, í maí 2003?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall af svörum</i>	<i>Hlutfall af svaendum*</i>
Ég hafði ekki kosningarétt	31	79,5	83,8
Ég vissi lítið um listana sem voru í framboði	4	10,3	10,8
Ég hafði ekki áhuga	2	5,1	5,4
Ég vissi lítið um málefnið sem kosið var um	1	2,6	2,7
Annað	1	2,6	2,7
Alls	39	100,0%	105,4%


* Svarendur máttu merkja við allt sem við átti, því er hlutfall svarenda í heild yfir 100%.

Tafla VIII.2. Hvers vegna kaust þú ekki í síðustu sveitarstjórnarkosningum, í maí 2002?


	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall af svörum</i>	<i>Hlutfall af svaendum*</i>
Ég hafði ekki kosningarétt	31	68,9	72,1
Ég bjó ekki á Íslandi	7	15,6	16,3
Ég vissi lítið um listana sem voru í framboði	3	6,7	7,0
Ég hafði ekki áhuga	2	4,4	4,7
Annað	2	4,4	4,7
Alls	45	100,0%	104,8%

* Svarendur máttu merkja við allt sem við átti, því er hlutfall svarenda í heild yfir 100%.

Flestir svarendur, eða rúm 90% þeirra, töldu að þeir myndu frekar eða mjög líklega kjósa í næstu sveitarstjórnarkosningum, árið 2006 (sjá mynd VIII.4).

**Mynd VIII.4. Hversu líklegt eða ólíklegt telurðu að þú kjósir í næstu sveitarstjórnarkosningum, árið 2006?**

Stór hluti svarenda, eða tæp 60%, þótti íslenskir stjórnmalaflokkar eða framboð hvorki standa sig vel né illa í að kynna sig og sín málefni fyrir fólki sem skilur litla íslensku. Rúm 20% voru frekar eða mjög ánægð með kynningarmál íslenskra stjórnmalaflokka og tæp 20% voru frekar eða mjög óánægð (sjá mynd VIII.5).



Mynd VIII.5. Hversu vel eða illa finnst þér almennt séð íslenskir stjórnmaflokkar eða framboð standa sig í að kynna sig og sín málefni fyrir fólki sem skilur litla íslensku?

3.1 Samanburður

Tæpur þriðjungur innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi kaus í seinustu sveitarstjórnarkosningum og er ekki munur á kosningaþátttöku innflytjenda og flóttamanna²⁶. Ekki reyndist heldur munur á hópnum tveimur þegar litið var til þess hversu líklegt eða ólíklegt svarendur töldu að þeir myndu kjósa í næstu sveitarstjórnarkosningum árið 2006²⁷.

Hlutfallslega fleiri innflytjendur²⁸ en flóttamenn töldu að íslenskir stjórnmaflokkar eða framboð hafi staðið sig frekar eða mjög illa í að kynna sig og málefni sín fyrir fólki sem skilur litla íslensku²⁹.

²⁶ ($\chi^2(1, N=217)=2,84, p>0,05$)

²⁷ ($\chi^2(2, N=162)=3,57, p>0,05$)

²⁸ ($\chi^2(2, N=133)=13,78, p<0,05$)

²⁹ Notast var við kí-kvaðratpróf sem reyndist ógilt sökum fámennra hópa en gilt marktektarprófi fékkst með því að sameina flokkana *Mjög vel* og *Frekar vel* annars vegar og flokkana *Mjög illa* og *Frekar illa* hins vegar.

IX. Nýting flóttamanna á ýmis konar þjónustu


Hér verður fjallað um ýmis konar þjónustu sem stendur flóttamönnum til boða og þann stuðning sem þeir fengu við komu sína til landsins. Fjallað verður um túlkabjónustu, þjónustu verkalýðsfélaga auk þess sem greint verður frá því hvaðan svarendur treystu best upplýsingum og hvaðan þeir fengju helst upplýsingar um það sem væri að gerast, annars vegar á Íslandi og hins vegar í heimalandi/upprunalandi.

1. Stuðningur við komu til landsins og túlkabjónusta

Á fyrsta ári flóttamanna hér á landi áttu þeir rétt á margskonar þjónustu og stuðningi þeim að kostnaðarlausu. Helmingur svarenda hefði kosið að hafa stuðning lengur en á þessu fyrsta ári, til dæmis fjárhagslegan stuðning og aðstoð við að læra íslensku. Ekki var munur á konum og körlum hvað þetta snertir. Rúmur þriðjungur taldi sig hafa þörf fyrir sálfræðilega aðstoð til að hjálpa sér að leysa úr erfiðleikum vegna reynslu sinnar sem flóttamenn og kom þar enginn kynjamunur fram.

Nokkur hluti svarenda (59%) hafði nýtt sér túlkabjónustu eftir fyrsta árið hér á landi. Ekki var munur á kynjunum í þessu efni. Þeir sem nýtt höfðu sér þessa þjónustu voru spurðir hve oft þeir hefðu fengið þjónustu túlks. Aðeins sex þeirra sem höfðu nýtt sér túlkabjónustu svöruðu þeirri spurningu og höfðu þeir nýtt sér þjónustu misjafnlega oft, allt frá einu skipti upp í þrettán skipti.


Tveir af hverjum þremur svarendum höfðu kynnt sér í hvaða tilvikum þeir ættu rétt á túlki sér að kostnaðarlausu. Innan við 10% vissu ekki að þeir ættu rétt á aðstoð túlks (mynd IX.1).



Mynd IX.1. Hefur þú kynnt þér í hvaða tilvikum þú átt rétt á aðstoð túlks hér á Íslandi, þér að kostnaðarlausu?

Ekki var munur á konum og körlum þegar kom að því að hafa kynnt sér rétt sinn á aðstoð túlks, sér að kostnaðarlausu.

Eins og sjá má á mynd IX.2 treysti mikill meirihluti svarenda (85%) því frekar eða mjög vel að túlkur haldi trúnaði yfir þeim upplýsingum sem koma fram í samtölum sem túlkuð eru fyrir þá. Enginn treysti túlki illa en 16% svarenda sögðust hvorki treysta túlki vel né illa til að halda trúnaði.



Mynd IX.2. Hversu vel eða illa treystir þú því að túlkur haldi trúnaði yfir þeim upplýsingum sem koma fram í samtölum sem eru túlkuð fyrir þig?

Spurt var hvort auðvelt væri að fá aðstoð túlks sem talaði móðurmál viðkomandi í bæjarfélagi svaranda og sögðu 94% svarenda, eða allir nema tveir, að auðvelt væri að fá aðstoð túlks.

Um fimmtungur svarenda sagðist ekki geta gert sig skiljanlega án þess að nota túlk þegar þeir færu til læknis og rúmur þriðjungur taldi sig að hluta til geta gert sig skiljanlega. Ekki reyndist munur á konum og körlum í þessu efni. Prettán manns sögðu að einhver annar en túlkur, hafði túlkað fyrir þá þegar þeir leituðu til læknis og hjá flestum var það sonur, dóttir eða aðrir ættingjar sem höfðu aðstoðað (sjá töflu IX.1).

Tafla IX.1. Hver annar en túlkur hefur túlkað fyrir þig hjá lækni?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall af svörum</i>	<i>Hlutfall af svarendum*</i>
Sonur/dóttir	7	50,0	53,8
Aðrir ættingjar	4	28,6	30,8
Maki	2	14,3	15,4
Vinur/vinir að heiman	1	7,1	7,7
Alls	14	100,0%	107,7%

* Svarendur máttu merkja við allt sem við átti, því er hlutfall svarenda í heild yfir 100%.

1.1 Samanburður

Flóttamenn höfðu frekar notfært sér þjónustu túlks heldur en innflytjendur á Vestfjörðum og Austurlandi, eða 59% á móti 32% innflytjenda³⁰. Fleiri flóttamenn en innflytjendur höfðu kynnt sér í hvaða tilvikum þeir áttu rétt á aðstoð túlks hér á landi, sér að kostnaðarlausu, eða 66% þeirra á móti aðeins 27% innflytjenda³¹.

Flóttamenn treystu því betur en innflytjendur að túlkur héldi trúnaði yfir þeim upplýsingum sem koma fram í samtölum sem eru túlkuð fyrir þá en 85% flóttamanna treystu því frekar eða mjög vel á móti 53% innflytjenda³². Ekki reyndist munur á flóttamönnum og innflytjendum þegar litið var til þess hvort svarendur gætu gert sig skiljanlega þegar þeir færu til læknis³³. Hins vegar höfðu fleiri innflytjendur en flóttamenn fengið einhvern annan aðila en túlk til að túlka fyrir sig þegar þeir leituðu til læknis³⁴.

1.2 Flóttamenn 13 til 18 ára

Rúmlega helmingur unglínganna hafði einhvern tíma notfært sér þjónustu túlks eftir fyrsta árið hér á landi. Aðeins einn hafði kynnt sér í hvaða tilvikum hann átti rétt á aðstoð túlks sér að kostnaðarlausu og einn vissi ekki að hann hafði rétt á aðstoð túlks. Ólíkt fullorðnu þátttakendunum voru unglíngarnir spurðir hvort þeir teldu sig hafa þörf á aðstoð túlks við ákveðnar aðstæður en enginn svarendanna taldi þörf á því. Rúmlega helmingur svarenda treysti því frekar eða mjög vel að túlkur héldi trúnaði yfir þeim upplýsingum sem koma fram í samtölum sem eru túlkuð fyrir þá, þrír treystu því hvorki vel né illa.

2. Þjónusta stéttarfélaga/verkalýðsfélaga og upplýsingar

Um það bil 60% svarenda höfðu kynnt sér þjónustu stéttarfélags/verkalýðsfélags síns en um þriðjungur svarenda hafði leitað til stéttarfélags á Íslandi. Ekki var munur á kynjum í þessu efni, hvorki þegar litið var til þess hvort svarendur höfðu kynnt sér þjónustu stéttarfélags/verkalýðsfélags síns né hvort svarendur höfðu leitað til stéttarfélaga á Íslandi.

³⁰ ($\chi^2(1, N=223)=12,24, p<0,001$). Flóttamenn voru hér spurðir hvort þeir hefðu notfært sér þjónustu túlks eftir fyrsta árið hér á landi, þ.e. eftir að þeir hættu að fá margskonar þjónustu/stuðning sér að kostnaðarlausu en innflytjendur á Vestfjörðum og Austurlandi voru spurðir hvort þeir hefðu einhvern tíma notfært sér þjónustu túlks.

³¹ ($\chi^2(2, N=221)=26,48, p<0,001$)

³² ($\chi^2(4, N=135)=17,79, p<0,05$)

³³ ($\chi^2(2, N=211)=1,30, p>0,05$)

³⁴ ($\chi^2(1, N=50)=3,94, p<0,05$)

Þátttakendur voru spurðir hvaðan þeir fengju helst upplýsingar um hvað væri að gerast á Íslandi og í heimalandi/upprunalandi þeirra. Flestir fengu upplýsingar um íslenska atburði úr sjónvarpi en þar á eftir komu blöð og tímarit og textavarpið³⁵ (tafla IX.2).

Tafla IX.2. Hvaðan færð þú upplýsingar um hvað er að gerast á Íslandi?			
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall af svörum</i>	<i>Hlutfall af svarendum*</i>
Í sjónvarpi	48	29,1	90,6
Í blöðum og tímaritum	29	17,6	54,7
Á textavarpinu	23	13,9	43,4
Á Internetinu	17	10,3	32,1
Hjá vinnufélögum	17	10,3	32,1
Í útvarpi	16	9,7	30,2
Hjá ættingjum og vinum	11	6,7	20,8
Hjá öðrum innflytjendum	4	2,4	7,5
Alls	165	100,0%	311,4%

* Svarendur máttu merkja við allt sem við átti, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%.

Þegar litið er til þess hvaðan svarendur fengu upplýsingar um hvað væri að gerast í heimalandi/upprunalandi sínu spilaði Internetið stórt hlutverk en sjónvarpið fylgdi þar fast á eftir. Auk þess fengu margir upplýsingar frá ættingjum og vinum (tafla IX.3).

Tafla IX.3. Hvaðan færð þú upplýsingar um hvað er að gerast í heimalandi þínu?			
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall af svörum</i>	<i>Hlutfall af svarendum*</i>
Á Internetinu	31	30,7	59,6
Í sjónvarpi	30	29,7	57,7
Hjá ættingjum og vinum	23	22,8	44,2
Í blöðum og tímaritum	8	7,9	15,4
Í útvarpi	7	6,9	13,5
Fylgist ekki með	2	2,0	3,8
Alls	101	100,0%	194,2%

* Svarendur máttu merkja við allt sem við átti, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%.

2.1 Samanburður

Ekki reyndist munur á innflytjendum á Vestfjörðum og Austurlandi og flóttamönnum þegar kom að því að hafa kynnt sér þjónustu stéttafélags/verkalýðsfélags síns³⁶ auk þess sem svipað hlutfall hjá hópunum tveimur hafði leitað til stéttafélags á Íslandi³⁷.

³⁵ Upplýsingar á textavarpri RÚV eru settar fram á ýmsum tungumálum, þó ekki vietnámísku.

³⁶ ($\chi^2(1, N=206)=0,21, p>0,05$)

³⁷ ($\chi^2(1, N=221)=0,36, p>0,05$)

Innflytjendur fengu helst upplýsingar um hvað gerist á Íslandi í gegnum sjónvarp líkt og flóttamenn á Íslandi. Þar á eftir komu vinnufélagar og ættingjar/vinir í stað blaða/tímarita og textavarpsins hjá flóttamönnum.

Þegar litið er til þess hvaðan fólk fær upplýsingar um hvað gerist í heimalandi sínu er sjónvarpið einnig sá miðill sem flestir innflytjendur notuðu og þar á eftir komu ættingjar og vinir. Flestir flóttamenn notuðust aftur á móti við Internetið og sjónvarpið.

2.2 Flóttamenn 13 til 18 ára

Í töflu IX.4 má sjá að líkt og hjá fullorðnum svarendum skipti sjónvarpið mestu í að veita unglíngum upplýsingar um hvað væri að gerast á Íslandi en þar á eftir komu blöð/tímarit og Internetið.

Tafla IX.4. Hvaðan færð þú upplýsingar um hvað er að gerast á Íslandi? Svör 13 til 18 ára.			
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall af svörum</i>	<i>Hlutfall af svarendum*</i>
Í sjónvarpi	7	22,6	87,5
Í blöðum og tímaritum	6	19,4	75,0
Á Internetinu	5	16,1	62,5
Á textavarp	4	12,9	50,0
Hjá vinnufélögum	4	12,9	50,0
Í útvarpi	3	9,7	37,5
Hjá ættingjum og vinum	1	3,2	12,5
Hjá öðrum innflytjendum	1	3,2	12,5
Alls	31	100,0%	387,5%

* Svarendur máttu merkja við allt sem við átti, því er hlutfall svarenda í heild yfir 100%.

Rétt eins og hjá þeim fullorðnu er Internetið sá miðill sem flestir nota til að fá upplýsingar um hvað er að gerast í fyrrum heimalandi/upprunalandi en þar á eftir koma ættingjar og vinir og sjónvarpið fylgir svo fast á eftir (sjá töflu IX.5).

Tafla IX.5. Hvaðan færð þú upplýsingar um hvað er að gerast í fyrrum heimalandi þínu? Svör 13 til 18 ára.			
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall af svörum</i>	<i>Hlutfall af svarendum*</i>
Á Internetinu	6	30,0	75,0
Hjá ættingjum og vinum	5	25,0	62,5
Í sjónvarpi	4	20,0	50,0
Í útvarpi	2	10,0	25,0
Í blöðum og tímaritum	1	5,0	12,5
Hjá vinnufélögum	1	5,0	12,5
Annars staðar	1	5,0	12,5
Alls	20	100,0%	250,0%


* Svarendur máttu merkja við allt sem við átti, því er hlutfall svarenda í heild yfir 100%.

X. Atvinna flóttamanna

Í þessum kafla eru niðurstöður spurninga um atvinnu svarenda í upprunalandi/heimalandi þeirra og hér á Íslandi ásamt spurninga um ýmis vinnuskilyrði, svo sem viðhorf til vinnunnar, vinnutíma og fleira.

1. Atvinna flóttamanna í heimalandi og á Íslandi

Fimmtungur svarenda höfðu ekki verið í vinnu áður en þeir komu til Íslands en á mynd X.1 má sjá hvers konar störf svarendur unnu hér á landi samanborett við þau störf sem þeir höfðu í heimalandi/upprunalandi sínu. Dekkri súlurnar vísa til starfa í heimalandi/ upprunalandi. Flestir voru iðnaðarmenn (19%) eða sinntu ósérhæfðum störfum (19%) en 17% störfuðu við afgreiðslu eða þjónustu. Aðeins tveir svarendur voru í sérfræðingsstarfi og einn í stjórnunarstarfi. Þegar könnunin var gerð voru 72% svarenda í launuðu starfi hér á landi og var ekki munur á konum og körlum í þessu efni. Ljósari súlurnar í mynd X.1 vísa til þeirra starfa sem svarendur sinntu á Íslandi. Töluverður munur er á atvinnu svarenda hér á landi samanborett við í heimalandi/upprunalandi en sérstaklega margir vinna ósérhæfð störf hér á Íslandi, eða 47% svarenda á móti 19% í heimalandi/upprunalandi.



Mynd X.1. Hvert var þitt aðalstarf áður en þú komst til Íslands og hvert er þitt aðalstarf á Íslandi í dag?

Í töflu X.1 má sjá fjölda þeirra sem störfuðu í hverri atvinnugrein fyrir sig áður en flutt var til Íslands samanborett við fjölda þeirra sem starfa í atvinnugreininni á Íslandi í dag. Þrátt fyrir að munur hafi komi fram á aðalstörfum svarenda reyndist ekki mikill munur á atvinnugreinum þeirra í upprunalandi/heimalandi og svo hér á Íslandi.

Tafla X.1. Í hvaða atvinnugrein er fyrirtækið/stofnunin sem þú starfaðir hjá síðustu þrjá mánuðina áður en þú komst til Íslands og í hvaða atvinnugrein er fyrirtækið sem þú starfar hjá á Íslandi?

	<i>Fjöldi í heimalandi</i>	<i>Fjöldi á Íslandi</i>	<i>Hlutfall í heimalandi</i>	<i>Hlutfall á Íslandi</i>
Verslun/þjónusta	9	6	24,3	21,4
Í menntageiranum	4	5	10,8	17,9
Fiskvinnslu	0	2	0,0	7,1
Fiskveiðum	0	2	0,0	7,1
Í heilbrigðisgeiranum	1	2	2,7	7,1
Byggingariðnaði	4	1	10,8	3,6
Í annarri opinberri þjónustu	2	1	5,4	3,6
Veitum, s.s. orkuveitum, vatnsveitum	0	1	0,0	3,6
Samgöngum, t.d. í flutningum eða vegagerð	4	1	10,8	3,6
Landbúnaði	3	0	8,1	0,0
Bönkum, tryggingafyrirtækjum, fjármálastofnunum	2	0	5,4	0,0
Annarri atvinnugrein	8	7	21,6	25,0
Alls	37	28	100%	100%

1.1 Samanburður

Á síðasta ársfjórðungi ársins 2004 voru 80% Íslendinga með atvinnuþátttöku samkvæmt Hagstofu Íslands³⁸ (Hagstofa Íslands, 2005a). Atvinnuþátttaka flóttamanna var örlítið meiri en 72%, þar sem atvinnulausir voru ekki taldir með.

Hlutfallslega fleiri innflytjendur á Vestfjörðum og Austurlandi voru í launuðu starfi eða 93% þeirra á móti 72% flóttamanna³⁹. Einnig var munur milli flóttamanna og Íslendinga í lífsgildakönnuninni 1999 en 85% Íslendinga voru í launuðu starfi⁴⁰.

Innflytjendur á Vestfjörðum og Austurlandi voru líkt og flóttamennirnir annars vegar spurðir um aðalstarf áður en þeir komu til Íslands og hins vegar um aðalstarf á Íslandi. Svipað hlutfall þeirra og flóttamanna var í ósérhæfðu starfi á Íslandi en hlutfallslega færri höfðu verið í ósérhæfðu starfi í heimalandi sínu. Að jafnaði virtust innflytjendur síður vera iðnaðarmenn en flóttamennirnir en hlutfallslega fleiri þeirra virtust vera í sérhæfðu starfi/tæknistarfi eða sérfræðingsstarfi, í heimalandi sínu.

2. Vinnutími og ráðningarsamningar flóttamanna


Helmingur svarenda hafði unnið á núverandi vinnustað í þrjú ár eða skemur (mynd X.2). Að meðaltali var starfsreynsla svarenda 4 ár. Þess má þó geta að einn svarendanna hafði unnið á

³⁸ Það skal athugað að þeir sem teljast til vinnuafis hjá Hagstofunni eru bæði þeir sem hafa atvinnu og þeir sem eru atvinnulausir

³⁹ ($\chi^2(1, N=213)=15,56, p<0,001$)

⁴⁰ ($\chi^2(1, N=862)=6,35, p<0,05$)

vinnustað sínum í 22 ár og ef hann er ekki tekinn með í reikninginn þá er starfsreynsla svarenda að meðaltali 3,5 ár.



Mynd X.2. Hversu lengi hefur þú unnið á núverandi vinnustað?

Spurt var um vinnutíma á viku og var hann að meðaltali 43 klukkustundir en svarendur unnu á bilinu 30 til 60 klukkustundir á viku.

Níu manns, eða fjórðungur þeirra sem voru í launuðu starfi höfðu tekið veikindadaga í mánuðinum áður en þeir svöruðu könnuninni og höfðu þeir flestir tekið einn veikindadag.

Rúmlega þrír af hverjum fjórum (76%) tóku sumarfrí á árinu 2003, að jafnaði í 28 daga. Svarendur voru spurðir hvort þeir vildu taka sumarfrí utan hefðbundins sumarleyfistíma, 39% svarenda vildi það og nefndu þeir einna helst desember sem frímánuð. Kynjamunur var ekki til staðar þegar kom að því að vilja taka sumarfrí utan hefðbundins sumarleyfistíma.

Tæpur helmingur (49%) svarenda hafði skrifað undir ráðningarsamning í núverandi starfi og ekki reyndist munur á kynjunum í því efni. Af þeim sem skrifað höfðu undir slíkan samning skildi meirihlutinn (80%) allt sem stóð í samningnum og 20% skildu sumt sem stóð í samningnum en annað ekki.

2.1 Samanburður

Meðalfjöldi vinnustunda á viku hjá innflytjendum á Vestfjörðum og Austurlandi voru tæpar 42 klukkustundir og er ekki munur á milli þeirra og flóttamanna⁴¹. Ekki reyndist heldur munur milli hópanna tveggja þegar litið var til þess hvort fólk hafði tekið veikindadaga í

⁴¹ (t(122)=0,93, p>0,05)

síðasta mánuði⁴², hvort það hafði tekið sumarfrí á árinu 2003⁴³ eða hvort það myndi vilja taka sumarfrí utan hefðbundins sumarleyfistíma⁴⁴.


Algengara var að innflytjendur á Vestfjörðum og Austurlandi⁴⁵ hefðu skrifað undir ráðningarsamning í starfi sínu heldur en flóttamenn eða 80% þeirra á móti 49% flóttamanna. Þegar litið var til þess hvort svarendur höfðu skilið hvað þeir skrifuðu undir þá skildu 80% flóttamanna allt sem í ráðningarsamningnum stóð á móti rúmum þriðjungi innflytjenda⁴⁶.

2.2 Flóttamenn 13 til 18 ára

Fjórir af þeim níu svarendum sem tóku þátt í könnuninni voru í launuðu starfi. Einn þeirra vann fulla vinnuviku, 40 klukkustundir á viku að jafnaði, hinir þrír á bilinu 7-28 klukkustundir. Sá sem vann fulla vinnuviku var eini svarandinn sem ekki var í námi.

3. Starfsánægja

Meirihluti svarenda reyndist frekar eða mjög ánægður með starf sitt, eða tveir af hverjum þremur, eins og sjá má á mynd X.3.



Mynd X.3. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu í því starfi sem þú ert í um þessar mundir?

Eins og sjá má í töflu X.2 voru heildartekjur heimilisins fyrir skatt hjá helmingi svarenda 200 þúsund krónur eða minna í mánuðinum áður en könnuninni var svarað. Aðeins rúmlega 10% heimila höfðu heildartekjur yfir 400 þúsund krónur á mánuði.

⁴² ($\chi^2(1, N=196)=2,10, p>0,05$)

⁴³ ($\chi^2(1, N=201)=0,17, p>0,05$)

⁴⁴ ($\chi^2(1, N=160)=0,31, p>0,05$)


⁴⁵ ($\chi^2(1, N=184)=13,49, p<0,001$)

⁴⁶ ($\chi^2(1, N=141)=11,38, p<0,001$)

Tafla X.2. Hversu miklar voru heildartekjur heimilisins alls í síðasta mánuði, svona um það bil, fyrir skatt?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Hlutfall sem svarar</i>
Minni en 100 þús. krónur	8	15,1	17,0
100.þús. til 150.þús. krónur	10	18,9	21,3
150 þús. til 200 þús. krónur	6	11,3	12,8
200 þús. til 250 þús. krónur	10	18,9	21,3
250 þús. til 300 þús. krónur	2	3,8	4,3
300 þús. til 350 þús. krónur	4	7,5	8,5
350 þús. til 400 þús. krónur	2	3,8	4,3
400 þús. til 450 þús. krónur	4	7,5	8,5
450 þús. til 500 þús. krónur	0	0,0	0,0
Meiri en 500 þús. krónur	1	1,9	2,1
Veit ekki	3	5,7	
Svarar ekki	3	5,7	
Alls	53	100%	100%

Flestir töldu sig búa við svipuð launakjör og aðrir starfsmenn í fyrirtækinu sem þeir unnu hjá og voru í sambærilegum störfum. Þó voru tæp 30% sem töldu launakjör sín heldur verri en annarra samstarfsmanna (sjá mynd X.4).



Mynd X.4. Telur þú þig búa við betri, svipuð eða verri launakjör en aðrir starfsmenn í fyrirtækinu sem eru í sambærilegum störfum?

Svarendur voru beðnir að nota mælistiku frá 1-10 til að meta starfsöryggi sitt, þar sem 1 þýddi að þeir væru óánægðir og 10 að þeir væru ánægðir. Meðaltalið var 8,1 og 64% svarenda gaf svar sitt á bilinu 8-10 og má því segja að svarendur hafi að jafnaði verið frekar ánægðir með starfsöryggi sitt (sjá töflu X.3).

Svarendur voru auk þess spurðir hve mikið frelsi þeir hefðu til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í starfi sínu, þar sem 1 þýddi að þeir tækju alls ekki sjálfstæðar ákvarðanir og 10

að þeir tækju mjög mikið af sjálfstæðum ákvörðunum. Meðaltalið reyndist vera 5,7, eða rétt ofan við miðju. Tæpur þriðjungur svarenda gaf svar sitt á bilinu 8-10.

Að lokum voru svarendur beðnir að nota mælistiku til að meta hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með þau atvinnutækifæri sem þeim byðist þar sem 1 þýddi að þeir væru óánægðir og 10 þýddi að þeir væru ánægðir. Meðaltal svaranna var 6,5 og svaraði tæpur helmingur svarenda á bilinu 8-10 (tafla X.3).

Tafla X.3. Frelsi til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í starfi, starfsöryggi og atvinnutækifæri. Mælistika frá 1 til 10.

	1-3	4-7	8-10	Alls	Meðaltal	Fjöldi
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með starfsöryggi þitt?	0,0	36,4	63,6	100%	8,1	33
Hve ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með atvinnutækifæri sem þér bjóðast um þessar mundir?	13,0	39,1	47,8	100%	6,5	23
Hve mikið frelsi hefur þú til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í starfi þínu?	26,5	41,2	32,4	100%	5,7	34

3.1 Samanburður

Ekki var munur á innflytjendum á Vestfjörðum og Austurlandi og flóttamönnum hvað varðar ánægju í starfi⁴⁷.

Hér skal athugað að ekki eru upplýsingar til staðar um fjölda þeirra fjölskyldumeðlima sem færa tekjur til heimilisins og er því samanburður við aðrar rannsóknir erfiðari en ella. Heildarlaun fullvinnandi á almennum vinnumarkaði á Íslandi á 4. ársfjórðungi ársins 2004 voru að meðaltali 271 þús. kr. samkvæmt heimasíðu Hagstofu Íslands (Hagstofan, 2005). Hjá flóttamönnum voru heildartekjur heimilisins fyrir skatt hjá helmingi svarenda 200 þús. kr. eða minni og hjá um 32% svarenda voru heildartekjur heimilisins yfir 300 þús. kr.

Ekki reyndist munur⁴⁸ á innflytjendum á Vestfjörðum og Austurlandi og flóttamönnum þegar þeir voru spurðir hvort þeir teldu sig búa við betri, svipuð eða verri launakjör en aðrir starfsmenn í fyrirtækinu sem eru í sambærilegum störfum⁴⁹.

Þegar spurt var um starfsöryggi reyndist meðaltal Íslendinga í lífsgildakönnun 1999 vera 8,1 rétt eins og hjá flóttamönnum. Þegar svör flóttamanna við spurningunni um sjálfstæðar ákvarðanir í starfi eru borin saman við svör Íslendinga frá árinu 1999 reyndist munur. Íslendingar höfðu meira frelsi til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í starfi sínu heldur en

⁴⁷ ($\chi^2(4, N=201)=3,24, p>0,05$)


⁴⁸ ($\chi^2(2, N=159)=0,88, p>0,05$)

⁴⁹ Notast var við kí-kvaðratpróf sem reyndist ógilt sökum fámennra hópa en gilt marktæktarprófi fékkst með því að sameina flokkana *Mun betri* og *Heldur betri* annars vegar og flokkana *Heldur verri* og *Mun verri* hins vegar.

flóttamenn (meðaltal 7,8 á móti meðalskor 5,7)⁵⁰. Ekki var munur á flóttamönnum og Íslendingum þegar litið var til ánægju með atvinnutækifæri en meðalskor Íslendinganna var 7,3 samanborið við 6,5 hjá flóttamönnum⁵¹.

4. Erfiðleikar á vinnustað

Nokkuð ítarlega var spurt um erfiðleika og deilur á vinnustað. Yfirgnæfandi meirihluti svarenda hafði aldrei lent í deilum á vinnustað sínum á síðustu sex mánuðum. Í þeim fáu tilvikum sem deilur höfðu átt sér stað var algengast að deilurnar væru milli samstarfsfólks en einnig við yfirmenn eins og sjá má á mynd X.5.




Mynd X.5. Hefur þú verið þátttakandi í deilum á núverandi vinnustað, á síðustu 6 mánuðum?

Mjög fáir höfðu orðið fyrir stríðni eða hæðni á vinnustað. Í þeim tilvikum sem slíkt átti sér stað var það af hendi yfirmanns eða samstarfsfólks (mynd X.6).

⁵⁰ (t(34)=3,89, p<0,001)

⁵¹ (t(746)=1,55, p>0,05)



Mynd X.6. Hefur þú orðið fyrir óþægilega mikilli stríðni eða hæðni á núverandi vinnustað, á síðustu 6 mánuðum?

Alvarlegri atvik, svo sem hótanir um líkamlegt ofbeldi/valdbeitingu eða framkvæmd slíkra hótana, þekktust ekki meðal svarenda. Enginn hafði orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað á síðustu sex mánuðum.

Þegar á heildina er litið höfðu átta manns eða 22% þeirra sem voru virkir á vinnumarkaðinum lent í einhvers konar erfiðleikum á vinnustað frá því þeir hófu störf. Flestir höfðu í framhaldi af erfiðleikunum leitað til samstarfsfólks eða yfirmanna um aðstoð (tafla X.4).

Tafla X.4. Hvert leitaðir þú eftir aðstoð þegar þú hafðir lent í erfiðleikum á vinnustað?

	Fjöldi	Hlutfall af svörum	Hlutfall af svarendum*
Til samstarfsfólks	4	36,4	50,0
Til verkstjóra/yfirmanna	4	36,4	50,0
Til vina/ættingja/fjölskyldumeðlima	2	18,2	25,0
Leitaði ekki eftir aðstoð	1	9,1	12,5
Alls	11	100,0%	137,5%

* Svarendur máttu merkja við allt sem við átti, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%.

4.1 Samanburður

Innflytjendur á Vestfjörðum og Austurlandi höfðu hvorki frekar né síður en flóttamenn lent í erfiðleikum á vinnustað⁵² og líkt og flóttamennirnir leituðu þeir innflytjendur sem lent höfðu í einhverjum erfiðleikum einna helst til samstarfsfólks síns eða yfirmanna.

⁵² ($\chi^2(1, N=200)=1,20, p>0,05$)


5. Nýting menntunar í starfi og áhugi á að hefja rekstur á eigin fyrirtæki

Eins og sjá má í töflu X.5 höfðu flestir (29%) lokið starfs- eða iðnnámi og 22% höfðu lokið bóklegu námi á framhaldsskólastigi. Fimmtungur svarenda hafði ekki lokið námi umfram grunnskólanám.

Tafla X.5. Hvaða námi/prófum hefur þú lokið?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Hlutfall sem svarar</i>
Námi á grunnskólastigi eða minna	10	18,9	19,6
Starfsnámi eða iðnnámi	15	28,3	29,4
Bóklegu námi á framhaldsskólastigi	11	20,8	21,6
Prófi úr sérskólum, t.d. tækniskólum	7	13,2	13,7
Námi á háskólastigi	3	5,7	5,9
Öðru námi	5	9,4	9,8
Svarar ekki	2	3,8	
Alls	53	100%	100%


Þrír af hverjum fjórum svarendum töldu menntun sína ekki nýtast að fullu í núverandi starfi. Ekki reyndist munur á konum og körlum í þessu sambandi. Á mynd X.7 má sjá að svarendur töldu helstu ástæðu fyrir því vera að þá skorti meiri kunnáttu í íslensku en einnig fannst mörgum þeir ekki hafa fengið vinnu við hæfi.



Mynd X.7. Hefur þú verið í starfi á Íslandi þar sem menntun þín nýtist? Ef ekki, hvers vegna?

Mikill meirihluti svarenda (84%) hafði ekki reynt að fá menntun sína metna hér á landi. Þegar þátttakendur voru spurðir um áhuga á frekara námi kom í ljós að nokkuð margir höfðu áhuga

á því eins og sjá má á mynd X.8. Flestir höfðu hug á framhaldi af því námi sem þeir höfðu þegar lokið en annars höfðu svarendur fjölbreyttar hugmyndir um frekara nám.



Mynd X.8. Hefur þú áhuga á frekara námi, og ef svo er hvað myndi slíkt nám þá fela í sér?

Nokkuð margir (40%) höfðu áhuga á því að hefja eigin rekstur. Yfirleitt voru það fyrirtæki í verslun og þjónustu sem svarendur höfðu áhuga á að stofna. Tveir svarendur höfðu nú þegar hafið undirbúning að stofnun fyrirtækis.

5.1 Samanburður

Fleiri innflytjendur á Vestfjörðum og Austurlandi en flóttamenn höfðu ekki lokið námi umfram námi á grunnskólastigi, eða 28% á móti tæpum 20% flóttamanna. Að öðru leyti virðist ekki mikill munur á menntun hópanna tveggja. Innan við helmingur svarenda hafði verið í starfi á Íslandi þar sem menntun þeirra nýttist og á það við um bæði innflytjendur og flóttamenn⁵³. Ekki reyndist munur á þeim atriðum sem hóparnir tveir nefndu sem ástæðu þess að þeir höfðu ekki, eða einungis að hluta til, verið í starfi á Íslandi þar sem menntun þeirra nýttist⁵⁴. Nánast jafnmargir innflytjendur, hlutfallslega séð, höfðu reynt að fá menntun sína metna hér á landi og flóttamenn. Ekki reyndist munur á innflytjendum og flóttamönnum þegar litið var til þess hvort fólk hafði áhuga á frekara námi, öðru en íslenskunámi⁵⁵.

⁵³ ($\chi^2(2, N=174)=3,62, p>0,05$)

⁵⁴ ($\chi^2(2, N=129)=2,62, p>0,05$). Notast var við kí-kvaðratpróf sem reyndist ógilt sökum fámennra hópa en gilt marktektarprófi fékkst með því að taka svarmöguleikann *Annað* ekki með í reikninginn.

⁵⁵ ($\chi^2(1, N=173)=1,26, p>0,05$)

Áhuginn á að hefja eigin rekstur var sá sami hjá innflytjendum og hjá flóttamönnum.

XI. Traust sem flóttamenn bera til fólks og stofnana


Í þessum kafla verður fjallað um þær spurningar sem tengdust trausti, annars vegar trausti til fólks og hins vegar trausti til valdra stofnana sem flóttamenn þurfa ef til vill að hafa einhver samskipti við.

1. Traust til fólks

Tæpur helmingur (47%) taldi að flestum mætti treysta en 53% svarenda taldi að aldrei væri hægt að vera of varkár í samskiptum við aðra. Hér kom ekki fram munur á konum og körlum.

Svarendur voru beðnir að meta hvort þeir teldu að fólk myndi reyna að „nota sig“ ef það fengi tækifæri til þess, eða hvort það myndi reyna að koma heiðarlega fram. Svarendur notuðu mælistiku frá 1-10 þar sem 1 þýddi að þeir teldu að flestir myndu reyna að „nota sig“ og 10 að flestir kæmu heiðarlega fram. Meðaltal svaranna var 7,7 þar sem 11% merktu svar sitt á bilinu 1-3, 21% á bilinu 4-7 og stærsti hópurinn, 68%, merkti svar sitt á bilinu 8-10. Í heildina litið má því segja að svarendur telji að fólk komi nokkuð heiðarlega fram við sig.

Tæpur fjórðungur svarenda treysti Íslendingum fullkomlega og tæpur helmingur treysti þeim frekar vel. Aðeins einn svarandi treysti Íslendingum almennt séð frekar illa og enginn treysti þeim alls ekki (sjá mynd XI.1).



Mynd XI.1. Hve mikið treystir þú Íslendingum almennt séð?

Svarendur voru beðnir að tilgreina hvort þeir teldu að fólk reyndi yfirleitt að hjálpa öðrum eða hvort það hugsaði yfirleitt um sjálf sig, með því að merkja við á mælistiku frá 1 til 10. Á mælistikunni þýddi 1 að fólk hugsaði yfirleitt um sjálf sig og 10 að fólk reyndi yfirleitt að hjálpa öðrum. Meðaltal svaranna var 7,0 þar sem 9% svarenda merkti svar sitt á bilinu 1-3,

tæpur helmingur, eða 47%, á bilinu 4-7 og 44% á bilinu 8-10. Af þessu má dæma að svarendur töldu að fólk mætti leggja sig meira fram við að hjálpa öðrum.

1.1 Samanburður

Í lífsgildakönnuninni árið 1999 sögðu 43% svarenda að flestum mætti treysta og 57% að aldrei væri hægt að vera of varkár. Ekki er munur á flóttamönnum og Íslendingum í þeim efni⁵⁶.

Í lífsgildakönnuninni treystu rúmlega þrír af hverjum fjórum svarendum Íslendingum frekar vel eða fullkomlega, eða svipað hlutfall og hjá flóttamönnum⁵⁷.

1.2 Flóttamenn 13 til 18 ára

Tveir svarendur á aldrinum 13 til 18 ára töldu að flestum mætti treysta, þrír töldu að aldrei væri hægt að vera of varkár í samskiptum við aðra en fjórir svöruðu ekki spurningunni. Enginn svarendanna treysti Íslendingum fullkomlega en meirihluti þeirra, eða sex svarendur, treystu þeim frekar vel. Aðrir hvorki teystu þeim né vantroystu eða treystu þeim frekar illa.

2. Traust til stofnana

Að lokum voru þátttakendur spurðir hve mikið traust þeir bæru til ákveðinna stofnana og niðurstöðurnar má sjá í töflu XI.1. Sú stofnun sem flestir báru mjög mikið traust til var Rauði krossinn, þar á eftir kom lögreglan, dómstólarnir og heilbrigðisþjónustan. Fæstir báru mjög mikið traust til Sameinuðu þjóðanna. Sú stofnun sem flestir báru alls ekkert traust til var Atlandshafsbandalagið og þar á eftir kom íslenska þjóðkirkjan. Ekki kom fram munur á konum og körlum, í afstöðu til stofnanna.

⁵⁶ ($\chi^2(1, N=809)=0,25, p>0,05$)

⁵⁷ ($\chi^2(2, N=851)=1,26, p>0,05$). Notast var við kí-kvaðratpróf sem reyndist ógilt sökum fámennra hópa en gilt marktektarprófi fékkst með því að sameina flokkana *Treysti þeim fullkomlega* og *Treysti þeim frekar vel* annars vegar og flokkana *Treysti þeim frekar illa* og *Treysti þeim alls ekki* hins vegar.

Tafla XI.1. Hve mikið traust berð þú til eftirfarandi stofnana; er það mjög mikið, nokkuð mikið, ekki mikið, eða alls ekkert?


	<i>Mjög</i>	<i>Nokkuð</i>	<i>Ekki</i>	<i>Alls</i>		<i>Fjöldi</i>
	<i>mikið</i>	<i>Mikið</i>	<i>mikið</i>	<i>ekkert</i>	<i>Alls</i>	
Rauði krossinn	55	34	11	0	100%	44
Lögreglan	52	41	7	0	100%	42
Dómstólarnir	47	33	20	0	100%	30
Heilbrigðisþjónustan	46	39	14	2	100%	44
Félagsþjónusta sveitarfélaga	39	36	24	0	100%	33
Menntakerfið	38	50	13	0	100%	40
Tryggingarstofnun	36	36	25	3	100%	36
Alþjóðahús (Reykjavík)	36	44	20	0	100%	25
Opinberar stofnanir	35	47	18	0	100%	34
Fjölmenningarsetur	33	33	33	0	100%	21
Verkalýðsfélögin	30	52	12	6	100%	33
Atlandshafsbandalagið	30	20	13	37	100%	30
Alþjóðastofa (Akureyri)	29	29	41	0	100%	17
Alþingi	24	48	17	10	100%	29
Evrópusambandið	16	58	16	11	100%	19
Kirkjan (íslenska þjóðkirkjan)	16	42	16	26	100%	19
Dagblöðin	15	36	39	10	100%	39
Stórfyrirtækin í landinu	14	43	32	11	100%	28
Sameinuðu þjóðirnar	7	41	37	15	100%	27

XII. Lífsgæði flóttamanna

Hér verður fjallað um lífsgæði og líðan þátttakenda. Fjallað verður um hvaða atriði svarendum þótti mikilvæg í lífi sínu, hve ánægðir þeir voru með hina ýmsu þætti síns daglega lífs, hamingju þeirra og heilsu.


1. Mikilvæg atriði í lífi flóttamann

Eins og sjá má á mynd XII.1 þótti miklum meirihluta svarenda vinnan mjög mikilvægt í sínu lífi. Einum svaranda þótti fjölskyldan frekar mikilvæg, öllum öðrum þótti hún mjög mikilvæg. Tæpum þriðjung þótti vinir og kunningjar mjög mikilvægir en flestum frekar mikilvægir. Þegar kom að mikilvægi frístunda þótti rúmum fjórðungi þær mjög mikilvægar, 63% þótti þær frekar mikilvægar og 11% ekki mikilvægar.



Mynd XII.1. Hversu mikilvæg eru eftirfarandi atriði í lífi þínu? Vinnan, fjölskyldan, vinir og kunningjar, frístundir.

Meirihluta svarenda (61%) þótti stjórn mál alls ekki mikilvæg. Rúmum helmingi þótti trú frekar eða mjög mikilvægt atriði í sínu lífi og tæpum helmingi þótti trú ekki eða alls ekki mikilvæg. Tveimur af hverjum þremur svarendum þóttu sjálfbodastörf frekar mikilvæg og 11% þótti þau mjög mikilvæg (sjá mynd XII.2).



Mynd XII.2. Hversu mikilvæg eru eftirfarandi atriði í lífi þínu? Stjórnsmál, trú, sjálfböðastarf.

1.1 Samanburður

Í lífsgildakönnun árið 1999 var vinnan frekar eða mjög mikilvæg í lífi 97% svarenda. Hvað fjölskylduna varðar þá var svipað uppi á teningnum hjá svarendum í lífsgildakönnuninni og hjá flóttamönnum þar sem allir utan 0,6% svarenda þótti fjölskyldan frekar eða mjög mikilvæg í lífi sínu. Sama er að segja um mikilvægi vina og kunningja en rétt eins og flóttamönnum þótti svarendum í lífsgildakönnuninni vinir og kunningja mikilvægir í lífi sínu. Frístundir voru frekar eða mjög mikilvægar í lífsgildakönnun, þar af þótti þriðjungur þær mjög mikilvægar samanborið við fjórðung flóttamanna.

Munur er á flóttamönnum og svarendum í lífsgildakönnun 1999 þegar kemur að mikilvægi stjórnsmála í lífi fólks. Í heildina litið eru stjórnsmál síður mikilvæg flóttamönnum þar sem 36% svarenda í lífsgildakönnuninni þótti stjórnsmála frekar eða mjög mikilvæg á móti 14% flóttamanna⁵⁸.

Hlutfall þeirra sem þótti trú frekar eða mjög mikilvægt atriði í lífi sínu var nákvæmlega jafnstórt í lífsgildakönnuninni og hjá flóttamönnum og var ekki munur á niðurstöðum á hópnum tveimur⁵⁹.

1.2 Flóttamenn 13 til 18 ára

Öllum svarendum á aldrinum 13 til 18 ára þótti skólinn/vinnan frekar eða mjög mikilvægt atriði í lífi sínu og öllum fannst þeim fjölskyldan mjög mikilvæg. Vinir og kunningjar voru


⁵⁸ ($\chi^2(3, N=843)=41,19, p<0,001$)

⁵⁹ ($\chi^2(3, N=848)=1,94, p>0,05$)

frekar eða mjög mikilvægir en tveir sögðu að frístundir væru ekki mikilvægar á meðan öðrum þótti þær frekar eða mjög mikilvægar. Stjórnsmál þótti þeim ekki eða alls ekki mikilvæg. Fimm svarendur töldu trú frekar eða mjög mikilvæga en þremur þótti hún alls ekki mikilvæg. Misjafnt var hvað þeim fannst um sjálfboðastörf, allt frá því að finnast þau mjög mikilvæg í lífi sínu niður í að vera alls ekki mikilvæg.

2. Hamingja og lífsgæði flóttamanna

Mikill meirihluti svarenda (88%) var frekar eða mjög hamingjusamur ef á allt var litið en nokkrir (12%) voru ekki mjög hamingjusamir (mynd XII.3).



Mynd XII.3. Ef á allt er litið, telur þú að þú sért hamingjusamur(söm) eða óhamingjusamur(söm)?

Svarendur voru beðnir að nota mælistiku frá 1-10 til að svara nokkrum spurningum sem tengdust lífsgæðum þeirra. Þeir sem voru óánægðir merktu við 1 og þeir sem voru ánægðir merktu við 10. Í töflu XII.1 má sjá hve stórt hlutfall svarenda merkti svar sitt á bilinu 1-3 á mælistikunni, hve stórt hlutfall á bilinu 4-7 og hve stórt hlutfall merkti svo svar sitt á bilinu 8-10. Að auki má sjá meðaltal hverrar spurningar fyrir sig.

Svarendur voru að jafnaði nokkuð ánægðir með heimilislíf sitt (meðaltal 8,6), húsnæðisaðstæður sínar (meðaltal 8,4), heilbrigðisþjónustu í byggðarlagi sínu (meðaltal 8,0) og lífið almennt (meðaltal 8,0). Þó að meðaltal annarra atriða hafi ekki verið eins hátt þá má samt sem áður segja að á heildina litið hafi svarendur verið nokkuð ánægðir með lífsskjör sín og menntakerfið á Íslandi, en miðlungsánægðir með fjárhagslega afkomu heimilis síns.

Tafla XII.1. Mat á lífsgæðum, mælt á mælistiku frá 1-10 þar sem 1 þýðir mjög óánægð(ur) og 10 mjög ánægð(ur).

	1-3	4-7	8-10	Alls	Meðaltal	Fjöldi
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með heimilislíf þitt?	3,8	15,4	80,8	100%	8,6	52
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með húsnæðisaðstæður þínar?	3,8	18,9	77,4	100%	8,4	53
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með lífið þessa dagana?	6,0	30,0	64,0	100%	8,0	50
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með heilbrigðisþjónustu í byggðarlagi þínu?	9,6	21,2	69,2	100%	8,0	52
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með menntakerfið á Íslandi?	9,1	31,8	59,1	100%	7,6	44
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með lífskjör þín?	6,0	46,0	48,0	100%	7,5	50
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fjárhagslega afkomu heimilis þíns?	9,6	53,8	36,5	100%	6,6	52

Af þeim sem svöruðu fannst 42% þeir vera Íslendingar en um 28% heildarhópsins svöruðu ekki spurningunni. Rúmur þriðjungur þeirra sextán svarenda sem litu á sig sem Íslendinga voru mjög stoltir af því að vera Íslendingar og aðrir voru frekar stoltir. Kynjamunur kom ekki fram.

2.1 Samanburður

Í lífsgildakönnuninni 1999 voru 97% frekar eða mjög hamingjusamir á móti 88% flóttamanna. Ekki reyndist munur á niðurstöðum úr könnunum tveimur sökum fámennra hópa.

Í lífsgildakönnuninni voru svarendur spurðir sömu spurninga og sjá má í töflu XII.1. Svarendur lífsgildakönnunarinnar voru að jafnaði ánægðir bæði með heimilislíf sitt (meðaltal 8,3) og húsnæðisaðstæður (meðaltal 8,3) og var ekki munur á þeim og flóttamönnum⁶⁰. Ekki reyndist munur á flóttamönnum og þátttakendum í lífsgildakönnuninni í ánægju með lífið. Meðalskor Íslendinga var 8,1 á móti 8,0 hjá flóttamönnum⁶¹. Meðalskor þeirra sem tóku þátt í lífsgildakönnuninni var 7,5 þar sem spurt var um heilbrigðisþjónustu í byggðarlagi þeirra en ekki var munur á þeim og flóttamönnum⁶². Sama gildir þegar spurt var um menntakerfið á

⁶⁰ Ánægja með heimilislíf ($t(55)=0,93, p>0,05$). Ánægja með húsnæðisaðstæður ($t(856)=0,33, p>0,05$).

⁶¹ ($t(52)=0,19, p>0,05$)

⁶² ($t(838)=1,67, p>0,05$)

Íslandi en meðaltal í lífsgildakönnuninni var 7,0⁶³. Þegar spurt var um lífskjör var meðaltal þeirra sem tóku þátt í lífsgildakönnuninni 7,5 rétt eins og hjá flóttamönnum. Ekki var munur á ánægju flóttamanna með fjárhagslega afkomu heimilisins þar sem meðaltal Íslendinga í lífsgildakönnun var 7,0⁶⁴.


2.2 Flóttamenn 13 til 18 ára

Allir unglingarnir voru frekar eða mjög hamingjusamir. Þeir voru, líkt og þeir fullorðnu, beðnir að nota mælistiku frá 1-10 til að svara nokkrum spurningum sem tengdust lífsgæðum þeirra. Að jafnaði voru þeir mjög ánægðir með heimilislíf sitt (meðaltal 9,1), menntakerfið á Íslandi (meðaltal 8,8) og lífið almennt (meðaltal 8,4). Þeir voru nokkuð ánægðir með húsnæðisaðstæður sínar (meðaltal 8,1) og lífskjör sín, almennt séð (meðaltal 7,1). Minnst var ánægjan með fjárhagslega afkomu þeirra en þó var meðaltalið þar 6,4 en þar skipti nokkru máli að einn svarandi merkti við 1 á meðan aðrir gáfu svör sín á bilinu 7-10.

Þrír af þeim níu flóttamönnum á aldrinum 13-18 ára sem svöruðu könnuninni fannst þeir vera Íslendingar og voru mjög stoltir af því.

3. Heilsufar og líðan flóttamanna

Eins og sjá má á mynd XII.4 lýsti rúmur helmingur svarenda heilsufari sínu sem mjög eða frekar góðu en 11% sem slæmu.



Mynd XII.4. Þegar á heildina er litið, hvernig myndir þú lýsa heilsufari þínu þessa dagana?

⁶³ (t(45)=1,45, p>0,05)

⁶⁴ (t(56)=1,25, p>0,05)

Nokkrar spurningar tengdust líðan svarenda og voru þær notaðar til að raða svarendum á kvarða sem kallast *Affect Balance Scale*. Þetta mælitæki er notaður víða til að mæla líðan fólks. Svarendur voru beðnir að meta sálræna líðan sína á síðustu vikum með því að svara tíu spurningum, fimm sem mæla jákvæð atriði (s.s. stolt) og fimm sem mæla neikvæð atriði (s.s. einmanaleika). Lokaskorið er fundið út með því að reikna mismun á summu jákvæðu spurninganna og summu neikvæðu spurninganna. Meðalskor hjá flóttamönnum við spurningunum tíu og reyndist það vera 5,4.

3.1 Samanburður

Samanburður á meðalskori hjá annars vegar flóttamönnum (5,4) og hins vegar í lýsandi úrtaki fyrir Íslendinga þar sem meðalskor var 6,2 (Friðrik H. Jónsson og Stefán Ólafsson, 1991). Má segja að flóttamenn hafa að jafnaði upplifað fleiri neikvæð atriði á síðustu vikum en hinn almenni Íslendingur⁶⁵.

3.2 Flóttamenn 13 til 18 ára

Allir svarendur á aldrinum 13-18 ára lýstu heilsufari sínu sem mjög góðu utan einn sem lýsti því sem góðu. Sex af svarendunum níu höfðu einhvern sem þeir gátu rætt við um nán og persónuleg málefni.

⁶⁵ (t(43)=2,57, p<0,05)

Heimildaskrá

Friðrik H. Jónsson og Stefán Ólafsson (1991). *Úr lífsgildakönnun 1990: Lífsskoðun í nútímalegum þjóðfélögum*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.

Hagstofa Íslands (2005). *Hagtölur*. Sótt 23. maí.

http://hagstofa.is/template_lb_frameset.asp?PageID=311&intPXCatID=197&ifrmsrc=/temp/vinnumarkadur/rannsoknir.asp.

Hagstofa Íslands (2005). *Hagtölur. Trúfélög*. Sótt 29. nóvember.

<http://hagstofa.is/?pageid=632&src=/temp/mannfjoldi/trufelog.asp>

Heiður Hrund Jónsdóttir, Hildur Svavarsdóttir, Kristín Erla Harðardóttir og Friðrik H. Jónsson (2004). *Viðhorf innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.

Skýrsla 2

FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN



HÁSKÓLI ÍSLANDS

SKÝRSLA 2:
Reynsla og viðhorf flóttamanna
á Íslandi

Unnið fyrir Flóttamannaráð Íslands

Kristín Erla Harðardóttir

Friðrik H. Jónsson

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	79
I. INNGANGUR	80
1. INNIHALD SKÝRSLUNNAR.....	80
II. FRAMKVÆMD	81
1. MARKMIÐ RANNSÓKNAR.....	81
2. FRAMKVÆMD.....	81
3. UPPBYGGING SKÝRSLUNNAR.....	82
III. ÞÁTTTAKENDUR FRÁ KOSOVO	83
1. LÍF FLÓTTAMANNA FYRIR KOMU HINGAÐ.....	84
2. REYNSLA FLÓTTAMANNA VIÐ AÐ KOMA HINGAÐ TIL LANDS	85
3. TENGLANET FLÓTTAMANNA.....	86
4. ÍSLENSKUKENNSLA	86
5. TÚLKAÞJÓNUSTA.....	87
6. AÐSTAÐA FLÓTTAMANNA Í DAG.....	87
7. SAMSKIPTI VIÐ UPPRUNALAND.....	88
8. TILMÆLI UM ÞÆTTI SEM GÆTU VERIÐ BETRI.....	89
IV. ÞÁTTTAKENDUR FRÁ KRÓATÍU	91
1. LÍF FLÓTTAMANNA FYRIR KOMU HINGAÐ.....	92
2. REYNSLA FLÓTTAMANN VIÐ AÐ KOMU HINGAÐ TIL LANDS	93
3. TENGLANET FLÓTTAMANNA.....	95
4. ÍSLENSKUKENNSLA OG NÁM.....	96
5. TÚLKAÞJÓNUSTA.....	97
6. AÐSTAÐA FLÓTTAMANNA Í DAG.....	97
7. SAMSKIPTI VIÐ UPPRUNALAND.....	99
8. TILMÆLI UM ÞÆTTI SEM GÆTU VERIÐ BETRI.....	99
V. ÞÁTTTAKENDUR FRÁ VÍETNAM	101
1. LÍF FLÓTTAMANNA FYRIR KOMU HINGAÐ.....	102
2. REYNSLA FLÓTTAMANNA VIÐ AÐ KOMU HINGAÐ TIL LANDS	103
3. TENGLANET FLÓTTAMANNA.....	104
4. ÍSLENSKUKENNSLA OG NÁM.....	104
5. TÚLKAÞJÓNUSTA.....	105
6. AÐSTAÐA FLÓTTAMANNA Í DAG.....	105
7. SAMSKIPTI VIÐ UPPRUNALAND.....	106
8. TILMÆLI UM ÞÆTTI SEM GÆTU VERIÐ BETRI.....	107
VI. SAMANTEKT	108
HEIMILDASKRÁ	109

I. Inngangur

1. Innihald skýrslunnar

Í kafla II er fjallað um helstu markmið rannsóknar og framkvæmd hennar, auk þess sem farið verður í gegnum uppbyggingu þessa hluta skýrslunnar.

Í kafla III er fjallað um flóttafólk frá Kosovo. Þar sem rætt er um líf valinna viðmælenda fyrir flótta þeirra frá heimalandi til dagsins í dag. Auk þess rætt er um ákveðna þætti sem hafa áhrif á lífsgæði þeirra hér á landi.

Í kafla IV er fjallað um flóttafólk frá Króatíu. Á sama hátt er fjallað um þætti í lífshlaupi valinna viðmælenda fyrir stríð til dagsins í dag og mat á ánægju með ákveðna þætti í lífi þeirra.

Í kafla V er svo fjallað um flóttafólk frá Víetnam á sama hátt og hópana frá Kosovo og Króatíu.

Í kafla VI er svo dregnir saman sameiginlegir þættir sem fram koma í stórum hluta viðtala við flóttafólk frá Kosovo, Króatíu og Víetnam.

II. Framkvæmd

Í þessum hluta skýrslunnar verður fjallað um helstu markmið með rannsókninni, framkvæmd rannsóknar og farið verður í gegnum uppbyggingu eigindlega hluta skýrslunnar.

1. Markmið rannsóknar

Markmið með rannsókn þessari var að skoða hvernig flóttamönnum hafi gengið að aðlagast lífinu á Íslandi og fá fram á fram viðhorf þeirra til íslensk samfélags. Meðal annars er líðan þeirra metin svo og ánægja með þá þjónustu þeim hefur verið veitt. Auk þess voru skoðuð lífsgæði þessara mismunandi hópa hér á landi og lífgæði þeirra í heimalandi fyrir stríð.

Til að ná fram settum markmiðum með rannsókn var ákveðið að beita tvennskonar aðferðafræðilegri nálgun, það er annars vegar meginlegri nálgun með spurningarlistum og hins vegar eigindlegri nálgun með viðtölum eða rýnihópum við útvaldar fjölskyldur úr stærstu hópnum. Þessi aðferðafræði var valin til að fá betri skilning á hópnum. Með því að senda út spurningalista og fylgja svo eftir með viðtölum/rýnihópum fæst betri sýn á viðhorf flóttamanna til íslensks samfélags.

2. Framkvæmd

Við upphaf ársins 2005 kannaði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands reynslu og viðhorf fólks sem komið hefur hingað til lands í skipulögðum hópum sem flóttamenn. Könnunin var gerð að beiðni og í samvinnu við Flóttamannaráð Íslands. Tekin voru viðtöl við 15 útvaldar fjölskyldur sem komið höfðu hingað til lands frá árinu 1979 til 2003. Farið var í heimsókn til þátttakenda og rætt við fjölskyldumeðlimi um reynslu þeirra. Hvert viðtal tók um klukkustund og hafði það markmið að fá betri upplýsingar um ákveðna þætti sem erfitt er að spyrja um með spurningalistum. Reynt var að fá að taka viðtölin á heimilum viðmælenda en það gekk ekki alltaf eftir og sum viðtölin voru tekin í gegnum síma, á hlutlausu svæði eða hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Spurt var um þætti sem viðkoma þjónustu við þau fyrst eftir kom hingað, um þjónustubörf þeirra í dag, um líðan þeirra, lífskjör þeirra hér á landi og áður en þau fóru á flóttu. Í þessum hluta skýrslunnar verða niðurstöður viðtala/rýnihópa kynnt.

Þegar valið var í viðtölin var tekið mið af stærð hópanna við að ákvarða fjölda viðtala fyrir hvern tungumálahóp. Ákveðið var að takmarka viðtölin við þá hópa fólks sem komið höfðu hingað frá árinu 1979. Viðmælendur voru fólk sem kom frá Víetnam, Kosovo-Albaníu og Serbó-Króatíu. Markmiðið var að taka rýnihópa eða hópviðtöl við fjölskyldur, það er fá inn í viðtölin bæði börn/unglinga og foreldra þeirra. En því markmiði var ekki alltaf hægt að

fylgja eftir, þar sem það gekk misvel að fá hópana til þátttöku og urðu viðtölin allt frá einstaklingsviðtölum upp í viðtöl við 7 manna fjölskyldur og allt þar á milli. Fjöldi viðtal við hvern tungumálahóp skiptist á eftirfarandi veg: 5 viðtöl við Víetnama; 3 viðtöl við Kosovo-Albani og 7 viðtöl við Serbó-Króata. Þátttakendur voru valdir úr öllum hópum sem komið höfðu hingað úr þessum tungumálahópum eða 11¹ hópum og voru viðtöl tekinn víðsvegar um landið af sama spyrli. Þar sem hóparnir hafa verið mislengi hér á landi var ákveðið að bjóða öllum viðmælendum upp á að túlkur væri með í viðtali, en misjafnt var hvort slík þjónusta var þegin. Kosovo-Albanir voru einu hóparnir sem þáðu þá þjónustu en hinir viðmælendur afþökkuðu slíka þjónustu og ræddu við viðmælenda án slíkrar aðstoðar.


3. Uppbygging skýrslunnar

Þessi hluti skýrslunnar skiptist upp í sex meginkafla. Meginköflum er svo skipt upp í undirkafla eftir því sem við á og eru númeraðir sérstaklega. Hver tungumálahópur sem var með í þessum hluta rannsóknar fær svo sinn meginkafla. Umfjöllun um hvern hóp er svo brotin upp í átta undirkafla, hver um sig á að afmarka ákveðið þema. Undirköflunum er skipt upp í umfjöllun um líf flóttamanna fyrir komu hingað þar sem fjallað er stuttlega um sögulega þætti auk þess sem fjallað er um líf þeirra fyrir stríð og líf þeirra á flóttu. Næst er fjallað um reynslu flóttamanna við komu hingað til lands, þar næst kemur umfjöllun um tengslanet þeirra. Íslenskukennsla og túlkþjónusta fá hvor um sig sína umfjöllun auk þess sem sér er rætt um aðstöðu þeirra í dag. Sérstakur undirkafla er um samskipti við upprunaland og endað er á umfjöllun um þætti sem mætti endurskoða að mati viðmælenda. Að endingu eru dregnir saman þættir sem koma til tals í flestum viðtölum í samantekt.

¹ Um að ræða 12 hópa sem komu frá þessum löndum en einn hópur snéri aftur heim.

III. Þátttakendur frá Kosovo

Íslenska ríkið tók á móti þremur hópum af flóttafólki frá Kosovo. Þessir hópar komu allir hingað til lands árið 1999 og voru móttökusveitafélögin Þrjú, það er Fjarðabyggð, Dalvík og Hafnarfjörður. Þeir sem komu hingað sem flóttamenn voru Kosovo-Albanir sem höfðu þurft að flýja heimkynni sín vegna þjóðernis síns og átaka í landinu. Alls voru þetta um 75 flóttamenn sem íslenska ríkið tók á móti, en af þeim eru aðeins 36 en búsettir hér á landi. Hópurinn sem fór til Fjarðabyggðar snéri allur aftur til upprunalands árið 2000, en auk þess hafa einhverjar fjölskyldur úr hinum hópunum tveimur snúið aftur til upprunalands eða flutt til annarra landa. Hér á landi hafa börn fæðst inn í þennan hóp og eitthvað er um að fjölskyldu meðlimir hafi komið hingað í tengslum við flóttamenn sem fyrir eru.



Í þessum hluta rannsóknar voru valdar út þrjár fjölskyldur sem komu hingað frá Kosovo. Viðtölin voru teknir við fjölskyldurnar með aðstoð túlks í heimkynnum þeirra. Fjölskyldurnar sem rætt var við samanstóðu af fólki sem hafði komið hingað sem flóttafólk og ástvinnum þeirra sem höfðu komið í kjölfar þeirra sem ættingjar, sem makar, börn eða systkini en auk þess voru einnig börn sem fæðst höfðu hér á landi². Allir viðmælendur voru mjög gestrisnir enda er það hluti af menningu þeirra að taka vel á móti gestum og bjóða upp á veitingar.

Hóparnir voru misstórir allt frá því að vera þrír upp í sjö viðmælendur í einu viðtali. Í hópunum voru aðeins fleiri karlmenn en konur og aldursdreifing var mikil í viðtölum frá börnum/unglingum upp í fólk í kringum sextugt. Þeir viðmælendur sem komið höfðu sem flóttamenn höfðu öll komið frá Makedóníu þar sem þau höfðu leitað hælis eftir að hafa flúið heimaland sitt.

Þó nokkrar breytingar hafa átt sér stað hjá sumum í þessum hópum eins og fram kom hér að framan. Einn hópurinn flutti allur til baka til upprunalands, einhverjir úr hópnum sem kom til Dalvíkur hafa einnig snúið til baka eða flutt frá Dalvík en flestir af þeim sem komu til Hafnarfjarðar eru enn búsettir þar.

² Í hverju viðtali voru þó einstaklingar sem höfðu komi hingað til lands sem flóttamenn.

1. Líf flóttamanna fyrir komu hingað

Í margar aldir hefur Kosovo verið svæði þar sem etnískir hópar deila um yfirráð og hafði þessi deila verið á milli Serba og Albana. Deilurnar höfðu snúist um hvor etniski hópurinn ætti tilkall til svæðisins, en báðir hópar segja að sögulega sé svæðið þeirra. Árið 1989 fyrir tilstuðlan Serba missir Kosovo sjálfstjórn, en þessi atburður var kveikjan að þeim átökum sem geisuðu í kjölfarið þvert yfir fyrrum Júgóslavíu. Albanir sem voru á þessu tíma langfjölmennastir í Kosovo, voru ekki sáttir við aðgerðir Serba. Sem mótspyrnu við aðgerðum Serba stofnuðu Kosovo-Albanir sjálfstætt samhliða ríki (BBC News, 2005a).

Fyrir viðmælendur hefjast átök eða stríð í Kosovo árið 1990 fyrst á afmörkuðum svæðum en breiddist svo út yfir landið, ástandið varð mjög óstöðugt fyrir Albani í landinu. Á þessum tíma voru heimili og skólar teknir af fólki og það þurfti að flytja til ættingja og milli landssvæða. Talið var að stöðugra ástand væri á þeim svæðum þar sem Albanir væru í meirihluta, eins og einn viðmælandi orðaði það „á hreinum svæðum“. Það eru þau svæði þar sem flestir íbúar voru Kosovo-Albanir, en þessi svæði urðu einnig fyrir árásum.

Opinber átök milli Serbneskra hersins, lögreglu og Kosovo-Albanskra heraflds urðu svo 1998, sem leiddu til þess að yfir 2000 manns létu lífið og margir Kosovo-Albanir voru neyddir frá heimkynnum sínum þar sem heimili þeirra, þorp og akkrar höfðu verið eyðilagðir. Í maí 1999 áætluðu Sameinuðu þjóðirnar að um 1,5 milljón manna hafi verið flæmd frá heimkynnum sínum í Kosovo (NATO, 2005).

Fyrir stríð höfðu allir viðmælendur búið í eigin húsnæði eða í húsnæði fjölskyldna sinna í Kosovo. Sumir af viðmælendum höfðu getað búið í húsnæði sínu þar til tæpum mánuði fyrir komu hingað til lands, meðan aðrir höfðu misst sín heimili tveimur árum áður en þau komu hingað. Viðmælendur höfðu öll verið hrakin frá heimkynnum sínum en verið á mislöngum vergangi innan Kosovo áður en þau fara yfir landamærin í flóttamannabúðir í Makedóníu.

Viðmælendur höfðu verið í vinnu, heimavinnandi og í námi áður en stríðið hófst. Þau benda þó á að fjárhagslega hafi lífið í Kosovo verið erfitt fyrir stríð. Algengt var að einhver fjölskyldumeðlimur væri í vinnu einhverstaðar í Evrópu til að hjálpa til fjárhagslega heima fyrir. En eftir að stríð brýst út urðu gífurleg umskipti á lífi þessa fólks. Atvinnuástand verður mjög slæmt, þeir sem höfðu verið í námi var gert mjög erfitt fyrir þar sem byggingar sem áður höfðu verið skólar höfðu verið yfirteknir af Serbum og kennsla barna Albana fluttist að miklu leiti inn í heimahús, en þar var reynt að halda upp reglubundinni kennslu. Einn viðmælandi sagði: „þau sem íbúar þessa lands (Kosovo) urðum sjálf að finna leiðir út úr þessum ógöngum og finna leiðir til að lifa á þessu svæði“ með Serbneska lögreglu og stöðugar sprengingar

NATO. Ástandið var mjög erfitt fyrir allt þetta fólk bæði líkamlega og andlega, sem dæmi að þó að foreldrar eins viðmælanda hafi ekki búið í nema 50 km fjarlægð frá þeim þá vissu þau ekki hvort þau voru á lífi eða ekki þar sem samgöngur og samskipti voru mjög erfið á þessum tíma.

Tæpum tveimur mánuðum áður en flóttafólkið kom hingað var þeim vísað frá heimalandi sínu og þau flúðu til Makedóníu, þar sem þau skráðu sig sem flóttamenn. Viðmælandi útskýrði: „þá var ástandið svo slæmt að yfir 1 milljón Kosovo-Albana flutti“ á tímabilinu burt frá landinu. Mörg lönd höfðu opnað dyr sínar fyrir þessum hópum af fólki sem flóttamenn. Mikil tími fór í það að standa í röðum til að skrá sig og reyna að komast inn í þau lönd sem stóðu þeim opin og virðist sem fjölskyldumeðlimir hafi skipt með sér hlutverkum að standa í mismunandi röðum til að reyna að vera valin út.

Þegar rætt er við þau um val sitt á Íslandi þá skýra þau það út þannig að þau hafi viljað velja land þar sem ekki svo margir flóttamenn væru að fara til og þar sem allir fjölskyldu meðlimir gátu farið saman. Ísland var tilbúið að taka þau.

2. Reynsla flóttamanna við að koma hingað til lands

Viðmælendur voru öll sammála um að aðstoð í upphafi hafi verið góð. Þau eru öll mjög þakklát fyrir að hafa komið hingað. Einn viðmælandi bendir á: „Það er mjög mikil munur á því hvernig lífið er hér og í Kosovo, þannig að hér [Íslandi] lítur allt mjög vel út fyrir okkur“. Þeim þótti vel stutt við bakið á sér við komuna. Þau voru sátt við alla þætti þeirra þjónustu sem þeim stóð til boða. Allt frá íbúðum, atvinnu og menntakerfi sem stóð þeim opið. Það var mikil áhersla á að kenna þessum hópum íslensku og var þeim kennt fjóra tíma á dag og þau unnu fjóra tíma á dag. Hluti af þessari kennslu var kennsla um íslenskt samfélag og íslensk lög. Skiptar skoðanir voru meðal viðmælanda hvort slík kennsla hafi skilað sér, það er að of mikið af upplýsingum hafi verið gefið á of skömmum tíma þannig að það hafi verið takmarkað hvað hafi setið eftir.

Viðmælendur töluðu lítið um stuðningsfjölskyldur sínar en töldu að þær hefðu reynst þeim vel, en virtust þó ekki vera í sérstöku sambandi við þær í dag. Viðmælendur ræddu um að koma hingað hafi verið andlega erfitt, ekki bara vegna þess að hér var gróður- og veðurfar allt öðruvísi, heldur meira vegna þess að hluti af fjölskyldunum hafi verið eftir úti í stríði. Þannig að það hafi fylgt því ákveðin vanlíðan að vera komin hingað á öruggan stað á meðan aðrir í fjölskyldunni hafi ekki verið svo heppnir. Þau sem komið höfðu í gegnum Keflavík ræddu mikið um gróðurfar landsins, þau sem komu til Egilstaða var ekki eins tíðmælt um það.

3. Tengslanet flóttamanna

Flestir viðmælendur mínir komu úr fjölskyldum þar sem fleiri ættingjar þeirra komu hingað sem flóttamenn eða í kjölfarið á þeim. Þannig að tengslanet þeirra er mikið byggt upp af fjölskyldutengslum. Stuðningsnet þeirra er mest byggt upp af fjölskyldum þeirra. Þau segjast einnig eiga vini úr hópum flóttamanna sem kom með þeim hingað en með tíma hafa sambandið minnkað. Þau spjalli saman þegar þau hittast á götu eða slíkt en hafi annars lítið samband sín á milli. Þau tala um að þau eigi einnig íslenska vini, það er aðallega samstarfsfólk þeirra sem þau eru í einhverju sambandi við. Yngri kynslóðin, það eru unglingar og krakkar í þessum hóp eiga þó víðari vinahóp sem samanstendur af börnum sem eru með þeim í skóla. Þau sem búið hafa á landbyggðinni hafa sterkari tengslanet við Íslendinga en þau sem búa á Stór-Reykjavíkur svæðinu.

Mestu tengslin og sterkasta sambandið virðist samkvæmt viðmælendum vera innan fjölskyldanna, eins og útskýrt var: „við erum ánægð þar sem við erum öll fjölskyldan hér“. Fjölskyldan er kjarninn í öllu tengslaneti hjá þeim þar sem þau eyða miklum tíma saman. Til að styrkja þessi fjölskyldubönd búa þau oftast í sömu hverfum þannig að vegalengdir milli fjölskyldumeðlima eru ekki mjög miklar.

4. Íslenskukennsla

Hluti að aðlögun þessa hópa hér á landi inn í íslenskt samfélag er að kenna þeim íslensku. Íslenskukennsla verður þar af leiðandi einn af höfuðáherslum í aðstoðar við þau fyrsta árið. Það sem mörgum viðmælendum þótti erfitt fyrir sig og aðstandur sína, var tungumálið eins og bent var á: „eitt af vandmálunum var að kennarar sem eru að kenna okkur íslensku tala ekki okkar mál“ og allar útskýringar verða mjög erfiðar. Sú íslenskukennsla sem flóttamennirnir fengu var í fjóra tíma á dag fimm daga vikunnar í 9 mánuði. Þessi kennsla var samhliða vinnu þessa fólks, það er þeim var kennt 4 tíma fyrir hádegi og síðan fóru þau og unnu í fjóra tíma í þeim störfum sem þau höfðu fengið við komu hingað.

Þeir ættingjar sem komuna hingað sem ástvinir flóttamanna hafa fengið mun minna íslenskunám heldur en þau sem komu sem flóttamenn. Þau hafa tekið frá 2 mánuðum upp í að hafa lokið fjórða stigi af íslenskunámi hjá Námsflokkunum. Hópurinn sem fór til Dalvíkur var í íslensku námi í einn mánuði og síðan var frí í einn mánuð vegna sumarleyfis kennara og síðan hófst kennslan aftur. Viðmælendum fannst það erfitt. Að mati viðmælenda er lykill að öllu að tala tungumálið: „ef maður talar ekki tungumálið þá verða öll samskipti erfiðari“.

5. Túlkaþjónusta

Þegar þessir hópar voru spurðir út í notkun þeirra á túlkaþjónustu þá virðist sem að þau hafi ekki notað sér þjónustu túlks nema í tengslum við heilbrigðismál. Í tengslum við skóla barna eru það eldri systkini sem túlka ef með þarf. Þegar við ræðum um aðgengi þeirra að túlkum fyrir mismunandi aðstæður, kemur í ljós að þau vissu um að það væri í boði túlkaþjónusta í gegnum Miðstöð nýbúa þegar hún var út á Skerjafirði, en þau gerðu sér ekki alltaf grein fyrir því að sú þjónusta hafði færst niður í Alþjóðahús. Engin af viðmælendum mínum í þessum hóp hafði nýtt sér þjónustu Alþjóðahús en ætluðu öll að skoða hvað þar væri í boði. Þau virtust öll fylgjast með upplýsingum sem birtar eru á textavarp, en lýstu því yfir að það væri bagalegt að þær væru þýddar á Albönsku.

6. Aðstaða flóttamanna í dag

Viðmælendur voru öll ákveðin í að vera hér á landi áfram og þau eru almennt ánægð með lífskjör sín hér á landi. Einn viðmælandi sagði þó: „maður getur ekki sagt fyrir um framtíðna, en eins og er þá erum við hér og búin að kaupa sér íbúð“. Flestir voru í vinnu eða voru heimavinnandi vegna ungra barna eða örorku. Þau störf sem þau sinntu í dag hér á landi voru þó oftast önnur en þau sem þau höfðu sinnt áður en þau fóru á flóttu. Störf eins og þjónustustörf, vinna í leikskólum eða verksmiðjuvinna voru algeng störf viðmælenda. Flestir voru sæmilega ánægðir með atvinnu sína. Nokkrir voru í störfum þar sem menntun þeirra nýttist ekki. Viðkomandi aðilar höfðu þó fullan hug á því að reyna að fá þá menntun metna þegar þau væru komin með betra vald á íslensku. Aðrir höfðu áhuga að sækja sér aukna menntun eða starfsmenntun til að auka möguleika sína á atvinnumarkaði. Þeir sem búið höfðu á landbyggðinni töldu að þau höfðu betri aðgengi að slíkri menntun hér í Reykjavík en þar sem þau höfðu búið áður.

Þau sem flutt höfðu til Reykjavíkur af landsbyggðinni höfðu gert það að hluta til vegna atvinnuástands á Dalvík. Þau sáu atvinnumöguleika sína betri hér en þar sem þau höfðu búið áður. Þó töldu þau að lífið í höfuðborginni væri stressaðra og minni tími til að hafa samskipti við aðra. Þeim þóttu þessi flutningar af landbyggð til höfuðborgar mjög erfiðir, þar sem þau skildu eftir sig mjög mikið af góðu fólki sem þau voru búin að tengjast, þó að stór hluti af fjölskyldu þeirra sé búsettur hér í Reykjavík.

Húsnæðislega séð var hluti af viðmælendum í eigin húsnæði og hluti af þeim í leiguhúsnæði. Viðmælendur frá Dalvík voru enn sem komið er í leiguhúsnæði enda nýflutt til Reykjavíkur, en þau voru að huga að því að kaupa fljótlega. Viðmælendur ræddu allir um

hversu dýrt það væri að kaupa núna og að verð hækkaði næstum á hverjum degi, svo virðist sem að þau fylgist vel með gangi mála á fasteignamarkaði hér á landi. Þær fjölskyldur sem ég ræddi við áttu allar sína bíla, þau töldu að það væri erfitt að lifa hér á landi ef maður ætti ekki bíl, en þeim fannst dýrt að reka bíl.

Þegar þau voru spurð út í þátttöku sína í íslenskri dægurmenningu, þá fara þau í bíó og kaffihús, sumir fara út að skemmta sér, en þau hafa ekki farið í leikhús og á myndlistasýningar. Þau segjast ekki taka mikinn þátt í svona hlutum þar sem það sé dýrt og að það sé lítill tími til að gera svona hluti hér, en takmarkaður skilningur á máli hamli að farið sé í leikhús. Megináhersla hjá þeim er á fjölskylduna, að vera saman og að vinna, þannig að tími fyrir annað er takmarkaður. Þau sem komu af landsbyggðin töldu að félagsskapur hafi verið meiri þar en í Reykjavík. Þar hafi fólk verið nær hvort öðru en hér, þar talaði fólk við hvort annað en ekki hér í Reykjavík.

Þegar þau voru spurð út hvernig þau skynjuðu öryggi sitt hér, þá voru þau öll sammála að þau töldu sig mjög örugg hér. Þar voru þau ekki bara að tala um líkamlegt öryggi sitt heldur líka um að hér væru allt í föstum skorðum, hér væru bankar sem virkuðu, löggæsla sem ekki stæði ógn af, vinna og skólar.

7. Samskipti við upprunaland

Allir viðmælendur hafa samskipti við upprunaland. Þau hafa farið þangað í frí til að hitta ættingja og stefna að því að fara þangað í heimsókn í nánustu framtíð. Sumir hafa farið til upprunalands einu sinni á ári. Aðrir hafa farið til annarra landa þar sem ættingjar eða vinir eru búsettir. Þau sem búið höfðu á landsbyggðinni ræddu þó um að auðveldara og ódýrarar væri að fara erlendis frá Stór-Reykjavíkursvæðinu en utan af landi, mikið auðveldara með samgöngur út í heim, nær Keflavíkurflugvelli. Auk þess ræddu þau um áhuga ástvinna til að koma hingað til lands í heimsókn.

Allir viðmælendur fylgdust vel með gangi mála í upprunalandi, þar sem á þeim heimilum sem farið var á var allstaðar gervihnattasjónvarp þannig að þau næðu stöðvum frá Kosovo og af þessu svæði. Á öllum heimilum var tölva sem var nettengd og þann miðil notuðu þau gjarnan. Þannig að viðmælendur voru vel upplýst um gang mála á þessu landsvæði.

8. Tilmæli um þætti sem gætu verið betri

Viðmælendur ræddu um að það væri orðið erfiðara fyrir ástvini að koma hingað til lands nú en áður vegna breytinga á lögum um útlendinga³. Margir af þeim sem eru ógiftir höfðu áhyggjur af þessu, þar sem þau sáu ekki fram á að geta komið væntanlegum mökum til landsins. Svo virtist sem áhugi fyrir að finna maka hér á landi væri takmarkaður og markmiðið væri að finna maka sem kæmi frá sama tungumála svæði og menningarsvæði. Eins og einn útskýrir: „nýjar reglur með maka og útlendinga gerir þetta miklu erfiðara fyrir okkur“.

Þau töldu að flestir útlendingar þekktu ekki rétt sinn í íslensku samfélagi. Sem dæmi í upphafi var farið í gegnum samhliða íslenskukennslu allskonar hlutir í sambandi við lög og reglur. Sumum viðmælendum fannst allt of mikil upplýsingaráðgjöf í upphafi þegar þau voru ekki enn tilbúin að móttaka hann. „Það kemur allskonar fólk, frá bönkum og allstaðar til að kynna fyrir okkur. En við skyldum ekki neitt. Það var einhver maður þarna uppi að tala og skrifa, við drukkum kafi og allir mjög ánægðir en við skildum ekkert“. Að þeirra mati eru þau að læra á þetta með því að reka sig á eða lenda í einhverju, sem dæmi þegar þau kaupa íbúðir fá upplýsingar um upphæð og reikna út, en svo fyrstu mánuðina koma svakalegir reikningar þar sem vextir og annað koma inn sem gleymst hefur að segja þeim frá. Í því sambandi var mikið rætt um þýðingar á almennum upplýsingum, sem tengjast sem dæmi kaupum á íbúðum og öðrum þáttum sem þau þurfa að nýta sér. Eins og einn viðmælandi orðaði það: „þetta snýst ekki bara um upplýsingar um kaup á íbúðum heldur einnig um almennar upplýsingar“ um atvinnu, hvert þau snúa sér til að fá upplýsingar um ýmsa þætti eins og vegna skattamála, réttindamála, um þá þjónustu sem þeim býðst í gegnum Alþjóðahús⁴ o.s.frv. Þau benda á að það séu til ýmsar upplýsingar í gegnum textavarp í sjónvarpi á Pólsku og Serbnesku, þau spyrja: „er ekki hægt að fá slíkar upplýsingar fyrir okkur líka?“ Þau benda á að það séu ekki allir úr þeirra hópi sem geta lesið serbnesku, þar af leiðandi geta ekki allir nýtt sér þá þjónustu sem er til staðar. Auk þess hafa þau áhyggjur af því hvernig menntun frá fyrrum Júgóslavíu sé og verði metin hér á landi. Þau eru smeyk við að reyna að fá menntun sína metna.

Aðrir þættir sem komu til tals voru að allt þetta fólk glímir við gífurlega sorg vegna lífsreynslu sinnar og mjög oft er ekki hægt að útskýra eða leysa slíkt í gegnum túlka. Erfitt er að leysa slíka andlega þætti á fyrsta ári þessa fólks hér á landi. Þetta eru hlutir sem eru til staðar og þyrfti jafnvel að huga að einhverju ferli sem hægt er að vinna með yfir lengri tíma. Eins og útskýrt var: „til að minnka sorg þarf maður að geta rætt þetta við einhvern sem hefur

³ Hér er verið að vísa í Lög nr. 20 30. apríl 2004 sem voru lög um breytingu á lögum um útlendinga nr. 96 15. frá maí 2002 (Alþingi, 2005).

⁴ Það virðist sem viðmælendur viti lítið um tilvist Alþjóðarhúss og þeirri þjónustu sem þar er í boði.

skilning og helst á eigin tungumáli“. Annar bendir á að þar sem slík lífsreynsla er ekki eitthvað sem maður getur unnið úr á einu ári, eins og viðkomandi orðaði það „the trauma is there and it is irrecoverable“.

IV. Þátttakendur frá Króatíu

Flóttafólk frá Króatíu kom hingað til lands á tímabilinu 1996 til 2003, í sex hópum (sjá töflu I.1. í heildarinnangi bls. 4). Móttökusveitafélög þeirra dreifðust um landið og voru: Ísafjörður, Hornafjörður, Blönduós, Siglufjörður, Reykjanesbær og Akureyri. Allt það fólk sem kom hingað hafði þurft að flýja heimkynni sín vegna uppruna síns, en flestir voru Serbó-Króatar eða fjölskyldur sem voru af blönduðum uppruna. Alls voru þetta um 141 flóttamenn sem íslenska ríkið tók á móti, en af þeim eru 130 enn búsettir hér. Hér á landi hafa nokkur börn fæðst inn í þennan hóp og eitthvað er um að fjölskyldumeðlimir hafi komið hingað í tengslum við flóttamenn sem fyrir eru.



Fyrir þennan hluta rannsóknar voru valdar út sjö fjölskyldur sem komu hingað frá Króatíu. Þær voru valdar úr þeim sex hópum sem komu hingað, en tvær fjölskyldur voru valdar úr þeim hópi sem hafði verið hér lengst. Fjögur af þessum viðtölum voru tekin við fjölskyldurnar eða einstaklinga í heimkynnum þeirra, tvö voru tekin í gegnum síma og eitt á „hlutlausu“ svæði. Allir viðmælendur afþökkuðu að túlkur væri viðstaddur í viðtölum og í flestum tilfellum vildu viðmælendur heldur að spyrjandi skrifaði hjá sér svör þeirra frekar en þau væru tekin upp⁵. Í þeim tilfellum þar sem styst var síðan viðmælendur komu hingað voru börn/unglingar þeirra með í viðtölum til að túlka. Viðmælendur höfðu öll komið hingað sem flóttamenn. Þó höfðu ættingjar einhverra þeirra komið hingað í kjölfarið. Hóparnir sem rætt var við voru mistórir allt frá því að vera einstaklingsviðtöl upp í þrjá viðmælendur í einu, flestir viðmælendur voru konur og aldursdreifing var mikil í viðtölum frá börnum/unglingum upp í fólk yfir sextugt.

Þó nokkrar breytingar hafa átt sér stað hjá sumum í þessum hópum, sem dæmi höfðu flestir flutt frá Ísafirði, Blönduósi og Siglufirði, á suðvesturhornið. Auk þess sem fólk úr hópnum frá Hornafirði hafði eitthvað flutt til Reykjavíkur.

⁵ Í þessu kemur fram að þetta fólk er mjög vart um sig. Viðmælendur útskýrðu að þau „treystu ekki því að það sem þau sögðu kæmi í bakið á þeim“ og þar af leiðandi höfðu þau oft verið treg til að taka þátt í könnun eins og þessari. Svona lagað er alltaf mjög viðkvæmt fyrir fólk sem er búð að vera í stríði. Auk þess var mikil tortryggni gagnvart spurningarlistum þar sem við gætum eflaust fundið út hver var hvað ef við lægjum yfir listunum. Karlmenn í þessum hópi voru varari um sig.

1. Líf flóttamanna fyrir komu hingað

Í Króatíu býr fólk með marg-etnískan bakgrunn sem hefur oft gert sambúð þessa ólíku hópa erfitt fyrir. Landið var áður eitt af sex löndum fyrrum Júgóslavíu, en brestir komu í fyrrum lýðveldið um 1980 eftir andlát Titos þegar hvert af hinum sex ríkjum lýsir yfir löngun fyrir sjálfstæði. Það er svo ekki fyrr en 1991 að Króatía lýsir yfir sjálfstæði (BBC News, 2005b). Upp úr því, hefjast átök á milli Serba og Króata. Stríðið í Króatíu hefst á afmörkuðum svæðum en breiðist svo út yfir landið. Serbó-Króatar sem bjuggu í austur hluta landsins byrja að hrekja Króata burt af sínum svæði með aðstoð Júgóslavneska hersins. Undir lok ársins 1991 er nær einn þriðji af landsvæði Króatíu undir yfirráðum Serba. Á tveimur þriðja hluta landsvæði Króatíu eru Serbar ekki velkomnir og átök verða á milli þessa etnisku hópa. Árið 1992 koma Sameinuðu þjóðirnar með heraflo til að halda í sundur Króötum og Serbum.

Á þessum landssvæðum var ástandið mjög slæmt fyrir hjón sem komu af ólíkum etnískum hópnum, auk þess sem ástandið mjög óstöðugt fyrir fólk af Serbneskum uppruna inn í Króatíu. Í þessum átökum þurftu margir af viðmælendum að yfirgefa heimili sín mjög snögglega, þannig að það gafst lítil tími til að taka með sér persónulega hluti eða önnur verðmæti. Viðmælendur höfðu öll þurft að flýja frá Króatíu og höfðu þau farið bæði til Serbíu og Svartfjallalands. Hóparnir sem komu hingað frá báðum þessum löndum en mjög mismunandi var hve lengi viðmælendurnir voru búnir að vera í flóttamannabúðum eða á hrakningum. Þar skiptir einnig máli í hvaða hópi þau komu enda hafa flóttamenn frá þessu svæði verið tekin inn hingað til lands á átta ára tímabili. Fólk sem var í blönduðum hjónaböndum áttu forgang með að vera valið til að komast burt.

Margir af viðmælendum höfðu átt mjög gott líf fyrir stríð. Þau höfðu flest búið hjá fjölskyldum sínum eða í eigin húsnæði, eins og einn sagði: „hús foreldra er okkar hús, við búum þar með okkar fjölskyldur líka. Það er hefð hjá okkur“. Sumir höfðu átt bæði eigið húsnæði og sumarhús. Flestir viðmælendur höfðu verið í vinnu, námi eða heimavinandi fyrir stríð. Eftir að stríð skellur á var atvinnuástand slæmt og öryggi þessa fólks ótryggt, auk þess sem margir af karlmönnum voru kvaddir í herinn eða teknir í herþjónustu gegn vilja sínum, jafnvel eftir að þeir voru komnir til Serbíu sem flóttamenn. Þannig að ástandið var mjög erfitt hjá viðmælendum. „Lífið var mjög erfitt þú vissir aldrei hvort þú ættir nóg að borða eða fengir að borða næsta dag, það var svo erfitt með vinnu“ og aðgangur að verslunum var ekki tryggur þar sem það voru engar vörur að fá. Þó nokkrir af viðmælendum áttu fjölskyldumeðlimi sem bjuggu og unnu í einhverju af Evrópulöndunum og sendu heim peninga til að hjálpa fjölskyldunum sínum.

Fólkið sem rætt var við hafði verið á hrakningum frá tíu mánuðum upp í níu ár áður en þau komu hingað til lands. Fólk hafði farið á milli landa, eins og frá Króatíu yfir til Svartfjallalands og síðan yfir til Serbíu. Ekki reyndist alltaf möguleiki að allir úr stór fjölskyldum kæmust hingað í sama hópnum en þá var í sumum tilfellum reynt að taka það fólk inn í næsta hóp sem kom hingað. En það gekk ekki alltaf eftir þar sem ættingjar féllu ekki alltaf undir skilgreiningu sem forgangshópar. Líf þessa fólk var mjög erfitt þar sem margir höfðu ítrekað þurft að flytja en aðrir bjuggu í flóttamannabúðum við þröngan kost.

Flestir töluðu um að lífið fyrir stríð hafi verið gott og að það hafi verið gott að búa í Króatíu. Þar hafi verið mjög fallett og mikið líf. Fólk var mjög virkt í að fara í leikhús, tónleika og bíó. Það var mikið dansað og mikill ferðamannaíðnaður í landinu. En eftir að stríðið hófst hafi allt slíkt dottið niður.

2. *Reynsla flóttamann við að komu hingað til lands*

Nokkrir af viðmælendum höfðu valið það að koma til Íslands fram yfir önnur lönd sem voru að taka inn fólk á sama tíma, eins og Kanada, Ástralía og Bandaríkin, en ein af ástæðunum var að Ísland var land innan Evrópu. Sumir höfðu verið að reyna að komast Noregs eða annarra landa í Skandínavíu. Aðrir höfðu ekki haft neitt val um viðtökuland. Allir viðmælendur voru mjög fegnir og ánægðir að hafa komist frá flóttamannabúðum eða þeim svæðum sem þau voru á. Flutningar í fjarlæggt land eru mjög erfiðir fyrir fólkið þar sem það fer í breytt umhverfi, annarskonar menningu og þarf að læra nýtt tungumál. Börnin/unglingarnir höfðu orð á því, að það hafi alls ekki verið svo erfitt fyrir þau að koma hingað og „ekki eins erfitt og það var fyrir mömmu og pabba“.

Allir viðmælenda voru sammála um að margir þættir í aðstoð við þau í upphafi hafi verið mjög góðir. Húsnæðið hafi verið gott, fin húsgögn og búið að gera húsnæðið heimilislegt. „Það er engin sem kvartar yfir þessu, þegar fólk er búið að búa í flóttamannabúðum eða leigja hér og þar eins og við“. Aðrir sögðu: „Fólk var mjög gott við okkur“ og á öllum þessum stöðum sýndi fólk þeim mikinn áhuga. Þegar við komum áttum við ekkert og að fá allt eins og allir hinir var yndislegt „maður fær tár í augun“. Fólk ræddi um að það hafi verið ánægt með að fá atvinnu þegar það kom hingað, þó var það misánægt með þau störf sem þau fengu. Flestir voru þó sólgnir í að vinna, þar sem margir af viðmælendum höfðu ekki haft vinnu í langan tíma áður en þau komu hingað, hvatinn til að eignast peninga var mjög sterkur.

Reynsla viðmælenda af öðrum þáttum aðstoðar var mjög mismunandi. Þeir þættir sem fólk var misánægt með voru stuðningsfjölskyldur, íslenskukennsla, stærð samfélaga sem þau bjuggu í, þrýstingur frá Rauða kross Íslands eða túlkum og margt annað. Aðstoð á formi

stuðningsfjölskylda mæltist misvel fyrir. Viðmælendur voru allt frá því að vera mjög ánægðir með stuðningsfjölskyldur sínar og voru enn í dag í mjög nánú sambandi við þær, yfir að stuðningsfjölskyldur stóðu ekki undir væntingum eða reyndust stundum svolítið kæfandi. Eins og einn viðmælandi orðaði það: „það er lykilatriði að stuðningsfólkið og móttökusveitafélagið gefi fólki svigrúm til að átta sig“. Hjá einum viðmælanda hafði stuðningsfjölskyldan notað aðlögunarnálgun, þar sem þau komu og voru aðeins í 5 mínútur í fyrsta sinn, aðeins til að sjá flóttafjölskyldu sína og kynna sig. Næst komu þau viku síðar og svo koll of kolli, þar með gáfu þau nýju fjölskyldunni og sjálfu sér tíma til að aðlagst og venjast. Eins og viðmælandi bendir á: „Þetta er mjög erfitt, við getum ekki talað saman fyrir en miklu seinna þannig að það skiptir máli að þær þröngvi sér ekki inn á okkur“.

Öðrum fannst að þau hefðu fengið lítinn tíma til að jafna sig og átta sig á breyttum staðháttum, of mikið prógramm strax, þ.e. að byrja í íslensku daginn eftir komu til sveitafélags og í upphafi streymdi inn hjálplegt fólk til þeirra til að útskýrði hluti eins og heitt og kalt vatn og fjarstýringar á sjónvarpi. „Okkur fannst það frekar niðurlægjandi, alveg eins og að þau héldu að við værum frá einhverju frumstæðu landi, þar sem ekki væri heitt og kalt vatn“. Sumum fannst þeim ekki vera gefið svigrúm að kynnast innbyrðis, „Við þekktumst ekkert áður en við komum, eina sem við áttum sameiginlegt var að vera flóttamenn“. Það er spurning hvort ekki þurfi að skoða það að fræða fólk sem býr í þessum bæjarfélögum um fólkið sem er að koma þannig að það geri sér grein fyrir að þau komi frá menningarsvæðum.

Einhverjir af viðmælendum héldu við komuna hingað að enska væri töluð á Íslandi, en þegar þau lærðu að það var íslenska skipti það ekki svo miklu máli þar sem flestir viðmælendur höfðu lært rússnesku í skóla en ekki ensku. Sem undirstrikar svolítið að margir höfðu ekki verið fræddir mikið um landið og þjóðina áður en þau komu. Nokkrum viðmælendum fannst að það mætti alveg upplýsa fólk betur: „Það væri ráðlegt að fræða fólk um landið áður en það kæmi“. Mörgum þótti erfitt í byrjun að koma hingað. Þó sérstaklega þeim sem fóru til smærri sveitafélaga þar sem viðbrigðin voru mikil og oft hafði þetta fólk búið í borgum sem voru mun stærri en Reykjavík hluta af ævi sinni. Mörgum fannst þau vera komin langt frá öllu og oft of mikil nálægð við aðra. Þeim fannst erfitt og voru viðkvæm fyrir því að fólk væri að fylgjast með sér. Auk þess kom veðurfar hér á landi mörgum á óvart, margir voru að bíða eftir að sumarið með hita kæmi og einn sagði: „Það var alltaf kalt, en í dag hef ég vanist þessu“. Nú hafa hlutir snúist við þar sem í dag finnst þeim erfitt að fara á sumrin til Króatíu því þar er svo heitt.

Öðrum viðmælendum fannst mikil þrýstingur á sig í upphafi að koma undir sig fótunum, alltaf var verið að minna þau á að stuðningur væri aðeins í ár og að þau yrðu að huga að

framtið sinni. Eins og viðmælandi útskýrir: „Þið verðið að kaupa íbúð, þið verðið að læra íslensku, þið verðið að vinna mikið, þið verðið að aðlagast íslensku samfélagi“ og með þessu væri verið að pressa á þau. „Það var alveg nóg að stressandi að koma í nýtt land og allt nýtt, að þurfa ekki alltaf að vera að ýta á okkur að við hefðum aðeins eitt ár“ sumum viðmælendum fannst þetta gífurlegur þrýstingur á sig. Fólk meinti þetta ekki illa en þetta hafði reynst stuðandi fyrir þá sem ræddu þetta.

3. Tengslanet flóttamanna

Tengslanet viðmælanda var mjög mismunandi, allt frá því að vera aðeins nánasta fjölskylda yfir í að vera stór hópur af fólki bæði af erlendum og íslenskum uppruna. Stuðningsfjölskyldur viðmælanda hafa oft spilað stórt hlutverk í lífi þessa fólks og gera enn í dag. Jafnvel mörgum árum eftir að formlegu hlutverki þeirra er lokið eru meðlimir stuðningsfjölskyldna orðnir nánir vinir með talsverð samskipti við þau, jafnvel þó að þau búi ekki lengur í sama sveitafélagi. Auk þess eru tengsl á milli einstaklinga sem komu með síðustu hópunum og þeirra sem unnu sem túlkar með þeim í byrjun.

Fjölskyldur viðmælanda spila þó stærsta hlutverkið í tengslaneti þeirra. Sumir höfðu mikið af ættingjum sínum hér á landi. Það var oft tilkomið þannig að fyrst kom einhver úr fjölskyldunni hingað og í síðari hópum aðrir úr nánustu fjölskyldu, til dæmis systkini og fjölskyldur þeirra. Þó nokkuð af nánustu ættingjum eða börnum viðmælanda hafa komið hingað til landsins þó ekki sem flóttamenn, heldur með aðstoð viðmælanda og annarra skyldmenna sem komið hafa hingað sem flóttamenn. Aðrir viðmælendur voru aðeins kjarnafjölskyldan hér á landi og höfðu frekar lítil tengsl við aðra. Það var sterk áhersla hjá viðmælendum að þau þurftu ekki aðstoð hjá neinum, þau væru meira og minna sjálfbjarga um allt.

Þegar spurt var um tengsl við aðra sem komu hingað í sama flóttamannahópi var mjög misjafnt hvort fólk væri í tengslum eða ekki. Það virðist sem að innan einhverra hópa hafi ekki alltaf verið fullkomin sátt og að fólkið hafi verið mjög ólíkt og átti ólíkan bakgrunn. Það hafi verið afbrýðisemi á milli manna sem gerði samskipti erfið. Bent var á í þessu samhengi: „Það hafa aldrei verið nein vandamál með Íslendinga þau hafa verið við samlanda“.

4. Íslenskukennsla og nám

Fólk hafði miklar skoðanir á þeirri íslenskukennslu sem það fékk. Kom það fram að mismunandi var staðið að kennslu og fólk líkaði hún misvel. Sumir hópar voru mjög ánægðir þar sem þau höfðu fengið íslenskukennslu stóran hluta tímanns hjá aðila sem talaði þeirra tungumál. Viðmælandi sagði: „Það hjálpaði okkur mikið að hafa manneskju sem var að kenna okkar mestallan tímann sem var ekki bara góður kennari heldur talaði okkar mál, þannig að hann gat útskýrt fyrir okkur það sem þurfti“. Aðrir voru óánægðir yfir að eftir einn til tvo mánuði hafði kennari sem talaði þeirra mál farið í sumarfrí og eftir frí hefði kennari kennt sem talaði ekki þeirra mál. Í einum hópi kom fram að í upphafi hafi kennsla verið mjög góð, en svo eftir tvo til þrjá mánuði hafi allt að því óhæfur kennari komið að kenna þeim íslensku. Viðmælandi lagði áherslu á: „við lærðum ekkert“. Hópurinn var mjög óánægður með kennsluna en þau urðu að mæta. Það var skyldumæting hjá þeim. Það skapaði nokkur vandræði að fólkið er með mismunandi skólagöngu að baki, þannig að þegar farið var að kenna þeim flóknari atriði eins og málfræði var af mikill getumunur milli manna. Þetta kom vel í ljós á Suðurnesjum þar sem kennari sem talar þeirra mál kenndi tvo dag á móti hinum. Þegar kennari sem talaði þeirra mál var að kenna var miklu betri mæting.

Svo virðist sem karlmenn í hópunum fari snemma að vinna fulla vinnu, þannig að álagið við að vinna átta tíma og svo læra íslensku í fjóra tíma á dag er gífurlegt fyrir þá. Þá er spurningin hversu góð er athyglisgáfan hjá þeim þegar kemur að námi, eins og einn viðmælandi útskýrir: „Enda kemur í ljós að hjá þessum hópum tala konurnar oft betri íslensku en karlarnir“. Valið á kennara til að kenna þessu fólki íslensku er mjög mikilvægt, þar sem allir sem rætt var við tala um að: „Lykill að samfélaginu sér tungumál viðkomandi samfélags“.

Gagnvart börnum flóttamanna er mikil áhersla á íslensku í skólunum, en mörg þessara barna voru í barnaskólum í heimalandi sínu og voru komin lengra en jafnaldrar þeirra hér í greinum eins og stærðfræði. Að mati viðmælanda vantar að hjálpa þessum börnum að halda áfram þar sem þau eru, ekki láta þau bíða þar til íslensku börnin nái þeim. Svo virðist sem þetta hafi verið gert í upphafi til að nota tíma til að kenna þeim íslensku. Það skiptir máli að læra íslensku en fög eins og starfræði skipta líka máli að mati viðmælanda. Í dag eru áherslur í námi barna af erlendum uppruna aðrar en fyrir níu árum þegar fyrstu hóparnir komu. Nú eru komnar nýbúadeildir við suma skóla í Reykjavík sem sérhæfa sig að aðstoða þessi börn.

Það er metnaður hjá þessum börnum/unglingum sem rætt var við. Þau sem eru að ljúka grunnskóla stefna á menntaskóla. Þau sem eru í menntaskólum gengur vel og sum þeirra sem eru að ljúka menntaskóla ætla að halda áfram og fara í Háskóla. Auk þess eru dæmi um

flóttamenn sem hafa tekið háskólamenntun sína hér á landi. Það er mikið kappsmála hjá foreldrum þessara barna/unglinga að þau mennti sig til að auka möguleika þeirra á góðum lífkjörum í framtíðinni.

5. Túlkaþjónusta

Viðmælendur höfðu mjög skiptar skoðanir á þeirri túlkaþjónustu sem stóð þeim til boða í upphafi. Sumir voru mjög ánægðir með túlkaþjónustu. Aðrir báru ekki traust til túlkana, þar sem þeim fannst þeir vera að bera sögur á milli fólks. Einn sagði: „Við erum búinn að læra að treysta engum“. Sumir vildu frekar einn túlk en annan þar sem þau báru traust til hans eða höfðu vanist honum, en það gekk ekki alltaf eftir þar sem túlkar voru ekki búsettir í þeim sveitafélögum sem viðkomandi bjuggu. Börn/unglingar viðmælenda sem hafa verið hér í 5 ár eða skemur sjá yfirleitt um að aðstoða foreldra sína við að túlka og þýða fyrir þau.

Þegar viðmælendur voru spurðir um hvort þau notuðu sér þjónustu Alþjóðahúss í Reykjavík eða annarra stofnana eins og Fjölmenningssetur á Ísafirði eða Alþjóðastofu á Akureyri. Þá höfðu þau allmennt ekki notað sér þjónustu Alþjóðarhús en þau vissu um hana. Margir höfðu notað sér upplýsingarsíma hjá Fjölmenningssetri og þau sem voru á Akureyri höfðu farið í Alþjóðarhús, en öll notuðu þau reglulega upplýsingar á textavarpí.

6. Aðstaða flóttamanna í dag

Viðmælendur voru flest ákveðin í að vera áfram hér á landi og þau voru flest ánægð með lífskjör sín. Þau sem eru með börn tala um að þó að fjölskyldan í upprunalandi togi oft, þá hafi þau það yfirleitt gott hér og að hluti barnanna þekki takmarkað upprunalandið. Þar af leiðandi er mjög erfitt að snúa aftur til upprunalands, enda sögðu margir að ástandið væri enn slæmt þar. Viðmælendur töldu sig örugg hér á Íslandi.

Flestir eldri viðmælenda eru í vinnu, fyrir utan einn viðmælenda sem var hættur að vinna í dag sökum aldurs og örorku. Ungir viðmælendur voru í skóla. Þau störf sem eldri viðmælendur unnu hér á landi í dag voru oft frábrugðin þeim störfum sem þau sinntu í heimalandi sínu, en þó ekki alltaf. Störf eins og þjónustustörf, umönnun, vél og vélgæslustörf, iðnaðarstörf, verksmiðjustörf og sérfræðingastörf eru meðal þeirra starfa sem þau töldu upp að þau væru að vinna við. Flest voru ánægð með þau störf sem þau voru að vinna í dag, aðrir voru að mennta sig eða höfðu menntað sig þannig að þau gætu aukið atvinnumöguleika sína. Þeir viðmælendur sem voru í eldri kantinum fannst þau vera föst í láglauna störfum og með litla möguleika á að komast upp úr þeim. Þó nokkuð af viðmælendum hafði menntun á formi iðnmenntunar, tæknimenntunar eða háskólamenntunar. Oft hafa þau ekki reynt að fá menntun

sína metna hér á landi og eru þar af leiðandi ekki störfum í samræmi við hana. Aðrir voru ósáttir við að menntun eins og bílpróf voru ekki metin og fólk var látið læra á bíl aftur.

Viðmælendur bjuggu víðsvegar á landinu, þó var stærstur hluti þeirra á suðvesturhorninu. Aðeins einn viðmælandi sem bjó á landsbyggðin hafði ekki í hyggju að flytja þaðan. Hinir sem rætt var við voru að undirbúa flutning til höfuðborgarinnar. Þau sem höfðu flutt til höfuðborgarsvæðisins, höfðu flest gert það til að auka atvinnutækifæri sín, vegna þess að börnin þeirra vildu flytja til að fara í skóla eða vegna þess að stór fjölskyldan var þar. Einstaka hafði flutt til að fá greiðari aðgang að sérhæfðri lækniþjónustu vegna örorku. Aðrir töldu að flutningur hafi verið nauðsynlegur, að hluta til vegna skorts á möguleikum á húsnæði á því svæði sem þau voru á eða að svæðin voru of einangruð til að þeim liði vel þar. Þeim fannst betra að koma til Reykjavíkur þar sem þau gætu fallið inn í fjöldann og orðið ósýnilegri. Þau sem bjuggu út á landi töluðu um að það gæti verið þægilegra fyrir þau að búa nær Keflavíkurflugvelli þar sem það myndi lækka ferðakostnað þegar þau færu í heimsókn til upprunalands.

Flestir af viðmælendum búa í eigin húsnæði, þar sem þau eru búin að koma sér vel fyrir. Einn útskýrir: „Við lifum eins og allir aðrir Íslendingar“. Flestir tala um að þau séu „Næstum því íslendingar“ í dag, enda sjá þau líf sitt hér núna. Aðrir eru ekki svo vissir þar sem þeir sjá sig ekki sem mjög mikla þátttakendur í íslensku samfélagi. Flestir taka þátt í dægurmenningu hér á landi að einhverju leyti, þó ekkert í líkingu við það sem þau gerðu í upprunalandi sínu. Þegar þau voru spurð af hverju þau tækju minni þátt í félagslífi hér, þá er tímaskortur ein helsta skýringin. Yngra fólkið er virkara í öllu félagslífi en þeir sem eldri eru. Margir af viðmælendum hafa eitthvað ferðast um landið til að skoða sig um.

Margir viðmælendur ræddu um að lifa með mikilli sorg. Þessi sorg eða söknuður er að hluta til komin vegna þess að þau búa annarstaðar en flestir ættingjar þeirra. Þau eru á ákveðin hátt einangruð frá sínum nánustu og það er oft mjög erfitt fyrir þau. Auk þess geta þau ekki alltaf leyft sér að hringja í ástvini sína þegar þeim dettur það í hug eða farið að heimsækja þau, því að það er svo kostnaðarsamt. Það veldur sumum hugarangir að hafa það betra en margir í fjölskyldum þeirra. Efnahagslegt ástand í bæði Króatíu og Serbíu er mjög erfitt. Það er erfitt að fá vinnu og margir búa enn í flóttamannabúðum.

7. Samskipti við upprunaland

Allir viðmælendur hafa samskipti við upprunaland. Flestir hafa farið til upprunalands eða til nágrennalanda til að hitta ættingja sína. Þau sem hafa enn aðeins „hvít vegabréf“⁶ geta ekki farið til Króatíu heldur hafa farið til Svartfjallalands til að hitta ættingja sína. Nokkrir viðmælendur sögðu að það að fara aftur væri mjög erfitt þar sem allt væri breytt. Viðmælandi sagði: „Ég gæti aldrei snúið þangað aftur til að búa. Nú er Ísland mitt land“. Þeir sem hafa ekki farið enn eru að undirbúa heimsókn í sumar.

Viðmælendur fylgjast vel með gangi mála í upprunalandi sínu. Á þeim heimilum þar sem viðtölin voru tekin var allstaðar gervihnattasjónvarp sem ná beint stöðvum frá upprunalandi. Sumir viðmælendur nota internetið til að fylgjast með en síminn er mikið notaður til að vera í sambandi við ástvini. Þegar spurt er um tölvupóst þá kemur í ljós að þó að flestir hér á landi eigi tölvur eða hafi aðgang að tölvum, þá eru ekki allir af ástvinnum þeirra í heimalandi sem hafa slíkt eða hafa aðgang að slíku.

Flestir viðmælanda misstu allar eignir sínar í stríðinu. Margir sem hafa heimsótt upprunaland hafa vitjað eigna sinna. Oft hefur reynst erfitt fyrir viðkomandi aðila að sanna eignarétt sinn á eignum þar sem aðrir hafa verið fluttir inn í húsnæðið og erfitt hefur verið að sína fram á rétt viðkomandi flóttafólks. Slíkt veldur hugarangri hjá sumum viðmælanda og þeim finnst erfitt að fara í heimsókn til upprunalands þar sem þau hafa ekki getað endurheimt fasteignir sínar.

8. Tilmæli um þætti sem gætu verið betri

Margir viðmælendur í þessum hópum ræddu um möguleika á einhverskonar starfsmenntun samhliða íslenskunámi á fyrsta ári þeirra hér. Með því væri verið að hjálpa þeim til að fá menntun sína metna og/eða þjálfa þau í að verða hæfari inn á ákveðin starfssvið hér á landi. Þannig væri hægt að hjálpa þeim að auka lífsgæði sín á komandi árum.

Margir af þeim sem hafa verið hér í skemmri tíma ræddu um áhuga sinn að fá hingað til lands aðra úr fjölskyldu sinni, eins og bróðir/systir eða systkinabörn. Þau höfðu áhyggur af breyttum lögum sem gerði slíkt mjög erfitt og allt að því ómögulegt. Þau ræddu um að með nýjum lögum væri þeim gert erfiðað að sameina fjölskyldur.

Rætt var um skort á upplýsingum um hluti eins og kaup á íbúðum, heildarupplýsingar um hvernig íslenska húsnæðiskerfið virkar og svo upplýsingar um mismunandi lánkerfi. Auk þess vantar meiri fræðslu um réttindi á vinnumarkaði, tryggingakerfið og almennt um lög og

⁶ Eru ekki komin með Íslenskt ríkisfang.

reglur. Flestir flóttamenn stefna að því að kaupa sem fyrst íbúð hér á landi⁷ enda virðist sem að ákveðinn þrýstingur sé á þau að gera það. Þar af leiðandi vantar almennar upplýsingar um helstu atriði er skipta máli við húsnæðis kaup hér á landi. Upplýsingar um flesta af þessum þáttum á þeirra tungumáli gætu orðið mjög hjálplegar. Sumar af þessum upplýsingum eru til á ensku en mjög fáir í þessum hópum skilja hana.

Þau sem þurfa enn á mikilli þjónustu heilbrigðiskerfis ræddu um að það væri skortur á upplýsingum um heilbrigðis- og tryggingakerfið. Hluta af þessum upplýsingum var miðlað til þeirra við komuna til landsins, en þá voru þau ekki tilbúin að meðtaka þær eða áttu ekki von á að þurfa nota þær að ári liðnu. Það er mjög mikilvægt að bæta upplýsingastreymi til þeirra um þessi mál.

Kennsla barna þeirra á tungumáli foreldra er hlutur sem er algjörlega á herðum foreldra. Þannig að þó að þessir börn læri að tala málið er ekki alltaf víst að þau læri að skrifa og lesa það. Hjá flestum hópnum var veittur stuðningur við börnin fyrsta árið í eigin móðurmáli, en hjá síðasta hópnum sem kom hingað 2003 var engin stuðningur á þeirra tungumáli. Margir viðmælendur höfðu áhyggjur af því að börnin myndu týna niður hæfni í upprunatungumáli sínu. Nauðsynlegt er að huga að því að koma upp einhverskonar stuðningi við foreldra til að vinna í þessum málum eins og sumar nágrannaþjóðir okkar hafa tekið upp. Börnin læra íslensku, ensku, dönsku og þýsku/spænsku/frönsku í skóla, en ekkert í upprunatungumáli sínu.


Flestir viðmælendur búa yfir gífurlegri sorg eða áfalls vegna lífsreynslu sinnar. Mikil þörf er fyrir einhverskonar andlega eða sálræna aðstoð til þessa fólks. Slík aðstoð er jafnvel enn nauðsynlegri í dag en þegar viðkomandi komu til landsins. Viðmælandi útskýrir: „Fólk er kannski tilbúið mörgum árum síðar að ræða um ákveðna þætti, en ekki í upphafi. Til að nýta slíka þjónustu þurfum við betra vald á tungumálinu eða að fá fólk sem talar okkar tungumál“. Auk þess er nauðsynlegt að hafa í huga að fólk sem kom í tveimur síðustu hópnum, hafa verið miklu lengur en hinir í hrakningum, og þurfa kannski þar af leiðandi meiri aðstoð á þessu sviði. Fólk sem hefur lifað við óstöðugt ástand og óöryggi í allt að níu ár þarf á miklum stuðningi að halda.

Þó nokkuð var rætt um menntun og að fá hana metna. Aðkoma eða aðstoð Flóttamannaráðs við hópana til að fá menntun sína metna til réttinda hér á landi er ábótavant.

⁷ Svo virðist sem flestir setji mikið traust á fasteignasala um að þeir upplýsi sig um alla þætti, hvernig best sé að gera allt í tengslum við íbúðarkaup.

V. Þátttakendur frá Víetnam

Flóttafólk frá Víetnam kom hingað til lands á tímabilinu 1979 til 1991, í þremur hópum (sjá töflu I.1. í heildarinnngangi bls. 4). Móttökusveitafélag þeirra var Reykjavík. Fólkið sem komi með þessum hópum koma annars vegar frá Suður-Víetnam og hins vegar frá Norður-Víetnam. Þau sem komu hingað 1979 komu frá Suður-Víetnam en hinir tveir hóparnir sem komu 1990 og 1991 frá Norður-Víetnam. Allir höfðu þurft að flýja land sitt vegna átaka, pólitískra skoðana sinna og/eða sviptingar réttinda sinna. Hingað komu alls 94 flóttamenn, af þeim voru 34 frá Suður- og 60 frá Norður-Víetnam. Enn í dag eru 73 búsettir hér, en hópurinn hefur þó stækkað þar sem börn hafa fæðst. Auk þess hafa fjölskyldumeðlimir komið hingað í tengslum við flóttamenn sem fyrir eru.



Fyrir þennan hluta af rannsókn voru valdar fimm fjölskyldur sem komu hingað frá Víetnam úr þessum þremur hópum. Mjög erfitt reyndist að virkja þennan hóp til þátttöku í rannsókninni hvort sem um þátttöku í viðtölum eða í að svara spurningarlistum. Svo virðist sem að þessir hópar hafi verið mikið notaðir í ýmiskonar rannsóknir háskólafélks þannig að þau voru búin að fá nóg⁸. Það tók þó nokkurn tíma að sannfæra viðmælendur um að það skipti máli að taka þátt í þessari rannsókn. Öll viðtölin við þennan hóp voru einstaklingsviðtöl, eitt var tekið á heimili, tvö voru tekin á Félagsvísindastofnun og tvö í síma.

Viðmælendur voru á aldursbilinu þrítugt upp í fimmtugt og flestir voru karlkyns. Öll höfðu þau komið hingað sem flóttamenn, en höfðu verið á mismunandi aldri þegar þau komu hingað. Hóparnir komu frá flóttamannabúðum annars vegar í Malasíu (1979) og hins vegar frá Hong Kong (1990, 1991). Ekki var þörf á túlkum í þessi viðtöl þar sem þau sem þau sem rætt var við töluðu góða íslensku. Sumir af viðmælendum höfðu komið hingað sem börn/unglingar á meðan aðrir höfðu komið eftir að fullorðins aldri var náð.

⁸ Ágangur rannsóknarfólks var það mikið að RKÍ þurfti að gefa út yfirlýsingum þess efnis að þessir hópar væru ekki til frekari rannsókna.

1. Líf flóttamanna fyrir komu hingað

Sjálfsmynd íbúa Víetnam hefur verið mótuð af miklum pólitískum átökum á tuttugustu öldinni. Við upphaf tuttugustu aldar var Víetnam undir nýlendustjórn Frakka, en í síðari heimstyrjöldinni hertóku Japanir landið og yfirtóku öll völd. Við lok síðari heimstyrjaldarinnar hófust langvarandi átök sem lauk ekki að fullu fyrr en í lok aldarinnar (Heims Sögu Atlas, 1996). Þessi átök leiddu til mikilla fólksflutninga frá Víetnam. Fyrst frá Suður-Víetnam og síðar meir frá Norður-Víetnam. Það fólk sem flúið hafði frá Suður-Víetnam flúði í kjölfar yfirtöku Norður-Víetnams á landinu og það leitaði hælis í flóttamannabúðum í Malasíu. Sá hópur samanstóð af fólki sem voru suður-víetnamar og fólk af kínverskum uppruna⁹. Viðmælendur höfðu verið í flóttamannabúðum í fimm mánuði eða svo áður en það fékk landvistarleyfi á Íslandi. Viðmælendur voru á mismunandi aldri þegar þau komu hingað, þannig að sumir af þeim höfðu verið börn þegar þau flúðu landið en aðrir orðnir fullorðnir. Einn viðmælandi hafði verið í háskóla fyrir fall Suður-Víetnam en gat ekki haldið áfram í námi þar sem viðkomandi var ekki tilbúinn að aðhyllast hugmyndafræði ríkjandi stjórnar.

Árið 1987 er landamærum Norður-Víetnam lokað og eina leiðin til að komast burt frá landinu er að fara í báta og reyna að sigla til Hong Kong sem var Bresk nýlenda á þeim tíma. Ekki fengu allir sem komu með bátum stöðu flóttamanna og gátu þar af leiðandi ekki sótt um að fara til annars lands. Stundum fengu systkini ekki sömu skilgreiningu þar sem eitt gat verið flokkað sem flóttamaður en hitt sem bátafólk.

Viðmælendur sem komu í seinni tveimur hópunum hingað til lands var allt fólk frá Norður-Víetnam. Þau komu hingað frá flóttamannabúðum í Hong Kong, en höfðu þangað komið á bátum. Margir af þeim sem komu í hópnum 1990 voru skyldir innbyrðis. Flestir af þeim sem flúðu Norður-Víetnamar voru einstaklingar eða fjölskyldur einstaklinga sem höfðu veitt pólitískri hugmyndafræði og framkvæmd mótspyrnu og voru þar af leiðandi ekki hultir í sínu landi.

Allir viðmælendur höfðu flust mikið á milli svæða í Norður-Víetnam áður en þau flúðu til Hong Kong. Fólk flutti úr borgum út í sveitir til að flýja sprengjuárásir á iðnaðarsvæði sem voru í borgum. En þegar landamærastríð við Kínverja hófst flýði fólk aftur inn í borgirnar. Fólk þurfti því ítrekað að flytja sig um stað og byggja upp nýtt heimili, en þar eru aðstæður öðruvísi en hér á landi eins og einn benti á: „Þetta er allt öðruvísi þarna heldur en hér. Þegar við þurfum að flytja þá urðum við að brjóta húsið og taka með það sem við áttum“. Margir af

⁹ Oft fólk af Kínverskum uppruna sem hafði yfirgefið Kína vegna pólitísk ástands.

viðmælendum muna aðeins eftir stríði, þar sem stríð hefur geisað meira og minna í landinu á lífsleið þeirra.

Viðmælendur höfðu verið ungir þegar þau flúðu til Hong Kong. Oft voru þetta systkini á unglingsaldri sem flúðu saman án foreldra. Þegar fólkið kom til Hong Kong var það sett í flóttamannabúðir sem samanstóðu af afgirtum húsum þar sem 400 manns var gert að búa saman í húsi. Eins og einn bendir á: „Þetta svipaði til fangelsis“. Þar voru þau lokuð inni í fyrstu tvö árin, en í lok ársins 1989 var opnað fyrir þeim þannig að þau máttu yfirgefa búðirnar klukkan sjö að morgni til að sækja vinnu og koma aftur fyrir klukkan sex. Fylgst var með þeim og þau skráð út og inn.

Viðmælendur voru flestir búnir að vera í flóttamannabúðum í allt að þrjú ár áður en þau komu til Íslands. Ættingjar þeirra sem komu á eftir voru oft búnir að vera mun lengur í flóttamannabúðum áður en þeir komu hingað og aðrir ættingjar komu frá Víetnam.

2. Reynsla flóttamanna við að komu hingað til lands

Þeir flóttamenn sem komu hingað höfðu öll flúið landið vegna pólitísks ástands og brota á almennum réttindum þeirra. Þegar hópurnir sem komu hingað árið 1979 var utanáhald utanum þetta fólk allt öðruvísi en á þeim hópum sem komu síðar. Eins og einn viðmælanda benti á: „Í dag er komið gott teymi í kringum slíkar móttökur á flóttamönnum, en þegar við komum var ekkert svoleiðis til staðar“. Þó voru viðmælendur almennt mjög sáttir við þá aðstoð sem þeim stóð til boða í upphafi. Fyrir fólkið sem kom í fyrsta hópnum skipti það ekki máli hvert þau færu svo lengi sem þau hefðu frelsi. Ísland bauð upp á frelsi fyrir þau og þar af leiðandi voru þau mjög þakklát fyrir að fá að koma hingað.

Fólkið sem kom í hópnum 1990 og 1991 hafði verið í þó nokkurn tíma í flóttamannabúðum og sögðu viðmælendur að það hafi ekki skipti máli hvert þau færu „Bara komast í burtu“. Viðmælendur í þessum hópum voru einnig mjög ánægðir með hvernig tekið var á móti þeim. Þó hafi kannski vantað upp á upplýsingargjöf um hverjar reglurnar væru og hvaða kröfur væru á þau: „Jú að læra íslensku, en ekki nógu skýrt“. Mörgum sem komu hingað í þessum hópum var brugðið við að sjá landið. Gróðurfar og menning landsins var mjög frábrugðin því sem þeir áttu að venjast. Þetta reyndist mörgum erfitt fyrstu árin.

Flestir af viðmælendum höfðu búið lengi við óstöðugt ástand í búsetu og atvinnu og var þeim mikið kappsmál að vinna og koma undir sig fótunum eftir komuna hingað. Sumir ræddu um að þau störf sem þau fengu í upphafi eins og að vinna í fiskvinnslu hafa reynst þeim mjög erfið þar sem þau voru ekki vön kuldanum en aðrir voru mjög ánægðir með þau störf sem þau fengu. Viðmælendur höfðu unnið í upphafi við fiskvinnslu, við þrif, verkamanna- og

verksmiðjuvinnu svo dæmi séu tekin. Flestir voru ákveðnir í að vinna mikið til að eignast fé til að kaupa íbúðir og annað sem þau höfðu lengi verið án. Sá hvati að vinna bitnaði þó á íslenskunámi hjá sumum þeirra enda fannst mörgum þeirra mjög erfitt að læra íslensku. Skýringar á erfiðleikum við að læra málið eru margþættar en einn af þáttunum var ólíkur menntunar bakgrunnur þeirra. Sumir sem komu hingað höfðu mjög stutta skólagöngu og voru jafnvel ólæsir á eigið tungumál. Þar af leiðandi gat það verið erfitt að kenna þeim íslensku.

3. Tengslanet flóttamanna

Tengslanet viðmælenda var mjög mismunandi, allt frá því að vera aðallega samansett af nánustu fjölskylda yfir í að vera stór hópur af fólki bæði af erlendum og íslenskum uppruna. Margir af viðmælendum eiga eða hafa átt íslenskan maka og eiga börn með þeim, þannig að tengslanet þeirra er mun víðara en annarra viðmælenda í þessum hluta rannsóknarinnar.

Sumir viðmælenda ræddu um að í dag væru þau með meira samband við aðra Víetnama hér á landi en í upphafi. „Eftir að meira af fólki frá Víetnam hefur komið hingað, hafa samskipti minnkað við Íslendinga. Þegar maður verður eldri, eru samskipti við fólk frá Víetnam sem skipta meira máli en við Íslendinga. Ekki eins og áður þegar maður var yngri þá vildi maður hafa meiri samskipti við Íslendinga“. Í dag eru í kringum 377 manns frá Víetnam hér á landi (Hagstofan, 2005).

Aðrir töluðu um að þeir Íslendingar sem þeir þekktu væru frekar kunningjar en góðir vinir. Viðkomandi hafði átt hér fyrir nokkrum árum stóran hóp af vinnum frá löndum, sem héldu hópinn, hittist reglulega og ræddi um allskonar hluti. Þetta var fólk frá ýmsum löndum eins og Filippseyjum, Indónesíu, Kanada o.s.frv. en í dag hafa þau flest öll flutt til annarra landa í von um betri vinnu, skóla eða til að fá betra líf. Viðmælendi hafði haft í hyggju að flytja héðan fyrir tveimur árum síðan en þá „Vildu börnin ekki flytja úr landi, þar sem þau áttu sér sitt líf“, hér á Íslandi.

4. Íslenskukennsla og nám

Íslenskukennsla hjá fyrsta hópnum var í sex mánuði hálfan daginn. Þá var fólk í íslensku fyrir hádegi og að vinna eftir hádegi. Eftir fyrstu sex mánuðina voru margir farnir að vinna allan daginn og mættu illa í íslenskukennslu og sumir hættu. Í síðari hópnum var íslenskukennsla hálfan daginn í eitt ár og fólk að vinna á mótí. Flestir viðmælenda ræddu um erfiðleika fólks frá Asíu með að læra íslensku. „Margir af okkur hafa aldrei lært svona vestur-evrópskt tungumál áður, en það er mjög erfitt fyrir okkur að læra það og við þurfum mikinn tíma til að læra það“. Auk þess er hluti af vanda þessa hóps við að læra nýtt tungumál, að skólaganga

þeirra var mismikil. Á þeim tíma sem fólkið yfirgaf Víetnam var ekki almenn skólaskylda í landinu. Þannig að þeir sem hingað komu voru með mjög misjafnan bakgrunn til að takast á við íslenskunám.

Viðmælendur ræða um að það hafi ekki verið nógu skýrt að fólk ætti að læra íslensku. Sumum fannst að það hefði átt að leggja fyrir þau próf með reglubundnu millibili til að ákveða hverjir kæmst upp á næsta stig í íslenskunámi. „Með því leggur fólk meira á sig til að ná tökum á málinu. Auk þess fær fólk þá betri skynjun á að íslenska skiptir miklu máli, til að búa hér“. En á sama tíma verður að taka tillit til þess að fólk er með mismunandi námsbakgrunn og þarf kannski ólíka kennslu.

Þau sem komu hingað sem börn voru sett beint í skóla að læra íslensku en fengu engan stuðning við upprunamálið. Mörg þeirra sem komu hingað ung áttu erfitt með að ná tökum á að lesa íslensku fyrr en töluvert seinna en jafnaldrar þeirra. Aðrir foreldrar tala um að þau hafi beðið um aukin stuðning við börn sín í skólanum í íslensku en verið synjað á þeirri forsendu að ef vandræði kæmu upp eða að barnið yrði á eftir í íslensku þá yrði gripið inni. Viðkomandi foreldrum fannst þetta mikið álag á heimilið, þar sem hjálp við heimanám færðist yfir á foreldra sem áttu fullt í fangi með að skilja heimavinnu barna sinna. „Fyrstu árin voru okkur erfið, það tók barnið þrjá tíma að læra með mér þar sem barnið skildi ekki kennslubækurnar“.

5. Túlkaþjónusta

Taka verður tillit til þess að þó að fólk komi frá sama landi geta mállýskur þeirra verið ólíkar. Sem dæmi tala Norður-Víetnamar og Suður-Víetnamar ekki alveg sama málið og þó að þau skilji talað mál hvors annars þá gildir ekki það sama um ritmálið.

Í dag eru aðaltúlkarnir í víetnamísku úr þessum flóttamannahópum. Það er því oft ekki ofsögum sagt að túlkamál hjá þessum hópum geta orðið mjög viðkvæm. Þegar erfið mál koma upp, þar sem traust milli túlks og þess sem túlka á fyrir eru ekki alveg tryggð, hefur verið leitað til túlka frá Norðurlöndunum um aðstoð.

6. Aðstaða flóttamanna í dag

Flestir viðmælenda sjá sig í dag „...sem Íslendinga, þar sem þau séu orðin samofin öllu hér“ og stefna á að vera hér áfram. Viðmælendur voru flestir ánægðir með þau lífsgæði sem þeim standa til boða hér á landi og búa þau öll í eigin húsnæði. Sumir viðmælenda töluðu um að þau höfðu ekki verið alveg örugg með lánastofnanir og kaupsamninga þegar þau voru að fjárfesta í húsnæði, en sett traust sitt á fasteignasalana um að upplýsa sig. „Við vitum að Ísland er frekar öruggt og lítið um svindl að þessu leiti. Þannig að við treystum þeim alveg“.

Allir viðmælendur voru ánægðir með það starf sem þau unnu í dag og margir af þeim höfðu sótt sér menntun hér á landi til að auka möguleika sína á atvinnumarkaði. Þegar á heildina er litið hefur þeim reynst erfitt að fá góð störf sem samsvöruðu menntun þeirra „þar sem þau eru ekki íslensk“, þó að þau séu búin að vera hér á landi í fjórtán ár eða lengur og tali góða íslensku. Nokkrar fjölskyldur sem kom hingað í fyrsta hópnum hafa opnað veitingahús eða stofnað fyrirtækji. Þessi fyrirtæki gefa fjölskyldunum tækifæri til að vinna saman. Starfsvettvangur viðmælenda í dag var sem dæmi: vél og vélgæslustörf, sérfræðistörf, veitinga og þjónustustörf. Þau sem höfðu menntun áður en þau komu hingað áttu erfitt með að fá hana metna.

Þó nokkuð af fólki sem kom hingað sem flóttafólk hefur fengið foreldri og systkini sín hingað til lands. Í slíkum tilvikum þarf viðkomandi flóttamaður að sýna fram á að hann/hún geti staðið fjárhagslega undir þeim sem koma til landsins. Slíkt var gífurleg ábyrgð og álag fyrir viðkomandi einstaklinga.

Margir af þeim sem komu í þessum hópum hafa ekki viljað trana sér fram og hafa viljað „helst af öllu að vera ósýnilegir“. Þetta kemur fram í því að margir af eldri kynslóð flóttamanna eru mjög hægversk og vilja alls ekki taka þátt í einhverju sem vekur á þeim athygli, sem gerir svona rannsókn eins og þessari mjög erfitt fyrir. Flestir viðmælenda hafa orði fyrir einhverjum fordómum hér á landi, eins og einn sagði: „Ég er ekki að kvarta, þetta er svona allstaðar í heiminum“. Þau töldu þó að börn þeirra yrðu fyrir minni fordómum en þau urðu fyrir, þar sem þau tali allt að því fullkomna íslensku.

Samskipti við opinberar stofnanir og þjónustuaðila eins og banka og tryggingafélög hafa gengið nokkuð vel. En viðmælendur tala um að þegar kemur að því að fá fram rétt sinn „þá hefur þau minna traust en áður. Ég held að það sé vegna þess að það eru fleiri útlendingar og meiri umræða um þá“. Fólk sem talar víetnámísku hefur ekki aðgang að upplýsingum í gegnum textavarp eins og fólk sem talar Serbó-Króatísku. Allt upplýsingarstreymi til þeirra á eigin máli er mjög takmarkað. Sumt fólk í þessum hópum á erfitt með að lesa eða getur ekki lesið upprunamál sitt, þar sem engin stuðningur hefur verið við það. Aðrir eiga líka erfitt með að tjá sig, lesa og skrifa á íslensku þar sem þau hafa ekki lokið íslenskunáminu eða það hefur reynst þeim of erfitt. Flestir viðmælenda taka eitthvað þátt í dægurmenningu hér á landi, en „ekki eins og Íslendingar“.

7. Samskipti við upprunaland

Allir viðmælendur höfðu farið aftur til upprunalands til að heimsækja ættingja og sjá breytingar sem höfðu orðið þar eftir að þau fóru. Það reyndist ekki hægt fyrir en að lögum

hafði verið breytt í Víetnam sem heimilaði fólki að koma aftur sem hafði yfirgefið landið. Fyrir þau sem tilheyra yngri kynslóð Víetnama, það er fólk sem yfirgefur landið þegar þau eru börn eða unglingar er tengslin allt önnur en fyrir þá sem eldri eru. Fyrir þá sem yfirgáfu Víetnam sem börn er fínt að fara þangað sem ferðamaður en það sé alls ekki eins og að fara heim þar sem þau líti á sig Íslendinga. Eldri kynslóð hefur meiri tengsl við Víetnam en yngri kynslóðin þar sem þau muna betur eftir lífinu þar og hafa persónuleg tengsl við fólkið.

Í dag eru margir ættingjar látnir og sambandið við upprunaland er minna, þar sem við erum „búin að vera lengi í burtu þannig að í dag eru lítið um að maður hringir eða skrifi bréf“.

8. Tilmæli um þætti sem gætu verið betri

Viðmælendum fannst að það hefði mátt vera meiri fræðsla um íslenskt samfélag fyrir þau þar sem lífið hér er mjög frábrugðið því sem þau áttu að venjast. Betri fræðsla fyrir fólkið áður en það kemur og eftir að það kemur gæti komið í veg fyrir misskilning og árekstra.

Viðmælendur töluðu um að ábótavant væri ýmsar upplýsingar um réttindi fólks á þeirra tungumáli um hluti eins og ráðningamál, íbúðarkaup, lánakerfið, skattakerfi og skilnaðarmál. Upplýsingar um þessi atriði mættu gjarnan vera til á þeirra tungumáli. Auk þess væri engin þjónusta við þau í textavarpi eins og hjá sumum málahópum.

Fólk talaði um að það þyrfti að setja ramma eða fastari skorður um íslenskukennslu fyrir flóttamenn auk þess ætti eflaust að þjálfra eða endurmennta fólkið eða gefa þeim kost á starfsþjálfun til að auka möguleika þeirra á atvinnumarkaði á þessu fyrsta ári.

Ekki hefur verið veittur stuðningur við upprunatungumál hjá þessum hópum. Mörg þeirra eiga í erfiðleikum með að lesa bæði íslensku og víetnömsku. Auk þess sem rætt var um að ungir flóttamenn hefðu tapað niður miklu af upprunamáli sínu. Spurningar er um hvort ekki sé hægt að veita foreldrum stuðning við að kenna börnum málfraeði í upprunamáli með að útbúa kennslu efni. Slíkur stuðningur hefur ekki verið til staðar en námsflokkar hafa boðið upp á kennslu fyrir unga Víetnama.

VI. Samantekt

Hér verða dregnir saman sameiginlegir þættir sem fram komu í stórum hluta viðtala.

Viðmælendur eru allir sammála um að upplýsingastreymi til hópanna væri ábótavant á ýmsum sviðum. Vöntun væri á upplýsingum um rétt þessara hópa í íslensku samfélagi tengda atvinnu og stéttafélögum, skattamálum, almannatryggingum, upplýsingar tengdum íbúðakaupum og lánakerfinu almennt svo dæmi séu tekin. Skortur á slíkum upplýsingum, á þeirra tungumáli, er eitthvað sem kom upp í öllum viðtölum. Þó að oft sé verið að miðla þessum upplýsingum til fólksins samhliða íslenskukennslu á fyrst ári, virðist sem þau meðtaki ekki þessar upplýsingar á þeim tíma. Spurningar vakna um hvort ekki væri nauðsynlegt að útbúa aðgengilega upplýsingapakka fyrir þessa hópa sem hægt væri að nálgast á netinu eða hjá Alþjóðahúsinu.

Í flestum viðtölum var rætt um áhuga á starfsmenntun. Sumir bentu á möguleika á að tengja einhverskonar starfsmenntun við íslenskukennslu á fyrsta ári til að auka tækifæri á atvinnu þegar fram líða stundir og þar með auka lífsgæði. Þar sem stór hluti af flóttafólki er að vinna störf sem ófaglærðir þá væri slíkt mikill kostur og myndi auðvelda þeim að fá störf við sitt hæfi. Æskilegt væri að fara í gegnum einhverskonar þjálfun eða ramma sem myndi auðvelda mat á hæfni þeirra. Auk þess sem mjög margir benda á nauðsyn þess að íslensku kennarar hafi undirstöðu eða þekkingu á þeirra tungumáli til að hjálpa til við útskýringar. Slík kennsla skilar sér betur.

Margir viðmælendur ræddu um löngun til að sameina fjölskyldur sínar hér á landi og áhyggjur yfir að breytingar á lögum um útlendinga myndu koma í veg fyrir slíkt. Mikið var rætt um þetta hjá hópum sem hafa verið hér í skemmri tíma en sjö ár. Flóttafólk sem hefur verið hér lengur ræddi minna um þetta, hugsanlega vegna þess að fjölskyldur þeirra eru þegar komnar hingað.

Viðmælendur úr þeim hópum sem komu hingað frá Kosovo og Króatíu var tíðrætt um þá sorg eða „trauma“ sem þau lifðu með. Þó að andleg aðstoð standi þessu fólki til boða á fyrsta ári, þá er gífurlega mikilvægt að slík aðstoð sé veitt á þeirra tungumáli en ekki í gegnum túlka. Margir ræddu þó um að slíka sorg væri ekki hægt að vinna með á fyrsta ári og að margir séu ekki tilbúnir að ræða um þessa hluti fyrr en mörgum árum eftir viðkomandi lífsreynslu.

Þó að hér séu dregin fram atriði sem betur mega fara, eru allir viðmælendur mjög þakklátir fyrir þá aðstoð sem þeim var veitt hér á landi og eru eingöngu að benda á þætti sem gætu veitt flóttamönnum í framtíðinni stuðning eða hjálpað til við aðlögun þeirra að íslensku samfélagi.

Heimildaskrá

Alþingi (2005). Þingskjal 1567, 130. löggjafarþing [749. mál](#): útlendingar (aðlögunarheimildir stækkunarsamnings ESB og EES o.fl.). *Lög nr. 20 30. apríl 2004*. Sótt 24. maí. <http://www.althingi.is/alttext/130/s/1567.html>

BBC News (2005a). History of a troubled region. Sótt 24. maí. http://news.bbc.co.uk/1/hi/special_report/1998/kosovo/110492.stm.

BBC News (2005b). Timeline: Croatia. Sótt 23. maí. <http://news.bbc.co.uk/1/hi/world/europe/1097156.stm>.

Félagsmálaráðuneyti (2005). Flóttamenn. Sótt 12. apríl. <http://www3.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/malefni-utlendinga/flottamenn/nr/1228/>.

Hagstofa Íslands (2005). Hagtölur. Sótt 23. maí. http://www.hagstofa.is/template_lb_frameset.asp?PageID=311&intPXCatID=188&ifrmsrc=/temp/mannfjoldi/rikisfang.asp.

Heims Sögu Atlas (1996). Reykjavík: Iðunn.

NATO (2005). Nato's role in Kosovo. Sótt 24. maí. <http://www.nato.int/kosovo/history.htm>.

Viðauki 1

Spurningarlisti fyrir unga flóttamenn á aldrinum 13 til 18 ára.

Félagsvísindastofnun



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Könnun á viðhorfum ungra flóttamanna

**Rannsókn á vegum Flóttamannaráðs Íslands
í samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands**

Vinsamlegast lestu spurningarnar vel yfir og svaraðu þeim sjálf(ur) eins og best á við um þig.

Við byrjum á nokkrum spurningum um búsetu þína hér á landi

1. Ert þú fædd(ur) hér á landi?

- ₁ Já → Svaraðu næst spurningu 3.
₂ Nei → Hvaða ár kemur þú sem flóttamaður til Íslands?

Árið _____

2. Í hvaða landi ert þú fædd(ur)?

- ₁ Íslandi
₂ Póllandi
₃ Ungverjalandi
₄ Víetnam
₅ Serbíu-Svartfjallalandi
₆ Króatíu
₇ Bosníu-Herzegóníu
₈ Makedóníu
₉ Slóveníu
₁₀ Kosovo
₁₁ Fyrrum Júgóslavíu
₁₂ Öðru landi, hvaða? _____
-

3. Í hvaða landshluta bjóst þú fyrst eftir að þú fluttir til Íslands eða fæddist?

- ₁ Suðurnesjum
₂ Höfuðborgarsvæðinu
₃ Suðurlandi
₄ Austurlandi
₅ Norðurlandi
₆ Vestfjörðum
₇ Vesturlandi
-

4. Í hvaða landshluta býrð þú núna?

- ₁ Suðurnesjum
 - ₂ Höfuðborgarsvæðinu
 - ₃ Suðurlandi
 - ₄ Austurlandi
 - ₅ Norðurlandi
 - ₆ Vestfjörðum
 - ₇ Vesturlandi
-

5. Hvar á Íslandi myndir þú helst vilja búa?

- ₁ Á sama stað og ég bý nú → **svaraðu næst spurningu 7.**
 - ₂ Annars staðar á landsbyggðinni
 - ₃ Á höfuðborgarsvæðinu
 - ₉ Veit ekki
-

6. Af hverju vilt þú flytja á annan stað? Merktu við allt sem við á.

- _a Vegna meiri fjölbreytni í félagslífi
 - _b Ég vil fara í skóla þar
 - _c Vegna betri atvinumöguleika
 - _d Ég vil búa í námunda við vini og ættingja
 - _e Ég vil búa í stærra samfélagi (sveitarfélagi)
 - _f Ég vil búa nálægt mínum samlöndum
 - _g Annað, hvað? _____
-

7. Hvaðan færð þú upplýsingar um hvað er að gerast á Íslandi? Merktu við allt sem við á.

- _a Á Internetinu
 - _b Í blöðum og tímaritum
 - _c Í útvarpi
 - _d Í sjónvarpi
 - _e Á textavarpinu
 - _f Hjá vinnufélögum/skólafélögum
 - _g Hjá ættingjum og vinum
 - _h Hjá öðrum innflytjendum
 - _i Annars staðar, hvar? _____
 - _j Fylgist ekki með
-

8. Hvaðan færð þú upplýsingar um hvað er að gerast í fyrrum heimalandi þínu/upprunalandi foreldra þinna? Merktu við allt sem við á.

- _a Á Internetinu
 - _b Í blöðum og tímaritum
 - _c Í útvarpi
 - _d Í sjónvarp
 - _e Hjá vinnufélögum
 - _f Frá ættingjum og vinum
 - _g Annars staðar, hvar? _____
 - _h Fylgist ekki með
-

Næst koma nokkrar spurningar um heimaland þitt

9. Hvaða land kallar þú heimaland þitt? Merktu við allt sem við á.

- _a Ísland
 - _b Pólland
 - _c Ungverjaland
 - _d Víetnam
 - _e Serbíu-Svartfjallaland
 - _f Króatía
 - _g Bosníu-Herzegónía
 - _h Makedónía
 - _i Slóvenía
 - _j Kosovo
 - _k Fyrrum Júgóslavía
 - _l Annað land, hvaða? _____
-

10. Í hvaða landi ert þú með ríkisborgararétt? Merktu við allt sem við á.

- _a Íslandi
 - _b Póllandi
 - _c Ungverjalandi
 - _d Víetnam
 - _e Serbíu-Svartfjallalandi
 - _f Króatíu
 - _g Bosníu-Herzegóníu
 - _h Makedóníu
 - _i Slóveníu
 - _j Kosovo
 - _k Fyrrum Júgóslavíu
 - _l Öðru landi, hvaða? _____
-
-

11. Hvaða ár yfirgefur þú upprunaland/heimaland þitt og ferð á flóttu?

Árið _____

- ₁ Er fædd á Íslandi → svaraðu næst spurningu 15.
₉ Veit ekki

12. Varst þú í flóttamannabúðum?

- ₁ Já
₂ Nei → svaraðu næst spurningu 15.
₉ Veit ekki

13. Hvar varst þú í flóttamannabúðum?

- _____
- ₉ Veit ekki

14. Hversu lengi varst þú í flóttamannabúðum eða á hrakningum?

- _____
- ₉ Veit ekki

Næst koma nokkrar spurningar sem tengjast lífsgæðum

15. Hversu mikilvæg eru eftirfarandi atriði í lífi þínu? Eru þau mjög mikilvæg, frekar mikilvæg, ekki mikilvæg eða alls ekki mikilvæg? *Merktu við fyrir hvert atriði sem best lýsir afstöðu þinni.*

	Mjög mikilv.	Frekar mikilv.	Ekki mikilvæg	Alls ekki mikilv.	Veit ekki
A) Skólinn/Vinnan	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄	<input type="checkbox"/> ₉
B) Fjölskyldan	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄	<input type="checkbox"/> ₉
C) Vinir og kunningjar	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄	<input type="checkbox"/> ₉
D) Frístundir	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄	<input type="checkbox"/> ₉
E) Stjórn mála	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄	<input type="checkbox"/> ₉
F) Trú	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄	<input type="checkbox"/> ₉
G) Sjálfbæðastarf	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄	<input type="checkbox"/> ₉

16. Ef á allt er litið, telur þú að þú sért:

- ₁ Mjög hamingjusamur(söm)
 - ₂ Nokkuð hamingjusamur(söm)
 - ₃ Ekki mjög hamingjusamur(söm)
 - ₄ Alls ekki hamingjusamur(söm)
 - ₉ Veit ekki
-

17. Hversu ánægð(ur) ert þú með lífið þessa dagana þegar á heildina er litið?

Notaðu mælistikuna frá 1-10 til aðstoðar við svar þitt. Þar sem 1 þýðir að þú ert mjög óánægð(ur) og 10 að þú ert mjög ánægð(ur).

Óánægð(ur)

- ₁
- ₂
- ₃
- ₄
- ₅
- ₆
- ₇
- ₈
- ₉
- ₁₀

Ánægð(ur)

₉₉ Veit ekki

18. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með lífskjör þín, almennt séð?

Notaðu mælistiku frá 1-10 til aðstoðar við svar þitt. Þar sem 1 þýðir að þú ert mjög óánægð(ur) og 10 að þú ert mjög ánægð(ur).

Óánægð(ur)

- ₁
- ₂
- ₃
- ₄
- ₅
- ₆
- ₇
- ₈
- ₉
- ₁₀

Ánægð(ur)

₉₉ Veit ekki

19. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú nú með heimilislíf þitt þegar á allt er litið?

Notaðu mælistiku frá 1-10 til aðstoðar við svar þitt. Þar sem 1 þýðir að þú ert mjög óánægð(ur) og 10 að þú ert mjög ánægð(ur).

Óánægð(ur)

- ₁
- ₂
- ₃
- ₄
- ₅
- ₆
- ₇
- ₈
- ₉
- ₁₀

Ánægð(ur)

₉₉ Veit ekki

20. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fjárhagslega afkomu heimilis þíns?

Notaðu mælistiku frá 1-10 til aðstoðar við svar þitt. Þar sem 1 þýðir að þú ert mjög óánægð(ur) og 10 að þú ert mjög ánægð(ur).

Óánægð(ur)

- ₁
- ₂
- ₃
- ₄
- ₅
- ₆
- ₇
- ₈
- ₉
- ₁₀

Ánægð(ur)

₉₉ Veit ekki

21. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með húsnæðisaðstæður þínar?

Notaðu mælistiku frá 1-10 til aðstoðar við svar þitt. Þar sem 1 þýðir að þú ert mjög óánægð(ur) og 10 að þú ert mjög ánægð(ur).

Óánægð(ur)

Ánægð(ur)

₁ ₂ ₃ ₄ ₅ ₆ ₇ ₈ ₉ ₁₀

₉₉ Veit ekki

22. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með menntakerfið á Íslandi?

Notaðu mælistiku frá 1-10 til aðstoðar við svar þitt. Þar sem 1 þýðir að þú ert mjög óánægð(ur) og 10 að þú ert mjög ánægð(ur).

Óánægð(ur)

Ánægð(ur)

₁ ₂ ₃ ₄ ₅ ₆ ₇ ₈ ₉ ₁₀

₉₉ Veit ekki

Næst koma nokkrar spurningar um þátttöku þína í félagsstarfi

23. Eru til samtök/félag samlanda þinna hér á landi?

₁ Já

₂ Nei → Svaraðu næst spurning 25.

₉ Veit ekki

24. Tekur þú þátt í starfi þessara samtaka eða félags samlanda þinna hér á landi?

₁ Já

₂ Nei

25. Ert þú skráð(ur) í trúfélag á Íslandi?

- ₁ Nei, ég er ekki skráð(ur) í trúfélag → **svara næst spurningu 28.**
- ₂ Já → **Hvaða trúfélag?**
- ₁ Þjóðkirkjuna (National Church of Iceland)
- ₂ Kaþólsku kirkjuna (Roman Catholic Church)
- ₃ Félag Múslima á Íslandi (The Moslem Association of Iceland)
- ₄ Búddistafélag Íslands (The Icelandic Buddhist Movement)
- ₅ Serbnesku Rétttrúnaðarkirkjuna ("Fæðing Heilagrar Guðsmóður")
- ₆ Rússnesku rétttrúnaðarkirkjuna (The Russian Orthodox Church in Iceland)
- ₇ Hvítasunnusöfnuðinn (Pentecostal Assembly)
- ₈ Annað trúfélag, hvað? _____
- ₉ Veit ekki
-

26. Getur þú sótt trúarsamkomur í þínu trúfélagi þar sem þú býrð?

- ₁ Já
- ₂ Nei
-

Næst koma nokkrar spurningar um tungumála kunnáttu og málakennslu

28. Hvert er móðurmál þitt? _____

29. Getur þú tjáð þig á fleiri tungumál en móðurmáli þínu? Hér er átt við hvort þú getir bjargað þér, haldið upp samræðum á öðru tungumáli en móðurmáli þínu.

- ₁ Nei
- ₂ Já → **Hvaða tungumál er(u) það?**
- ₁ _____
- ₂ _____
- ₃ _____
- ₄ _____
-

30. Hversu góðan eða slæman skilning telur þú þig hafa á íslensku?

- ₁ Mjög góðan
- ₂ Frekar góðan
- ₃ Hvorki góðan né slæman
- ₄ Frekar slæman
- ₅ Mjög slæman/nánast engan
-

31. Hversu vel eða illa telur þú þig geta tjáð þig á íslensku?

- ₁ Mjög vel
 - ₂ Frekar vel
 - ₃ Hvorki vel né illa
 - ₄ Frekar slæman
 - ₅ Mjög illa/nánast ekkert → svaraðu næst spurningu 33.
-

32. Hversu auðvelt eða erfitt fannst þér að læra þá íslensku sem þú kannt?

- ₁ Mjög auðvelt → svaraðu næst spurningu 34.
 - ₂ Frekar auðvelt → svaraðu næst spurningu 34.
 - ₃ Hvorki auðvelt né erfitt → svaraðu næst spurningu 34.
 - ₄ Frekar erfitt
 - ₅ Mjög erfitt
-

33. Hvers vegna telur þú að það hafi verið frekar eða mjög erfitt fyrir þig að læra

íslensku? Veldu þrjú mikilvægustu atriðin og raðaðu þeim eftir mikilvægi. Merktu 1 við það sem þú telur hafa ráðið mestu um að þér hafi reynst erfitt að læra íslensku, 2 við það atriði sem réði næst mestu og 3 við það atriði sem komi þar á eftir.

**Raðaðu í forgangsröð frá 1-3
þar sem 1 ræður mestu**

- A. Umgengst lítið Íslendinga _____
 - B. Heyri íslensku sjaldan talaða _____
 - C. Íslenskan er mjög ólík mínu móðurmáli _____
 - D. Skortur á framboði á íslenskunámskeiðum _____
 - E. Íslenskunámskeiðin henta mér ekki _____
 - F. Get oft ekki mætt á íslenskunámskeiðin vegna vinnu, fjölskyldu _____
 - G. Íslenskunámskeiðin kosta of mikið _____
 - H. Mig vantar kennslubækur _____
 - I. Mig vantar orðabækur _____
 - J. Annað, hvað? _____
-

34. Hvaða tungumál talar þú oftast heima hjá þér?

_____ Tungumál

Næst koma nokkrar spurningar sem tengjast þjónustu

35. Hefur þú einhvern tíma notfært þér þjónustu túlks eftir fyrsta árið hér á landi?

- ₁ Já → Hversu oft? _____
₂ Nei
-

36. Hefur þú kynnt þér í hvaða tilvikum þú átt rétt á aðstoð túlks hér á Íslandi, þér að kostnaðarlausu?

- ₁ Já
₂ Nei
₃ Nei, vissi ekki að ég hafði rétt á aðstoð túlks
-

37. Telur þú þig hafa þörf á aðstoð túlks við ákveðnar aðstæður?

- ₁ Nei
₂ Já → Þá hvaða aðstæður? _____
-

38. Hversu vel eða illa treystir þú því að túlkur haldi trúnað yfir þeim upplýsingum sem koma fram í samtölum sem eru túlkuð fyrir þig?

- ₁ Mjög vel
₂ Frekar vel
₃ Hvorki vel né illa
₄ Frekar illa
₅ Mjög illa
₆ Hef aldrei fengið túlk
-

39. Þegar á heildina er litið, hvernig myndir þú lýsa heilsufari þínu þessa dagana?

Telur þú að það sé:

- ₁ Mjög gott
₂ Gott
₃ Þökkalegt
₄ Slæmt
₅ Mjög slæmt
₉ Veit ekki
-

Spurningar sem tengjast menntun

40. Ert þú í námi?

- ₁ Já
₂ Nei → Svaraðu næst spurningu 47.

41. Vinnur þú með námi?

₁ Nei

₂ Já

→ Hvað vinnur þú venjulega margar stundir á viku _____ klst. á viku

42. Ert þú í grunnskóla?

₁ Já

₂ Nei → Svaraðu næst spurningu 44.

43. Ert þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með grunnskólann sem þú ert í?

₁ Mjög ánægð(ur)

₂ Frekar ánægð(ur)

₃ Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)

₄ Frekar óánægð(ur)

₅ Mjög óánægð(ur)

₉ Veit ekki

44. Ert þú í framhaldsskóla?

₁ Nei

→ Svaraðu næst spurningu 47.

₂ Já

45. Á hvaða námsbraut ert þú? _____

46. Ert þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með framhaldsskólann sem þú ert í?

₁ Mjög ánægð(ur)

₂ Frekar ánægð(ur)

₃ Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)

₄ Frekar óánægð(ur)

₅ Mjög óánægð(ur)

₉ Veit ekki

47. Hvaða menntun hefur móðir þín/uppeldismóðir þín?

- ₁ Skyldunám, grunnskóla-, gagnfræða-, eða landspróf
- ₂ Starfsnám, s.s. sjúkraliða-, póst-, ritara-, lögreglu-, fiskvinnslu-, hússtjórnarnám eða annað stutt starfsnám
- ₃ Verklegt framhaldsnám/iðnmenntun, s.s. sveins-, meistara-, vélstjóra-, stýrimannapróf eða tækniteiknun
- ₄ Bóklegt framhaldsnám, s.s. verslunarpróf, samvinnuskólapróf eða stúdentspróf (ekki á háskólastigi)
- ₅ Próf á eða við háskólastig 3 ára háskólanám eða lengra: BA, BEd, BS, kandidatsnám, MA, MS, doktorsnám, myndlistarnám, iðnfræði eða kerfisfræði
- ₆ Annað nám, hvaða? _____

48. Hvaða menntun hefur faðir þinn/uppeldisfaðir þinn?

- ₁ Skyldunám, grunnskóla-, gagnfræða-, eða landspróf
- ₂ Starfsnám, s.s. sjúkraliða-, póst-, ritara-, lögreglu-, fiskvinnslu-, hússtjórnarnám eða annað stutt starfsnám
- ₃ Verklegt framhaldsnám/iðnmenntun, s.s. sveins-, meistara-, vélstjóra-, stýrimannapróf eða tækniteiknun
- ₄ Bóklegt framhaldsnám, s.s. verslunarpróf, samvinnuskólapróf eða stúdentspróf (ekki á háskólastigi)
- ₅ Próf á eða við háskólastig 3 ára háskólanám eða lengra: BA, BEd, BS, kandidatsnám, MA, MS, doktorsnám, myndlistarnám, iðnfræði eða kerfisfræði
- ₆ Annað nám, hvaða? _____

49. Vinsamlega merktu við hvort þú ert sammála eða ósammála eftirfarandi

staðhæfingum um móður þína eða uppeldismóður: Ef þú ert ekki í skóla í dag, miðaðu þá svarið við síðast þegar þú varst í skóla.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
A) Hún fylgist vel með hvernig mér gengur í skóla	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄
B) Hún skiptir sér lítið af því hvort ég læri heima	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄
C) Hún fylgist vel með því hvort ég mæti í tíma	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄
D) Henni finnst skipta miklu máli að ég ljúki einhverju námi	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄
E) Hún spyr mig oft um hvað ég geri í skólanum fyrir utan kennslustundir	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄
F) Hún hvetur mig til að standa mig vel í námi	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄

Mjög Frekar Frekar Mjög
sammála sammála sammála ósammála

- G) Ég myndi vilja fá meiri stuðning frá henni við námið ₁ ₂ ₃ ₄
- H) Hún sýnir því áhuga hvað ég er að læra í skólanum ₁ ₂ ₃ ₄
- I) Hún aðstoðar mig við heimanámið ₁ ₂ ₃ ₄

50. Hvert af eftirtöldu á best við um afstöðu móður/uppeldismóður þinnar til námsins sem þú ert í? Ef þú ert ekki í skóla í dag, miðaðu þá svarið við síðast þegar þú varst í skóla.

- ₁ Hún lagði áherslu á að ég færi í þetta nám sem ég er í núna
- ₂ Hún lagði áherslu á að ég færi í annað nám en ég er í
- ₃ Hún lagði áherslu á að ég færi í eitthvað nám
- ₄ Hún hafði ekki skoðun á því hvort ég færi í nám

51. Vinsamlega merktu við hvort þú ert sammála eða ósammála eftirfarandi staðhæfingum um föður þinn eða uppeldisföður. Ef þú ert ekki í skóla í dag, miðaðu þá svarið við síðast þegar þú varst í skóla.

Mjög Frekar Frekar Mjög
sammála sammála sammála ósammála

- A) Hann fylgist vel með hvernig mér gengur í skóla ₁ ₂ ₃ ₄
- B) Hann skiptir sér lítið af því hvort ég læri heima ₁ ₂ ₃ ₄
- C) Hann fylgist vel með því hvort ég mæti í tíma ₁ ₂ ₃ ₄
- D) Honum finnst skipta miklu máli að ég ljúki einhverju námi ₁ ₂ ₃ ₄
- E) Hann spyr mig oft um hvað ég geri í skólanum fyrir utan kennslustundir ₁ ₂ ₃ ₄
- F) Hann hvetur mig til að standa mig vel í námi ₁ ₂ ₃ ₄
- G) Ég myndi vilja fá meiri stuðning frá honum við námið ₁ ₂ ₃ ₄
- H) Hann sýnir því áhuga hvað ég er að læra í skólanum ₁ ₂ ₃ ₄
- I) Hann aðstoðar mig við heimanámið ₁ ₂ ₃ ₄

52. Hvert af eftirtöldu á best við um afstöðu föður/uppeldisföður þíns til námsins sem þú ert í?

- ₁ Hann lagði áherslu á að ég færi í þetta nám sem ég er í núna
₂ Hann lagði áherslu á að ég færi í annað nám en ég er í
₃ Hann lagði áherslu á að ég færi í eitthvað nám
₄ Hann hafði ekki skoðun á því hvort ég færi í nám

53. Hvernig eiga eftirfarandi staðhæfingar við um foreldra þína eða forráðamenn?

Ef þú býrð ekki hjá báðum foreldrum miðaðu þá svör þín við það foreldri sem þú býrð hjá.

Foreldrar mínir...	Nær			Nær	
	alltaf	Oft	Stundum	Sjaldan	aldrei
A) vita hvar ég er um helgar	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄	<input type="checkbox"/> ₅
B) vita með hverjum ég er	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄	<input type="checkbox"/> ₅
C) þekkja vini/vinkonu(r) mína(r)	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄	<input type="checkbox"/> ₅
D) skilja mig vel	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄	<input type="checkbox"/> ₅

54. Eftirfarandi eru spurningar um námið sem þú varst í síðasta vetur eða síðast þegar þú varst í skóla. Vinsamlega merktu við hvort þú ert mjög sammála, frekar sammála, frekar ósammála eða mjög ósammála þeim.

Síðast þegar ég var í skóla....	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög sammála
A) sinni ég heimanáminu yfirleitt vel	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₄	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄
B) mætti ég yfirleitt vel í kennslustundir	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄
C) vildi ég óska að ég hefði sinnt heimanáminu betur	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄
D) talaði umsjónarkennari minn eða annar starfsmaður við mig út af slæmri mætingu	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄
E) skilaði ég verkefnum yfirleitt á réttum tíma	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄
